

Samruni Rapyd og Valitors

Efnisyfirlit

I.	Samantekt	2
II.	Samruninn	4
III.	Ferill máls og málsmeðferð	6
IV.	Niðurstaða	16
1.	Skilgreining markaða	16
2.	Markaðir málsins.....	18
2.1.	Þjónustumarkaðir	18
2.2.	Landfræðilegir markaðir	29
2.3.	Samandregin niðurstaða um markaði málsins	34
3.	Staða fyrirtækja á helstu mörkuðum málsins	35
3.1.	Hlutdeild á helstu mörkuðum málsins.....	35
3.2.	Staða á öðrum mögulegum aðgreindum mörkuðum málsins	38
3.3.	Fjárhagslegur styrkleiki þjónustuveitenda á markaði málsins	38
4.	Mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans án íhlutunar.....	40
4.1.	Afgerandi markaðsráðandi staða myndast	40
4.2.	Samkeppnisnánd o.fl.....	41
4.3.	Áhrif aðgangshindrana	42
V.	Sátt um mótaðgerðir til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans	43
5.	Sala færsluhirðingarsamninga og tengd skilyrði	44
6.	Hæfisviðmið og val á kaupanda færsluhirðingarsamninga	46
7.	Áhrif þjónustusamnings milli samrunaaðila og kaupanda á úrlausn málsins	47
7.1.	Mismunandi viðskiptalíkön í færsluhirðingu	48
7.2.	Áhrif þjónustusamningsins á markaði máls	50
8.	Skilyrði er lúta að afmörkun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.....	51
8.1.	Helstu ákvæði er lúta að fyrirkomulagi á afhendingartímabili	51
8.2.	Helstu ákvæði er lúta að fyrirkomulagi á þjónustusamningstímabilinu	52
9.	Óháður kunnáttumaður	53
10.	Fyrirvarar og niðurstaða um hæfi kaupanda.....	54
VI.	Ákvörðunarorð	56



I. Samantekt

1. Með ákvörðun þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á kaupum Rapyd Financial Network (2016) Ltd. („Rapyd“) á Valitor hf. („Valitor“). Dótturfélag Rapyd er Rapyd Europe hf., sem áður hét Korta hf., en félagið stundar greiðsluþjónustustarfsemi m.a. hér á landi, líkt og Valitor. Fyrir liggur að Rapyd hyggst sameina rekstur Valitors og Rapyd Europe hf.
2. Rannsókninni hefur lokið með sátt þar sem Rapyd skuldbindur sig gagnvart Samkeppniseftirlitinu til að grípa til aðgerða sem ætlað er að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Samhliða hefur Kvika banki hf. („Kvika“) gert sátt við Samkeppniseftirlitið, en sú sátt lýtur að framkvæmd skilyrða sem Rapyd undirgekkst með fyrrgreindri sátt sinni við eftirlitið. Var sáttin við Kviku frágengin þann 21. maí 2022, en sáttin skapar forsendur fyrir framkvæmd á fyrrnefndri sátt við Rapyd.
3. Með fyrirliggjandi sátt við Samkeppniseftirlitið skuldbindur Rapyd sig til þess að selja frá sér fjölbreytt safn færsluhirðingarsamninga til hæfs kaupanda sem samsvarar hærri markaðshlutdeild á meginmarkaði málsins en markaðshlutdeild Rapyd Europe hf. var á árinu 2021. Á meðan á meðferð málsins stóð hófu samrunaaðilar söluferli sem miðaði að þessu og gerðu samning við Kviku um kaup á viðkomandi samningum.
4. Í þessu felst að Rapyd hefur skuldbundið sig til að koma í veg fyrir þá samþjöppun sem af samrunanum hefði leitt. Skapar salan jafnframt aðstæður fyrir nýjan aðila, sem þegar veitir greiðsluþjónustu undir vörumerkjum Netgíró og Aur, til að hasla sér völl á færsluhirðingarmarkaði og keppa um viðskipti við söluaðila.
5. Samruninn hefur fyrst og fremst áhrif á mörkuðum fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum, þ.e. vegna viðskipta á sölustað á Íslandi (óháð uppgjörsmýnt) og vegna netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum. Í ákvörðun þessari er einnig fjallað um þýðingu samrunans á ýmsum tengdum mörkuðum þar sem samrunaaðilar starfa.
6. Ef samruninn hefði gengið eftir án íhlutunar hefði hann leitt til mikillar samþjöppunar. Hefði markaðshlutdeild sameinaðs fyrirtækis verið á bilinu [70-75]% fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum. Við mat á markaðshlutdeild í þessu sambandi tók Samkeppniseftirlitið tillit til áhrifa þess að nokkrir veigamiklir söluaðilar gerðu samninga um að færa þjónustukaup sín ýmist til Valitors eða Rapyd á síðari hluta ársins 2021. Þetta hafði veruleg áhrif á mat á hlutdeild Valitors og einnig jókst hlutdeild Rapyd við þetta.
7. Samruninn hefði því leitt til afgerandi markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags eða e.a. styrkingar á mögulegri markaðsráðandi stöðu Valitors. Þess utan bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins til þess að samrunaaðilar séu nánir keppinautar á markaði, auk þess sem til staðar eru talsverðar aðgangshindranir. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefði samruninn verið til þess fallinn að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga.
8. Við meðferð málsins brugðust samrunaaðilar við frummati Samkeppniseftirlitsins á áhrifum samrunans með því að óska eftir viðræðum um sátt, en samkeppnislög gera ráð fyrir því að unnt sé að ljúka rannsókn með sátt, sbr. 17. gr. f samkeppnislaga. Undir meðferð málsins hafa samrunaaðilar því sett fram tillögur að mótaðgerðum og Samkeppniseftirlitið tekið afstöðu til þeirra, m.a. með því að markaðsprófa tillögurnar. Gerði Samkeppniseftirlitið nokkrar athugasemdir við tillögurnar og kallaði eftir nauðsynlegum breytingum á þeim, auk þess sem eftirlitið taldi nauðsynlegt að gera tengda sátt við Kviku um tiltekin atriði.



9. Í sáttinni við Rapyd er að finna ítarleg skilyrði sem tryggja eiga að það safn samninga sem selt er sé fjölbreytt, m.a. hvað stærðar- og atvinnugreinadreifingu söluaðila varðar. Um leið er skilyrðunum ætlað að koma í veg fyrir óhagræði fyrir viðskiptavini í færsluhirðingu (söluaðila), en eðli máls samkvæmt verður ekki gengið á rétt þeirra til að velja sér þjónustuaðila í færsluhirðingu, að teknu tilliti til gildandi samninga.
10. Í tengslum við kaupin á færsluhirðingarsamningunum hefur Kvika fallist á að hlíta tilteknum skilyrðum með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið. Lýtur sú sátt að framkvæmd skilyrða sem Rapyd undirgekkst með fyrrgreindri sátt sinni við eftirlitið.
11. Sameinað fyrirtæki mun tímabundið veita Kviku þjónustu, einkum á sviði tæknilegrar framkvæmdar og uppgjörs gagnvart alþjóðlegu kortafélögunum. Jafnframt felst í þessari þjónustu að Kvika getur starfað tímabundið á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila frá alþjóðlegu kortakerfunum. Stuðlar þetta að því að yfirfærsla viðskiptasambandanna og þjónusta Kviku við söluaðila í framhaldinu gangi hnökralaust fyrir sig á umskiptatímabili. Með sáttinni við Samkeppniseftirlitið hefur Kvika skuldbundið sig til þess að færa framangreind þjónustukaup sín fyrir tiltekin tímamörk frá samrunaaðilum til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum. Er þetta mikilvægur liður í því að tryggja varanlegt samkeppnislegt sjálfstæði Kviku frá sameinuðu félagi.
12. Í tengslum við hina tímabundnu þjónustu sem samrunaaðilar veita Kviku, hafa þeir skuldbundið sig til að koma á tilteknum aðskilnaði og verkefnaaðgreiningu innan sameinaðs félags í því skyni að vinna gegn því að þeir geti nýtt sér viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um starfsemi Kviku sér til framdráttar. Þá er samrunaaðilum óheimilt að kaupa aftur hina seldu samninga í 10 ár og óheimilt að keppa um viðskipti við söluaðila í hinum seldu samningum í tiltekinn tíma eftir að tímabundnum þjónustukaupum Kviku af þeim lýkur.
13. Framkvæmd samrunans er háð því að tilteknir fyrirvarar séu uppfylltir. Við birtingu ákvörðunar þessarar liggur fyrir að þessir fyrirvarar geti talist uppfylltir eins og nánar er vikið að í umfjöllun undir lok ákvörðunarinnar.
14. Við meðferð samrunans hefur Samkeppniseftirlitið aflað ítarlegra gagna og sjónarmiða frá samrunaaðilum, fyrirtækjum sem starfa á viðkomandi mörkuðum og stjórnvöldum á þessu sviði. Meðal annars var Seðlabankanum haldið upplýstum um feril málsins og veitt færi á að koma að sjónarmiðum.



II. Samruninn

15. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.
16. Kaup Rapyd Financial Network (2016) Ltd. á öllu hlutafé í Valitor hf. af Arion banka fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, auk þess sem veltuskilyrði eru uppfyllt. Kaupsamningur vegna kaupanna var undirritaður þann 1. júlí 2021, m.a. með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir samrunanum.
17. Samrunaaðilar starfa að miklu leyti á sömu mörkuðum og því er hér um að ræða láréttan samruna í skilningi c-liðar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Samrunaaðilar og markmið með samrunanum

18. Samkvæmt samrunaskrá er Rapyd alþjóðlegt fjártækniyrirtæki sem sérhæfir sig í að auðvelda söluaðilum aðgengi að mörkuðum víðs vegar um heim. Þjónustunni sem Rapyd býður upp á sé ætlað að gera greiðsluþjónustu aðgengilegri og einfaldari fyrir söluaðila með nýrri tækni og fjölbreyttu vöruúrvali sem sniðið sé að hverjum söluaðila fyrir sig. Þá veiti Rapyd aðgang að margvíslegum greiðslugáttum fyrir vefverslanir, greiðslutengingum og greiðslulausnum í farsímum, jafnt fyrir greiðslur með greiðslukortum og B2B greiðslur. Fyrir utan eignarhald á Rapyd Europe hf. (áður Korta hf.) eigi Rapyd eignarhluti í rafeyrisfyrirtækinu CashDash UK Ltd. og greiðslustofnuninni Rapyd Holdings Pte Ltd.
19. Samkvæmt samrunaskrá er Rapyd Europe, dótturfélag Rapyd, greiðsluþjónustufyrirtæki sem þjónustar söluaðila á Íslandi og annars staðar í Evrópu. Þjónustan felist í (i) færsluhirðingu vegna greiðslna á sölustað og á netinu og (ii) í greiðslulausnum fyrir vefsíður, m.a. greiðslugáttum, greiðslusíðum, greiðslutenglum og vefposum. Samkvæmt samrunaskrá er Rapyd Europe hf. í 99,99% eigu Rapyd Financial Network (2016) Ltd. og 0,01% eigu Rapyd HZDL Ltd.¹
20. Þá segir í samrunaskrá að Valitor sé alþjóðlegt greiðsluþjónustufyrirtæki sem hefur það að meginmarkmiði að auðvelda kaup og sölu á vöru og þjónustu. Félagið hafi nýtt heimild í lögum um greiðsluþjónustu til að veita greiðsluþjónustu á Íslandi, í öðrum ríkjum EES og í Bretlandi. Þjónustan sem félagið veiti felist í (i) færsluhirðingu vegna greiðslna á sölustað og á netinu, (ii) greiðslulausnum sem gera móttöku greiðslukorta mögulega í verslun og á netinu, (iii) kortaútgáfu og (iv) kortalánum. Fram kemur að Valitor sé í 99,83% eigu Arion banka. Innlend dótturfélög í eigu Valitors séu Vildarkerfi ehf., Protegion ehf. og Valitor Int ehf. Þá eigi Valitor 61,93% hlutafjár í Valitor Ltd. og allt hlutafé í Iteron Holding Ltd. Iteron Holding eigi aftur allt hlutafé í Valitor International Ltd. og 38,07% hlutafjár í Valitor Ltd.
21. Í samrunaskrá kemur fram að yfirlýst markmið samstæðu Rapyd sé að styrkja rekstur sinn héraðs þannig að Ísland verði miðstöð greiðsluþjónustu fyrirtækisins í Evrópu, ásamt því að efla tæknilausnir og bæta greiðsluþjónustu til söluaðila.
22. Markmið samrunans, samkvæmt samrunaskrá, er að efla rekstur Rapyd samstæðunnar þannig að félagið verði betur í stakk búið til að standa af sér breytingar á markaði vegna tækniþróunar

¹ Einnig kemur fram að Rapyd Europe eigi allt hlutafé í Korta Payments ehf. með aðsetur í Reykjavík, KORTA PF Services s.r.o. með aðsetur í Tékklandi og Korta Payments S.A. með aðsetur í Lúxemborg. Engin starfsemi sé þó í erlendum dótturfélögum Rapyd Europe hf. og fyrirhugað sé að loka þeim.



og lagabreytinga ásamt því að mæta aukinni samkeppni á markaði fyrir hvers konar greiðsluþjónustu frá öflugum alþjóðlegum fjártæknisamsteypum sem búa yfir gríðarlegri stærðarhagkvæmni í rekstri. Í því samhengi er í samrunaskrá vísað til slæmrar afkomu innlendra greiðsluþjónustufyrirtækja á liðnum árum sem hafa verið rekin með halla eftir að erlendum viðskiptasamböndum sem flokkuðust sem áhættumikil viðskipti var slitið.

23. Þá kemur einnig fram í samrunaskrá að það sé von samrunaaðila að sameinað félag verði í stakk búið til að mæta kröfum til aðila á markaði um aukið öryggi, örari tækniþróun og breiðara vöruframboð og að í kjölfar samrunans verði sameinuðu félagi kleift að bjóða söluaðilum á Íslandi og annars staðar í Evrópu fjölbreyttara framboð af einföldum greiðslulausnum. Aukin tækniþróun, minni yfirbygging og meiri stærðarhagkvæmni mun leiða af sér lægri verð til söluaðila og að lokum til neytenda.
24. Að auki kemur fram í samrunaskrá að helsti ávinningur Rapyd af kaupunum á Valitor sé aukið vöruframboð Rapyd í Evrópu. Við þjónustuframboð félagsins bætist posaleiga og útgáfustarfsemi sem styrki samkeppnisstöðu félagsins gagnvart samkeppnisaðilum sínum.



III. Ferill máls og málsmeðferð

25. Í samrunaskrá kemur fram að formlegar viðræður Rapyd við Arion banka hafi hafist í maí 2021, að áreiðanleikakönnun hafi verið framkvæmd í júní 2021 og að þann 1. júlí 2021 hafi verið undirritaður kaupsamningur vegna kaupa Rapyd á öllu hlutafé í Valitor af Arion banka.
26. Áður en samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu haustið 2021 höfðu átt sér stað forviðræður milli Rapyd og Samkeppniseftirlitsins, eins og heimilt er skv. 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.² Þannig átti Samkeppniseftirlitið fund með lögmonnum Valitors og Rapyd, þann 16. apríl 2021, vegna áformaðra kaupa Rapyd á öllu hlutafé í Valitor. Vildu samrunaaðilar bera undir Samkeppniseftirlitið hvort tiltekið fyrirkomulag áreiðanleikakönnunar í tengslum við áformuð kaup væri ásættanlegt út frá samkeppnissjónarmiði. Samkeppniseftirlitið taldi ekki tilefni til að gera athugasemd við fyrirkomulagið sem lýst var í samningnum enda virtist það vera til þess fallið að koma í veg fyrir að Rapyd öðlaðist viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um starfsemi Valitors áður en ljóst væri að samningar um kaup Rapyd á Valitor næðust.³
27. Þann 21. apríl 2021 fór fram annar forviðræðufundur Samkeppniseftirlitsins með lögmonnum Rapyd, einkum varðandi tillögur Rapyd að aðgerðum til að koma í veg fyrir hugsanlega samkeppnisröskun í kjölfar viðskiptanna. Á fundinum reifaði Samkeppniseftirlitið þau sjónarmið sem því var fært að móta miðað við þær takmörkuðu upplýsingar sem fyrir lágu. Samkeppniseftirlitið benti á að miðað við fyrirliggjandi upplýsingar væru líkur á að um talsverða samþjöppun yrði að ræða á sviði færsluhirðingar ef kaupin næðu fram að ganga. Enginn ágreiningur var um það. Benti eftirlitið jafnframt á að ekki væri hægt að útiloka að samruninn myndi leiða til myndunar markaðsráðandi stöðu í færsluhirðingu. Fram kom að Rapyd væri reiðubúið til að selja frá sér færsluhirðingarsamninga til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Í viðræðunum tók Samkeppniseftirlitið ekki afstöðu til þess hvort sala færsluhirðingarsamninga væri fær leið, en benti á að þar sem færsluhirðing væri þröngur fákeppnismarkaður, væri brýnt að samþjöppun ykist ekki á markaðnum. Á þeim grundvelli væri m.a. mikilvægt að sala færsluhirðingarsamninga, ef hún á annað borð kæmi til greina, yrði það umfangsmikil og þannig að útfærð að komið yrði með skýrum hætti í veg fyrir að samruninn leiddi til aukinnar samþjöppunar á markaðnum.
28. Í aðdraganda samrunatilkynningarinnar átti Samkeppniseftirlitið fleiri fundi með samrunaaðilum. Þann 29. júní 2021 átti eftirlitið fund með Rapyd þar sem rætt var um væntanlega meðferð málsins og m.a. hugleiðingar samrunaaðila varðandi skilgreiningu markaða málsins. Auk þess ræddi eftirlitið óformlega við seljanda Valitors, Arion banka.
29. Samrunatilkynning barst frá samrunaaðilum þann 19. ágúst 2021 og óskaði lögmaður kaupanda eftir fundi til að fylgja henni úr hlaði. Öfugt við það sem ráða mátti af framangreindum forviðræðum, byggði samrunatilkynningin á nýjum sjónarmiðum um skilgreiningu markaða og að ekki væru forsendur til annars en að heimila samrunann án íhlutunar. Því þyrfti t.d. ekki að koma til mótaðgerða, s.s. sölu færsluhirðingarsamninga, sem samrunaaðilar höfðu áður vakið máls á.

² Slíkar viðræður eru til þess fallnar m.a. að undirbúa meðferð samrunamáls og tryggja að allar viðeigandi upplýsingar sem samrunaaðilar búa yfir liggi þegar fyrir við upphaf málsmeðferðar, í þágu skjótari og vandaðri málsmeðferðar. Slíkar viðræður geta m.a. tekið til markaðsskilgreininga, hugsanlegra samkeppnislegra vandamála og lausna á þeim.

³ Litið er svo á að fundurinn með lögmonnum samrunaaðila þann 16. apríl 2021 hafi tekið mið af efni áður nefndrar 4. gr. reglna nr. 1390/2020.



30. Fundur Samkeppniseftirlitsins með forstjóra og lögfræðingi Rapyd, fór fram í framhaldinu þann 24. ágúst 2021. Lögmenn Rapyd í málinu sátu einnig fundinn ásamt fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Á fundinum fór forstjóri Rapyd yfir ýmis sjónarmið sem fram koma í samrunaskránni, þ.a.m. rök fyrir því að víkja frá fyrri fordæmum um skilgreiningu markaða á þessu sviði. Fór hann m.a. yfir sýn sína varðandi þróunina á heildarmarkaði fyrir greiðslumiðlun sem endurspegluðust í samrunaskrá.
31. Á fundinum aflaði Samkeppniseftirlitið m.a. upplýsinga um hvort afstaða fyrirtækisins til markaðsskilgreininga styddist að þeirra mati við erlend fordæmi eða samskipti við eða umfjöllun annarra samkeppnisyfirvalda í Evrópu. Reyndist svo ekki vera.
32. Á fundinum brást Samkeppniseftirlitið við sjónarmiðum samrunaaðila um breyttar markaðsskilgreiningar og kom því frummati á framfæri við aðila að ekki fengist séð að unnt væri að fallast á þá markaðsskilgreiningu sem sett væri fram í samrunaskránni. Í fyrsta lagi skorti þar verulega á að tekið væri mið af nýlegum fordæmisgefandi ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB í sambærilegum málum á EES-svæðinu og nálgunin væri sömuleiðis í ósamræmi við fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins. Ætti þetta bæði við um skilgreiningu markaða málsins almennt, undirmarkaða og landfræðilegra markaða. Í öðru lagi benti Samkeppniseftirlitið á að staðganga milli færsluhirðingar og annarrar greiðslumiðlunar út frá eftirspurnarsjónarmiði kaupmanna (kaupenda færsluhirðingarþjónustu) væri ekki fyrir hendi. Á þessum grundvelli væri ástæða til að ætla að markaðsskilgreining samrunaaðila væri alltof breið og ályktanir samrunaaðila um áhrif samrunans í samrunaskrá því byggðar á verulegu vanmati á hlutdeild samrunaaðila á þeim markaði sem samruninn tekur fyrst og fremst til, þ.e. markaði fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum.
33. Með ítarlegu bréfi, dags. 27. ágúst 2021, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin væri ófullnægjandi og væru lögbundnir tímafrestir við úrvinnslu samrunamálsins því ekki byrjaðir að líða. Jafnframt var m.a. kallað eftir nánari rökstuðningi fyrir atriðum er lúta að fordæmalausri markaðsskilgreiningu sem sett var fram í samrunatilkynningunni, sem að mati Samkeppniseftirlitsins stæðist ekki skoðun út frá staðgöngusjónarmiðum.
34. Frekari samskipti áttu sér stað bæði símleiðis og með tölvupósti varðandi þær upplýsingar og gögn sem vantaði í samrunatilkynninguna.
35. Þann 2. september 2021 sendi Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum tölvubréf þar sem eftirlitið kallaði eftir því að samrunaaðilar mótuðu skýra afstöðu til þess hvort þeir ætluðu að standa við þá markaðsskilgreiningu sem fram kæmi í samrunatilkynningunni áður en þeir sendu uppfærða tilkynningu í samræmi við efni bréfs Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. ágúst 2021. Ef breyting yrði þar á væri nauðsynlegt að uppfæra samrunatilkynninguna þannig að umfjöllunin öll, þ.m.t. mat á áhrifum samrunans á samkeppni, tæki mið af breyttri sýn í þessu sambandi.
36. Með tölvupósti, dags. 10. september 2021, sendu samrunaaðilar nýja samrunatilkynningu og fylgiskjöl. Samhliða var fyrri samrunatilkynning dregin til baka.
37. Í tengslum við mat á því hvort hin nýja samrunatilkynning gæti talist fullnægjandi taldi Samkeppniseftirlitið m.a. nauðsynlegt að afla tiltekinnna upplýsinga frá samrunaaðilum um mögulega þjónustu þeirra á mörkuðunum fyrir vefgáttapjónustu (e. *E-commerce Acceptance Services*) og færsluhirðingarvinnslu (e. *Acquiring Processing Services*) sem ekki var fjallað um í samrunaskrá.



38. Að fengnum skýringum og svörum við þeim álitaefnum sem Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að fá á hreint, staðfesti Samkeppniseftirlitið, dags. 28. september 2021, að hin nýja samrunatilkynning væri fullnægjandi. Þann 29. október 2021, var Rapyd tilkynnt að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. nr. 1390/2020.
39. Á upphafsstigum rannsóknarinnar hófst umfangsmikil gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins og umsagnarferli meðal markaðsaðila vegna rannsóknar málsins. Hér verður gagnaöflun eftirlitsins í málinu ekki rakin í smáatriðum en hana má í meginatriðum draga saman með eftirfarandi hætti:
- Aflað var gagna frá Valitor, SaltPay og Rapyd um færsluhirta veltu hjá íslenskum söluaðilum, aðgreint eftir viðskiptum á sölustað og viðskiptum á netinu, um þóknunatekjur af færsluhirðingu og fleira árin 2019, 2020 og fyrstu sex mánuði ársins 2021, til mats á markaðshlutdeild.
 - Ýmsum markaðsaðilum, þ.e. Valitor, Rapyd, SaltPay, Landsbankanum, Íslandsbanka, Fjárfælði og Verifone á Íslandi ehf. var send spurningakönnun um markaðinn fyrir færsluhirðingu. Í því sambandi voru aðrir en samrunaaðilar inntir eftir afstöðu til samrunans og áhrifa hans á ýmsar mikilvægar samkeppnislegar breytur. Síðar, þegar í ljós var komið að Sýn hygði á að hefja færsluhirðingu skv. fréttum í fjölmiðlum, var sambærilegri spurningakönnun beint til Sýnar.
 - Í því skyni að afla vísbendinga um umsvif erlendra færsluhirða vegna þjónustu við íslenska söluaðila aflaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga frá stóru viðskiptaböndunum þremur um milligjöld sem þeim hafa verið greidd vegna kortanotkunar hjá íslenskum söluaðilum, brotið niður eftir færsluhirðum. Bankarnir leituðu til útgáfuvinnsluaðila sinna, Valitors og SaltPay, til að vinna þessar upplýsingar.
 - Haft var samband við iCard AD í Búlgaríu og Nets í Danmörku til að afla upplýsinga um færsluhirta veltu þessara aðila hjá íslenskum söluaðilum. Jafnframt aflaði eftirlitið upplýsinga um færsluhirta veltu Elavon og Trust Payments hjá íslenskum söluaðilum og kannaði hvort þessi fyrirtæki hefðu gert upp í íslenskum krónum („ISK“). Þá hafði Samkeppniseftirlitið samband við Ícelandair til að afla upplýsinga um færsluhirta veltu félagsins, brotið niður eftir færsluhirðum og uppgjörsmýnt, ekki síst til að ganga úr skugga um það hvort erlendir færsluhirðar hefðu færsluhirt eða gert upp veltu Ícelandair í ISK.
 - Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga um færsluhirta banka- og hraðbankaveltu sérstaklega frá Valitor og SaltPay. Í ljós kom að Valitor hafði ekki innifalið þessa veltu í uppgjöfinni færsluhirtri veltu í fyrri gagnaskilum ólíkt SaltPay. Rapyd kvaðst ekki hafa færsluhirt banka- eða hraðbankafærslur.
 - Við rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga frá Seðlabanka Íslands varðandi atriði er tengjast greiðslukortastarfsemi í landinu, einkum varðandi aðild og kröfur er gilda í tengslum við jöfnunarkerfi Seðlabankans vegna kreditkortaviðskipta í íslenskum krónum.
 - Þá réðst Samkeppniseftirlitið í gagnaöflun frá færsluhirðunum Valitor og Rapyd um samninga við veigamikla viðskiptavini sem þessi félög hefðu misst og unnið til sín um og eftir mitt ár 2021. Síðar var sams konar upplýsinga aflað frá SaltPay til nánari greiningar að



Þessu leyti, ekki síst vegna þess að ekki lágu fyrir áreiðanlegar upplýsingar um það frá samrunaaðilum hvert sumir samningar hefðu flust frá Rapyd og Valitor og hver áætluð ársvelta vegna einstakra samninga væri. Í fáeinum tilvikum þurfti að hafa samband við viðkomandi söluaðila. Í einstökum tilvikum kom fram misræmi milli áætlana aðila um veltuna sem tengdist einstökum samningum sem greiða þurfti úr.

- Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga frá Rapyd, Valitor, SaltPay, iCard AD og Nets um færsluhirta veltu fyrir árið 2021 í heild, annars vegar vegna viðskipta á sölustað hjá íslenskum söluaðilum (óháð uppgjörsmýnt) og hins vegar vegna netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum með uppgjöri í ISK eingöngu.
- Vegna talsvert breyttrar myndar sem dregist hafði upp af skiptingu markaðshlutdeildar miðað við ný gögn um færsluhirta veltu á árinu 2021 í heild óskaði Samkeppniseftirlitið upplýsinga um hversu margir söluaðilar hefðu sagt upp samningum og hversu margir nýir söluaðilar hefðu samið við stóru færsluhirðana þrjá á árinu 2021.⁴ Eftir að leiðréttar upplýsingar bárust frá einum færsluhirðinum um færsluhirta veltu á árinu 2021 þótti ekki lengur nauðsynlegt að afla framangreindra upplýsinga þar sem skýringin á hinni breyttu mynd fólst í mistökum við upplýsingagjöf.
- Samkeppniseftirlitið óskaði upplýsinga frá Verifone um stofnkostnað vegna tenginga við posa frá félaginu. Aflað var upplýsinga um upphæð stofnkostnaðar sem nýir færsluhirðar þyrftu að taka á sig til að tengjast posum frá Verifone, hvort kostnaðurinn væri sá sami ef um væri að ræða erlendan færsluhirði sem væri þegar í viðskiptum við Verifone í öðru landi og hvaða þættir skýrðu kostnaðinn.

40. Þann 9. nóvember 2021 átti Samkeppniseftirlitið stöðufund með lögmönnum Rapyd þar sem farið var yfir frummat og sjónarmið Samkeppniseftirlitsins í málinu á því stigi rannsóknarinnar. Í því sambandi fór Samkeppniseftirlitið yfir glærुकyningu sem var afhent lögmönnum að fundi loknum.
41. Þann 15. nóvember 2021 átti Samkeppniseftirlitið fund með forstjóra Rapyd, lögfræðingi Rapyd og lögmönnum félagsins. Á fundinum var farið yfir kynningu á sjónarmiðum Rapyd sem að ýmsu leyti var ætlað að svara sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið hafði sett fram á fyrri fundi með lögmönnum Rapyd þann 9. nóvember.
42. Þann 18. nóvember 2021 sendi Rapyd Samkeppniseftirlitinu formlega beiðni um sáttaviðræður. Með beiðninni fylgdu bréfflegar beiðnir Rapyd og Valitors um sáttaviðræður, kynningin sem Rapyd fór yfir með Samkeppniseftirlitinu á fundinum 15. nóvember, tiltekið samningsform frá Landsbankanum er lýtur að færsluhirðingu á úttektarkortum Aukakróna og inneignarkortum fyrirtækja, og tilkynning frá VISA varðandi breytingar á eftirlitskerfi VISA (Visa Acquirer Monitoring Program („VAMP“)).⁵
43. Þann 24. nóvember 2021 barst tölvupóstur frá lögmönnum Rapyd þar sem sett voru fram sjónarmið varðandi markaðsskilgreiningar. Fram kom að Rapyd teldi rökrétt að stuðst væri við markaðsskilgreiningar framkvæmdastjórnar Evrópu í máli M.9776 - *Worldline/Ingenico* í fyrirbyggjandi máli. Að greinarmunur yrði gerður á (i) færsluhirðingu færslna sem fara fram á sölustað og (ii) færsluhirðingu færslna sem fara fram á netinu. Að landfræðilegur markaður fyrir

⁴ Í því samhengi var óskað upplýsinga um söluaðila með veltu undir 1,5 milljörðum króna, að undanskildum söluaðilum með árstíðarbundna veltu og söluaðilum sem hafa lagt niður rekstur tímabundið, lagst í dvala eða hætt rekstri.

⁵ Tilkynningin frá VISA var send í því skyni, eftir því sem Samkeppniseftirlitinu skilst, að sýna fram á að ekki væri lengur unnt að nýta áhættulitla færsluhirta veltu á sölustað til að vigta niður endurkröfuhlutfall af færsluhirðingu netviðskipta sem fylgir meiri áhætta en almennt gerist (einkum klám og fjárhættuspil).



færsluhirðingu færslna sem fara fram á sölustað sé landsbundinn en að landfræðilegur markaður fyrir færsluhirðingu færslna sem fara fram á netinu sé svæðisbundinn, þ.e. Evrópska efnahagssvæðið (EES-svæðið).

44. Þá voru sett fram sjónarmið um að mörkin milli færsluhirðingar á netinu og færsluhirðingar á staðnum væru í sumum tilvikum óljós en að á meðan skilgreiningar samkeppnisyfirvalda gerðu enn greinarmun á þessum færslutegundum, þá teldi Rapyd að flokka ætti þær færslur sem falla undir það sem nefnt var „gráa svæðið“ í tölvupóstinum sem netgreiðslur. Með gráa svæðinu var, samkvæmt því sem fram kom í tölvupóstinum, átt við færslur sem eru tæknilega flokkaðar sem netfærslur þótt korthafi sé á sölustað ef greiðsla hans fer ekki í gegnum posatæki. Í þessu sambandi var bent á að í boði séu tæknilausnir til að taka við netfærslum á sölustað. Þar sem korthafinn væri hins vegar á staðnum, þá virtist það vera á gráu svæði hvernig ætti að flokka viðkomandi færslur.
45. Þann 24. nóvember 2021 sendi Samkeppniseftirlitið lögmönnum Rapyd tölvupóst þar sem upplýst var að teknu tilliti til þeirra tilfærslna á færsluhirðingarsamningum milli færsluhirða sem hefðu verið að eiga sér stað um og eftir mitt ár 2021, þá hefðu samrunaaðilar öðlast samanlagt um 70% hlutdeild í heild í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum á grundvelli færsluhirtrar veltu samkvæmt bráðabirgðamati Samkeppniseftirlitsins. Upplýst var að endanlegu mati í þessu sambandi væri ekki lokið. Unnið væri að frekari gagnaöflun úr ýmsum áttum.
46. Þann 26. nóvember 2021 sendu lögmenn Rapyd Samkeppniseftirlitinu drög að mótaðgerðum („*Remedy Proposal*“), þ.e. skilyrði sem Rapyd væri reiðubúið að undirgangast í tengslum við fyrirhuguð kaup Rapyd á Valitor. Einnig fylgdi með skjal „með sjónarmiðum um fýsileika þess aðila sem naut einkaréttar í viðræðum við Rapyd um kaup á samningum við söluaðila“ („*Suitable Purchaser*“). Einnig óskaði Rapyd eftir tímalínu fyrir málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins vegna yfirstandandi skoðunar á samrunanum.
47. Þann 1. desember 2021 sendi Samkeppniseftirlitið lögmönnum Rapyd ítarlegt tölvubréf þar sem rökstutt var að eftirlitið teldi að markaðurinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum greindist í:
 - færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í ISK; og
 - færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í erlendri mynt.Jafnframt var rökstutt að samkvæmt frummati Samkeppniseftirlitsins í málinu væri landfræðilegi markaðurinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum þar sem gert væri upp í krónum landið Ísland. Samhliða var rökstutt það frummat Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegi markaðurinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum þar sem gert væri upp í erlendri mynt væri EES-svæðið eða víðara.
48. Í tölvubréfinu var því lýst yfir að Samkeppniseftirlitið gæti ekki tekið afstöðu til þess hvort grundvöllur væri til þess að hefja sáttaviðræður við samrunaaðila á meðan óvissa ríkti um það hvort Rapyd féllist á framangreinda nálgun. Samkeppniseftirlitið mæltist því til þess að samrunaaðilar gerðu grein fyrir því sem fyrst hvort þeir féllust á eða gerðu athugasemdir við framangreinda markaðsskilgreiningu í tilviki færsluhirðingar netviðskipta.
49. Þann 6. desember 2021 átti Samkeppniseftirlitið fund með lögmönnum Rapyd þar sem sett var fram kynning Rapyd á útfærslu mótaðgerða sem Rapyd væri reiðubúið til að ráðast í til að liðka fyrir samrunanum og þar að lútandi mat Rapyd á áhrifum þess á markaðinn að sú leið yrði farin. Í kynningunni kom enn fremur fram að Rapyd væri ekki tilbúið til að taka afstöðu til



markaðsskilgreiningar Samkeppniseftirlitsins sem kynnt var í tölvubréfi eftirlitsins 1. desember 2021 fyrr en markaðshlutdeildin á grundvelli hennar lægi fyrir.

50. Þann 14. desember 2021 fundaði Samkeppniseftirlitið með forstjóra SaltPay um markaðsþróunina og um strategískar áherslur SaltPay. Sama dag fundaði Samkeppniseftirlitið jafnframt með þeim áformaða kaupanda sem Rapyd átti í einkaviðræðum við um kaup færsluhirðingarsamninga af samrunaaðilum í því skyni að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni.
51. Þann 16. desember 2021 tjáði lögmaður Rapyd Samkeppniseftirlitinu símleiðis að Rapyd hygðist ekki gera athugasemdir við framangreinda markaðsskilgreiningu í tilviki netviðskipta. Þá var í samtalinu jafnframt reifuð hugsanleg sala samrunaaðila á fleiri samningum en sett hafði verið fram í kynningu Rapyd á fundinum 6. desember 2021.
52. Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum ítarlegt bréf, dags. 23. desember 2012, þar sem Samkeppniseftirlitið gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum um markaði málsins og samkeppnisleg áhrif á grundvelli þeirra gagna og sjónarmiða sem fyrir lágu í málinu á þeim tíma. Í bréfinu setti Samkeppniseftirlitið jafnframt fram það frummat sitt að fyrirliggjandi tillögur Rapyd að mótaðgerðum dygðu ekki til þess að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni og því teldi Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til formlegra sáttarviðræðna á grundvelli þeirra. Að frummati Samkeppniseftirlitsins væri frumskilyrði fyrir því að til greina kæmi að heimila samrunann með skilyrðum, að samrunaaðilar myndu skuldbinda sig til að selja frá sér færsluhirðingarsamninga með tryggum hætti, helst með „fix it first“ aðferð, til hæfs kaupanda þannig að hlutdeild sameinaðs félags á markaði málsins yrði ekki hærri en [...]%,⁶ án þess að skilyrða það við síðari tíma markaðsþróun líkt og Rapyd hafði gert í kynningu sinni 6. desember 2021. Væru þá önnur möguleg skilyrði ekki upp talin sem nauðsynleg gætu talist til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans.
53. Þann 4. janúar 2022 barst Samkeppniseftirlitinu svarbréf frá samrunaaðilum við fyrrgreindu bréfi. Í svarbréfinu var þess getið að Rapyd gæti ekki tekið undir öll sjónarmið Samkeppniseftirlitsins og markaðsaðila sem fram komu í bréfi eftirlitsins, dags. 23. desember 2021, þ.m.t. um málavexti og efnislega afstöðu til þegar kynnta mótvægisáðgerða. Rapyd féllist hins vegar í öllum meginatriðum á frummat Samkeppniseftirlitsins á samrunanum, þ.m.t. á markaðsskilgreiningum, að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem fram komu í svarbréfi Rapyd. Þá setti Rapyd fram tillögur að aðgerðum sem væru til þess fallnar að koma í veg fyrir þá samkeppnisröskun sem annars myndi leiða af samrunanum. Nánar tiltekið lýsti Rapyd sig reiðubúið til að (i) selja hefðbundið samansafn samninga úr fórum Valitor, (ii) selja samninga þannig að markaðshlutdeild sameinaðs félags á markaði málsins í heild verði [...]%,⁷ (iii) selja hið selda með svokallaðri „fix-it-first“ aðferð til hins áformaða kaupanda, Kviku banka hf., (iv) sjá til þess að allar kerfislegar upplýsingar um selda samninga verði óaðgengilegar starfsmönnum Rapyd og (v) sjá til þess að tækniþjónusta við hinn áformaða kaupanda verði alfarið einangruð (e. *entirely ringfenced*).
54. Í framhaldinu, þann 5. janúar 2022, óskuðu ráðgjafar Rapyd eftir því með tölvupósti að haldnir yrðu vikulegir stöðufundir um framgang málsins þar sem viðstaddir yrðu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins, kaupanda og seljanda.
55. Samkeppniseftirlitið sendi Kviku bréf, dags. 6. janúar 2022, þar sem reifaðar voru áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af því fyrirkomulagi sem lagt væri upp með í sátt. Þá óskaði

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



Samkeppniseftirlitið m.a. eftir svári við því hvort Kvika væri reiðubúin til að skuldbinda sig í sátt við Samkeppniseftirlitið til að færa þjónustukaup sín frá sameinuðu félagi til annars þjónustuveitanda sem ekki væri jafnframt keppinautur bankans í færsluhirðingu á Íslandi, innan [...]⁸ eftir að kaupin á færsluhirðingarsamningum úr fórum sameinaðs félags ættu sér stað. [...]⁹

56. Þann 12. janúar 2022 tjáði Samkeppniseftirlitið ráðgjöfum Rapyd með tölvupósti að eftirlitið teldi nægar forsendur til að kanna afstöðu markaðsaðila til samrunans í ljósi þeirra skilyrða sem Rapyd hafði lýst sig reiðubúið að hlíta til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Þess var óskað að Rapyd kæmi tillögum sínum á viðhlítandi mótaðgerðum skilmerkilega til skila í formi skilyrða ásamt viðeigandi greinargerð.
57. Nokkur samskipti áttu sér stað á milli Samkeppniseftirlitsins og ráðgjafa Rapyd um framsetningu á efni fyrir markaðspróf. Endanleg útgáfa framsettra skilyrða og greinargerðar fyrir markaðspróf barst Samkeppniseftirlitinu þann 21. janúar 2022.
58. Sama dag, þann 21. janúar 2022, voru sendir tölvupóstar með umsagnarbeiðni til nokkurra umsagnaraðila. Jafnframt var birt frétt á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins þar sem hagaðilum og öðrum áhugasömum gafst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum við tillögur samrunaaðila að sáttarskilyrðum á framfæri. Gefinn var frestur til 31. janúar 2022 til að skila inn umsögnum. 10 umsagnir bárust í tengslum við markaðsprófið og var eintökum af þeim komið til Rapyd jafnóðum og þær bárust Samkeppniseftirlitinu (eða jafnóðum og eintök án trúnaðar bárust ef nafnleyndar eða trúnaðar um einstök efnisatriði var óskað).
59. Þess var óskað að sjónarmið Rapyd vegna umsagna hagaðila bærust Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en mánudaginn 7. febrúar 2022. Sjónarmið Rapyd vegna umsagna hagaðila við sáttartillögu bárust rétt eftir miðnætti þann 9. febrúar 2022.
60. Þann 1. febrúar 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með Kviku þar sem rædd voru áformuð kaup Kviku á færsluhirðingarsamningum og vinnsluþjónustu af samrunaaðilum. Samkeppniseftirlitið upplýsti Kviku um að ekki hefði verið tekin endanleg afstaða til þess hvort tillögur Rapyd að mótaðgerðum dygðu til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans, né til hæfis Kviku sem kaupanda á samningum út úr sameinuðu félagi. [...]¹⁰
61. Þann 11. febrúar 2022 tilkynnti Samkeppniseftirlitið ráðgjöfum Rapyd að á þeim tímapunkti gæti Samkeppniseftirlitið ekki fallist á óbreyttar tillögur samrunaaðila að skilyrðum. Þá væri til skoðunar, í ljósi tímafresta, að færa málið í hefðbundinn farveg samrunamála, slíta sáttarviðræðum og senda samrunaaðilum andmælaskjal þar sem fjallað yrði um væntanlega ógildingur samrunans. Hins vegar teldi Samkeppniseftirlitið forsendur til að láta reyna á það að ljúka rannsókn málsins með sátt ef samrunaaðilar nýttu sér heimildir sínar til að framlengja tímafresti í málinu.
62. Þann 13. febrúar 2022 óskuðu samrunaaðilar eftir því að virkja 20 daga viðbótarfrest til rannsóknar samrunans. Þann 14. febrúar 2022 staðfesti Samkeppniseftirlitið framlengingu á frestinum.
63. Þann 14. febrúar 2022 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afriti af svonefndum tækniþjónustusamningi milli samrunaaðila og kaupanda, þ.e. undirrituðu eintaki hans eða

⁸ Fellt út vegna trúnaðar.

⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar.



undirritaðri staðfestingu á hver helstu hlutverk hvors aðila samkvæmt samningnum væru, og að samningurinn eða staðfestingin bærist eigi síðar en 17. febrúar 2022.

64. Undirrituð staðfesting á helstu verkefnum hvors aðila samkvæmt umræddum samningi barst Samkeppniseftirlitinu þann 22. febrúar 2022. Staðfestingin var ekki fullnægjandi að mati Samkeppniseftirlitsins sökum þess að upplýsingarnar voru ekki nægilega ítarlegar.
65. Þann 23. febrúar 2022 benti Samkeppniseftirlitið á nokkur atriði sem talin voru ófullnægjandi í téðri staðfestingu og sendi Rapyd samhliða bréf þar sem m.a. var lagt fram frummat Samkeppniseftirlitsins á því að þjónusta sameinaðs félags við Kvikú fæli í sér heildsölufærsluhirðingu í skilningi fordæmisgefandi ákvarðana framkvæmdastjórnar ESB í málum er varða sömu markaði.
66. Þann 25. febrúar 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með lögmönnum Rapyd þar sem færi gafst á að ræða nánar ýmis álitafeni tengd sáttartillögunni. Samkeppniseftirlitið kom m.a. á framfæri þeirri afstöðu að gagnröksemdir Rapyd högguðu ekki þeirri ályktun Samkeppniseftirlitsins að gögn málsins og fordæmisgefandi ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB bentu til þess að tækniþjónustusamningurinn svonefndi fæli í reynd í sér tímabundin kaup Kvikú á heildsölufærsluhirðingu af samrunaaðilum. Benti Samkeppniseftirlitið hins vegar á að unnt væri að útfæra sátt með viðhlítandi skilyrðum enda þótt Rapyd og Samkeppniseftirlitið væru ekki sammála um þessa túlkun.
67. Þann 1. mars 2022 bárust Samkeppniseftirlitinu sjónarmið Rapyd vegna erindis Samkeppniseftirlitsins um áformað viðskiptasamband Rapyd og Kvikú eftir afhendingartímabilið. Þar kom m.a. fram að samrunaaðilar teldu sameinað félag ekki koma til með að veita Kvikú heildsölufærsluhirðingarþjónustu samkvæmt þjónustusamningnum og vísuðu m.a. til þess að ekki væri um samstarf (e. *partnership*) að ræða á milli sameinaðs félags og Kvikú heldur viðskiptasamband og að það væri á ábyrgð Kvikú að útvega söluaðilum posa og aðra framendabjónustu ásamt því að gera upp við hvern og einn söluaðila.
68. Afrit af þjónustusamningnum milli Rapyd og Kvikú barst Samkeppniseftirlitinu loks þann 3. mars 2022. Eftir ítarlega skoðun á þjónustusamningnum taldi Samkeppniseftirlitið að í honum væri að finna mikilvægar upplýsingar og ákvarðanir um fyrirkomulag þeirrar þjónustu sem til stæði að sameinað félag veitti Kvikú. Þjónustusamningurinn væri því grundvallargagn í málinu og óaðskiljanlegur hluti af sáttartillögum samrunaaðila. Þar sem þjónustusamningurinn barst ekki fyrr en eftir 55. virka dag rannsóknar var það mat Samkeppniseftirlitsins að frestur til að ljúka rannsókn málsins hefði lengst um 15 virka daga, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið upplýsti Rapyd um ofangreint mat sitt með tölvupósti þann 4. mars 2022.
69. Með sama tölvupósti, þann 4. mars 2022, upplýsti Samkeppniseftirlitið Rapyd um þau atriði sem eftirlitið taldi að út af stæðu til þess að unnt væri að ljúka málinu með sátt. Þau atriði voru helst (i) að óljóst væri hvort [...],¹¹ (ii) að fyrir þyrfti að liggja að Kvikú gæti fært þjónustukaup sín frá sameinuðu félagi til annars þjónustuveitanda, sem ekki væri jafnframt veigamikill keppinautur Kvikú í færsluhirðingu, innan ásættanlegs tíma, (iii) að koma þyrfti fram með skýrum og afdráttarlausum hætti í tækniþjónustusamningnum að verðlagning og ákvörðun um þóknanir gagnvart söluaðilum í bæði keyptum og síðar gerðum færsluhirðingarsamningum Kvikú væri alfarið á hendi Kvikú. (iv) Til viðbótar hefði Samkeppniseftirlitið ýmsar athugasemdir við orðalag og útfærslu í sáttardrögum Rapyd. Rapyd gerði ekki athugasemdir við framlengdan frest en tók

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar.



undir sjónarmið Samkeppniseftirlitsins um að mikilvægt væri að sett yrði fram viðræðuáætlun með fyrirfram ákveðnum lokadegi sáttarviðræðna.

70. Þann 7. mars 2022 barst Samkeppniseftirlitinu áframsendur tölvupóstur með samskiptum milli yfirlögfræðings Rapyd og Mastercard. [...] ¹²
71. Þann 9. mars 2022 átti Samkeppniseftirlitið fund með lögmönnum Rapyd þar sem rædd voru þau atriði sem nefnd voru í tölvupósti til Rapyd þann 4. mars 2022. Sammælt var um að setja fram viðræðuáætlun og stefna að því að ljúka málinu með undirritun sáttar fyrir 24. mars 2022.
72. Þann 11. mars 2022 sendi Samkeppniseftirlitið Rapyd breytingartillögur að orðalagi og framsetningu í sáttardrögum ásamt nokkrum efnislegum athugasemdum. Samhliða var viðræðuáætlun lögð fram með áætlaðri undirritun sáttar þann 25. mars 2022.
73. [...] ¹³
74. Þriðjudaginn 15. mars 2022 var haldinn stöðufundur með lögmönnum samrunaaðila samkvæmt viðræðuáætlun. Lögmenn Rapyd fóru yfir álit sitt á athugasemdum Samkeppniseftirlitsins við sáttardrögin auk þess sem útistandandi álitamál voru rædd. Rapyd var gefið það verkefni að íhuga möguleg skilyrði sem hefðu það að markmiði að liðka fyrir flutningi þjónustukaupa Kvikú frá sameinuðu félagi til annars þjónustuveitanda.
75. Miðvikudaginn 16. mars 2022 átti Samkeppniseftirlitið síðan fund með Kvikú þar sem staða málsins var rædd. Samkeppniseftirlitið ítrekaði nauðsyn þess að Kvikú ritaði undir sátt við Samkeppniseftirlitið um að færa sig úr viðskiptum við sameinað félag innan tiltekins tíma, ella væri ekki hægt að líta á Kvikú sem hæfan kaupanda.
76. Föstudaginn 18. mars 2022 sendi Samkeppniseftirlitið Kvikú drög að skilyrðum í sátt við Samkeppniseftirlitið að beiðni Kvikú.
77. Þriðjudaginn 22. mars 2022 var haldinn annar stöðufundur með lögmönnum samrunaaðila í samræmi við viðræðuáætlun. Á fundinum kom fram að samrunaaðilar og Kvikú hefðu uppfært kaupsamning (þ.m.t. kaupverð) með hliðsjón af styttingu tímalengdar þjónustusamnings. Jafnframt var rætt um þá fyrirvara sem enn voru óuppfylltir til að unnt væri að rita undir sátt í málinu. Óuppfylltir fyrirvarar voru tveir, annars vegar hæfi Kvikú sem kaupanda (háð vilja Kvikú til að skrifa undir sátt við Samkeppniseftirlitið um að færa sig úr viðskiptum við sameinað félag innan [...] ¹⁴) og hins vegar að [...] ¹⁵ Að fundi loknum sendi Samkeppniseftirlitið lögmönnum samrunaaðila athugasemdir sínar við uppfærð sáttardrög aðila.
78. [...] ¹⁶
79. Þann 25. mars 2022 bárust Samkeppniseftirlitinu einnig uppfærð sáttardrög frá samrunaaðilum. Samhliða upplýstu samrunaaðilar Samkeppniseftirlitið um að aðilar teldu ekki unnt að halda inni fyrirvara um [...] ¹⁷
80. [...] ¹⁸

¹² Felld út vegna trúnaðar.

¹³ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁴ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁵ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁶ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁷ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁸ Felld út vegna trúnaðar.



81. [...] ¹⁹
82. [...] ²⁰
83. Þann 29. mars 2022 óskuðu lögmenn Rapyd eftir stuttum fundi með Samkeppniseftirlitinu. Á fundinum mættu einnig forstjóri Rapyd og lögfræðingur frá félaginu. Á fundinum kom fram ný tillaga að orðalagi fyrirvara í sátt sem laut að [...] ²¹ sem Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að bærust áður en heimilt yrði að framkvæma samrunann. Eftir fundinn bárust Samkeppniseftirlitinu uppfærð sáttardrög þar sem hinu nýja orðalagi á fyrirvara í sátt hafði verið bætt við. Ákvæðið var aftur á móti ekki í fullu samræmi við það sem fram hafði komið af hálfu Rapyd á fundi aðila fyrr um daginn. Samkeppniseftirlitið taldi því nauðsynlegt að gera athugasemdir við það og sendi til baka tillögu að breyttu orðalagi í samræmi við það sem fram hafði komið á umræddum fundi. Lögmenn Rapyd urðu við athugasemdum Samkeppniseftirlitsins.
84. Þann 30. mars 2022 sendi Samkeppniseftirlitið lögmönnum Rapyd sáttardrögin til baka með athugasemdum sínum. Lögmenn samrunaaðila sendu uppfærð sáttardrög þar sem tekið hafði verið tillit til flestra athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Það sem út af stóð var rætt á fundi Samkeppniseftirlitsins og lögmanna samrunaaðila þann sama dag. Að fundi loknum sendu lögmenn Rapyd Samkeppniseftirlitinu hrein sáttardrög til yfirlustrar.
85. Að undangengnum yfirlistri og lítilsháttar breytingum lá sátt Rapyd við Samkeppniseftirlitið fyrir með undirritun beggja aðila þann 13. apríl 2022.
86. Þann 31. mars 2022 sendi Kvik uppfærð drög að sátt milli sín og Samkeppniseftirlitsins þar sem fram komu athugasemdir bankans. Jafnframt barst álit Kviku á þeim ákvæðum sáttarinnar við samrunaaðila er lúta að skuldbindingum samrunaaðila í tengslum við yfirfærslu þjónustukaupa Kviku frá samrunaaðilum til annars þjónustuveitanda. Athugasemdir Kviku voru smávægilegar og féllst Samkeppniseftirlitið á þær.
87. Í framhaldi áttu sér stað frekari samskipti milli Kviku og Samkeppniseftirlitsins varðandi útfærslu áður nefndrar sáttar milli Samkeppniseftirlitsins og Kviku. Voru nokkrar breytingar gerðar á henni í framhaldi af því. [...] ²²

¹⁹ Fellt út vegna trúnaðar.

²⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

²¹ Fellt út vegna trúnaðar.

²² Fellt út vegna trúnaðar.



IV. Niðurstaða

88. Svo sem fram kemur í upphafi ákvörðunar þessarar hefur náðst sátt í málinu og kemur hún fram í ákvörðunarorðum aftast í ákvörðun þessari. Hér verður gerð grein fyrir forsendum niðurstöðunnar, mati á áhrifum samrunans og fjallað um helstu álitamál sem á reyndi í málinu. Loks verður gerð grein fyrir efni sáttarinnar.

1. Skilgreining markaða

89. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Hagfræðileg rök hníga að því að greina verði viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar þurfi að bera kennsl á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar afmarka landfræðilega markaðinn. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn frá fleiri hliðum.²³
90. Við skilgreiningu markaða í samrunamáli er m.a. unnt að hafa hliðsjón af fordæmum í innlendri lagaframkvæmd og í EES/ESB-samkeppnisrétti, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 277/2012, *Stjórnugrís hf. og Arion banki hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Hins vegar verður ávallt að meta hvort aðstæður á markaði séu hinar sömu og í eldra máli.²⁴ Þá liggur fyrir í samkeppnisrétti að, eðli málsins samkvæmt, geta markaðsskilgreiningar í eldri málum ekki skapað fyrirtækjum lögmetar væntingar.²⁵
91. Í kafla 7 í viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamáli segir m.a. svo um skilgreiningu á mörkuðum:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

²³ Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

²⁴ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 22. mars 2000 í sameinuðum málum nr. T-125/97 og T-127/97, *The Coca Cola Company* gegn framkvæmdastjórninni, mgr. 81-82: „... a finding of a dominant position by the Commission, even if likely in practice to influence the policy and future commercial strategy of the undertaking concerned, does not have binding legal effects as referred to in the IBM judgment. Such a finding is the outcome of an analysis of the structure of the market and of competition prevailing at the time the Commission adopts each decision. The conduct which the undertaking held to be in a dominant position subsequently comes to adopt in order to prevent a possible infringement of Article 86 of the Treaty is thus shaped by the parameters which reflect the conditions of competition on the market at a given time. Moreover, in the course of any decision applying Article 86 of the Treaty, the Commission must define the relevant market again and make a fresh analysis of the conditions of competition which will not necessarily be based on the same considerations as those underlying the previous finding of a dominant position “

²⁵ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB frá 7. maí 2009 í máli nr. T-151/05, *NVV* gegn framkvæmdastjórninni, mgr. 136: „It should first be recalled that, according to case-law, although the Commission must give an account of its reasoning if a decision goes appreciably further than the previous decision-making practice (Case 73/74 *Groupement des fabricants de papiers peints de Belgique and Others v Commission* [1975] ECR 1491, paragraph 31), economic operators have no grounds for a legitimate expectation that a previous decision-making practice, that is capable of being varied when the Community institutions exercise their discretion, will be maintained (see *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 512, and the case-law cited therein). In particular, the applicants cannot have entertained such a legitimate expectation on the ground that the Commission had defined markets in a particular way in a previous decision, since the Commission – and, a fortiori, the Court – is not bound by the findings made in such a decision (see, to that effect, *General Electric v Commission*, paragraph 53 above, paragraph 514).“



Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgöngubjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðnum.”

92. Í reglunum um tilkynningu samruna er landfræðilegur markaður skilgreindur svo:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

93. Tilgangur þess að skilgreina viðkomandi markað í samrunamálum er að greina það svið viðskipta sem samruninn hefur áhrif á.²⁶ Með markaðsskilgreiningunni er leitast við að afmarka hvar samkeppni milli fyrirtækja á sér stað í þeim tilgangi að greina á kerfisbundinn hátt þær skorður sem samkeppni á markaði setur á hegðun þeirra fyrirtækja sem starfa á þeim markaði sem samruninn hefur áhrif á og meta þannig það samkeppnislega aðhald sem hið sameinaða fyrirtæki býr við. Með því að afmarka markaðinn bæði með hliðsjón af þeirri vöru eða þjónustu sem seld er á markaðnum og frá landfræðilegu sjónarmiði er reynt að greina þá keppinauta samrunaaðila á markaði sem í raun geta sett hegðun samrunaaðilanna skorður.²⁷

94. Þegar viðkomandi markaður hefur verið skilgreindur er hægt að reikna markaðshlutdeild aðila sem starfa á markaðnum og leggja mat á önnur atriði sem hafa þýðingu við mat á því hvort samruni raski samkeppni.

95. Af þessu leiðir að hugtakið „markaður“ í skilningi samkeppnislaga (e. *relevant market*) er frábrugðið öðrum skilgreiningum sem oft eru notaðar til að lýsa mörkuðum, s.s. þeim að „markaður“ vísi til þess landsvæðis þar sem fyrirtæki selur vörur sínar, eða að „markaður“ vísi gróflega til þeirrar atvinnugreinar eða þess geira sem fyrirtæki starfar innan.²⁸

96. Þær skorður, sem samkeppni veitir fyrirtækjum á markaði, má flokka í þrennt: eftirspurnarstaðgöngu (e. *demand substitution*), framboðsstaðgöngu (e. *supply substitution*) og mögulega samkeppni (e. *potential competition*).

97. Eftirspurnarstaðganga er beinasta og virkasta aðhaldið sem fyrirtæki sæta við ákvarðanatöku um vöruverð. Fyrirtæki getur ekki haft umtalsverð áhrif á aðstæður á markaði, svo sem verðlag, ef viðskiptavinir þess geta auðveldlega keypt staðgönguvörur á lægra verði af öðrum fyrirtækjum á markaðnum. Við slíkar aðstæður búa aðilar á markaði við aðhald eða ögunarvald samkeppninnar. Markaðsskilgreiningin hefur þannig í grundvallaratriðum þann tilgang að

²⁶ Sjá m.a. 2. mgr. í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður (98/EES/28/01). Í ECS/AKZO málinu, OJ 1985 L374/1 lýsti framkvæmdastjórn ESB því t.a.m. yfir að: „the object of market definition is to define the area of commerce in which the conditions of competition and the market power of the dominant firm is to be assessed.“

²⁷ Sjá 2. mgr. í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður.

²⁸ Sjá 3. mgr. í framangreindri tilkynningu ESA. Sjá einnig dóm undirréttar ESB frá 1. júlí 2010 í máli nr. T-321/05, AstraZeneca AB gegn framkvæmdastjórninni: „... the concept of relevant market is different from other definitions of market often used in other contexts, such as the area where the companies sell their products or, more broadly, the industry or sector to which the companies belong“, sbr. dóm dómstóls ESB frá 6. desember 2012 í máli nr. C-457/10.



greina það framboð, sem viðskiptavinir þeirra fyrirtækja sem um ræðir, geta í rauninni nýtt sér, bæði vegna vöru- eða þjónustuframboðs fyrirtækjanna og vegna landfræðilegrar staðsetningar þeirra.²⁹

98. Þegar fyrirtæki geta brugðist við lítilli, varanlegri verðhækkun með því að breyta framleiðslu sinni og markaðssetja aðra vöru (þjónustu) en verið er að framleiða, innan skamms tíma og án þess að þurfa að leggja út í umtalsverðan kostnað eða áhættu, er það nefnt framboðsstaðganga. Þegar slíkt á við, skapar þessi mögulega breytta framleiðsla samkeppnisaðhald gagnvart fyrirtækjum sem fyrir eru á þeim vörumarkaði sem hin breytta framleiðsla beinist að. Þessi áhrif eru sambærileg við áhrifin af eftirspurnarstaðgöngu.³⁰ Skammur tími í þessum skilningi er tími sem nægir ekki til að leggja út í umtalsverðar breytingar á t.d. fastafjármagni eða óáþreifanlegum eignum, svo sem þekkingargrunni fyrirtækisins.
99. Möguleg samkeppni, þ.e.a.s. ógnin sem af aðilum á markaði getur stafað vegna innkomu nýrra aðila á markaðinn, er ekki tekin með í reikninginn þegar markaðir eru skilgreindir. Venjulega er því aðeins fjallað um mögulega samkeppni í málum þegar búið er að fjalla um þá aðila sem fyrir eru á markaðnum og staðan á markaðnum vekur áhyggjur samkeppnisyrivalda.³¹

2. Markaðir málsins

100. Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum Samkeppniseftirlitsins um það hverjir séu markaðir fyrirbyggjandi máls á grundvelli framangreindrar nálgunar. Umfjöllunin greinist í tvo meginkafla, þ.e. annars vegar um þjónustumarkaði málsins og hins vegar um landfræðilega markaði málsins. Í upphafi hvors kafla er fjallað um helstu sjónarmið samrunaaðila og því næst er umfjöllun og niðurstaða Samkeppniseftirlitsins sett fram.

2.1. Þjónustumarkaðir

2.1.1. Upprunaleg sjónarmið samrunaaðila skv. samrunaskrá

101. Í samrunaskrá komu fram ýmis sjónarmið um markaði máls af hálfu samrunaaðila sem áttu eftir að taka breytingum við rannsókn málsins. Þau eru rakin hér fyrst og fremst í því skyni að varpa ljósi á bakgrunn rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum málsins. Líkt og rakið er í ákvörðun þessari gerðu samrunaaðilar hins vegar sátt við Samkeppniseftirlitið um aðgerðir sem sem ætlað er að ryðja úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem af samrunanum hefði ella leitt. Forsendur sáttarinnar byggja á því frummati sem Samkeppniseftirlitið kynnti samrunaaðilum undir rekstri málsins og lýst er í niðurstöðum þessarar ákvörðunar.
102. Samkvæmt samrunaskrá var það mat samrunaaðila að samruninn varðaði markað fyrir greiðsluþjónustu og skaraðist starfsemi samrunaaðila einkum á markaði fyrir færsluhirðingu og á afmörkuðum hluta markaðar fyrir greiðslulausnir (þ.e. markaði fyrir greiðslulausnir fyrir vefsíður).
103. Enn fremur kom fram í samrunaskrá að samrunaaðilar teldu markaðsumhverfi á greiðslukortamarkaði hafa breyst mikið á undanförunum árum sem hafi haft áhrif á samkeppnisumhverfi samrunaaðila. Í því sambandi væru laga- og reglugerðarbreytingar á borð við SEPA (e. *Single Euro Payments Area*), PSD1 og PSD2 til þess fallnar að auka samkeppni, efla nýsköpun, bæta neytendavernd og mynda einn samevrópskan markað fyrir greiðsluþjónustu. Í

²⁹ Sjá 2. mgr. í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður.

³⁰ Sjá nánar 20.- 23. mgr. í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður.

³¹ Sjá nánar 24. mgr. í tilkynningu ESA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður.



samrunaskrá sagði einnig að ein helsta breytingin sem fælist í PSD2 væri að nýir aðilar, sem ekki tengdust greiðslukortakerfum eða færsluhirðingu, gætu veitt þjónustu í beinni samkeppni við þá aðila sem fyrir væru á markaðnum. Einnig var nefnt að eftirspurnarstaðganga milli þjónustuframboða hefði breyst með þeim hætti að söluaðilar gerðu í auknum mæli kröfu um að greiðsluþjónustuveitendur byðu fjölbreytt úrval greiðslulausna og/eða greiðslumiðlun fyrir fleiri en eina tegund greiðslulausna. Þar af leiðandi sneri eftirspurnarstaðganga í augum söluaðila að samsetningu í úrvali og fjölbreytileika þeirra greiðslulausna sem hver og einn þjónustuaðili býði upp á, fremur en staðgöngu milli einstakra greiðslulausna.

104. Í umfjöllun um markaðsskilgreiningar í samrunaskrá vísuðu samrunaaðilar m.a. til fyrri ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem markaður fyrir færsluhirðingu hefur verið skilgreindur sem aðgreindur markaður³². Í því sambandi var sérstaklega vikið að ákvörðun M.9776 - *Worldline/Ingenico*. Í ákvörðuninni komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, á grundvelli markaðsrannsóknar í tengslum við samrunamálið, að rétt væri að greina markaðinn fyrir færsluhirðingu í frekari undirmarkaði eftir því hvort um færsluhirðingu viðskipta á sölustað (e. *Point-of-Sale, POS*) eða færsluhirðingu netviðskipta (e. *e-commerce*) væri að ræða. Samkvæmt samrunaskrá töldu samrunaaðilar hins vegar ekki tilefni til þess að fara að fordæmi framkvæmdastjórnarinnar í þessu sambandi. Til rökstuðnings nefndu samrunaaðilar til dæmis að þóknunir söluaðila til færsluhirða tækju mið af ýmsum breytum, m.a. milligjöldum, skemagjöldum og álagningu færsluhirða. Þó kom fram að færsluhirðing viðskipta á sölustað væri almennt ódýrari en færsluhirðing netviðskipta, en að margar breytur hefðu þar áhrif og því væri ekki víst að færsla á netinu endaði á því að vera dýrari en færsla sömu upphæðar sem greidd væri á sölustað. Til viðbótar nefndu samrunaaðilar að hægt væri að verðleggja endurkröfuáhættu við mat á þóknunum söluaðila en þó væri hægt að leita annarra leiða til að takmarka áhættuna, t.d. með því að nýta heimildir til að fresta greiðslu til söluaðila. Þannig væri það ekki endilega skiptingin á milli netviðskipta og viðskipta á sölustað sem réði þóknun söluaðila heldur stærð og áhættumat á söluaðilum (m.t.t. skulda-og lánshæfisupplýsinga). Samrunaaðilar töldu réttara að greina á milli söluaðila í áhættusömum rekstri og söluaðila í áhættuminni rekstri.
105. Þessu til viðbótar töldu samrunaaðilar skilin á milli netviðskipta og viðskipta á sölustað vera óljós m.t.t. nýrrar tækni sem gerði neytendum kleift að greiða með netgreiðslu á sölustað. Þannig þyrfti netgreiðslum ekki endilega að fylgja aukin áhætta þar sem afhending færi fram samhliða í sumum tilvikum. Einnig nefndu samrunaaðilar stóraukið vægi netverslunar á síðustu misserum og að vörur sem áður voru alla jafnar keyptar á sölustað væru í auknum mæli verslaðar á netinu (t.d. byggingavara, dagvara, lyf, heilsu-og snyrtivara). Þá nefndu samrunaaðilar að söluaðilar þyrftu í auknum mæli á færsluhirðingu að halda fyrir margs konar greiðslur þar sem helstu verslanir byðu upp á hvoru tveggja hefðbundna verslun og netverslun. Þrátt fyrir að hægt væri að semja við sitthvorn aðilann um færsluhirðingu netviðskipta og færsluhirðingu viðskipta á sölustað töldu samrunaaðilar að flestir kysu að nýta sér þjónustu eins og sama aðilans í báðum tilvikum. Þá fullyrtu samrunaaðilar að sú staðreynd að færsluhirðar sem áður sinntu einungis færsluhirðingu netviðskipta sinni nú einnig færsluhirðingu vegna viðskipta á sölustað skyti enn frekari stoðum undir þá röksemd að aðilar á markaðnum yrðu að bjóða færsluhirðingu fyrir báða valkosti.

2.1.2. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

106. Fjallað hefur verið um markaði er lúta að notkun greiðslukorta í ýmsum fyrri úrlausnum samkeppnisyfirvalda, sbr. t.d. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2003, ákvarðanir

³² Ákvarðanir M.10075 - *Nexi/Nets Group*, M.9776 - *Worldline/Ingenico* og M.9759 - *Nexi/Intesa Sanpaolo*.



Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008, 62/2008, 8/2013 og úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í málum nr. 1/2009, 6/2009 og 4/2013. Eins og þessi mál bera með sér hefur Samkeppniseftirlitið talið í fyrri málum að íslenski greiðslukortamarkaðurinn taki einkum til eftirfarandi undirmarkaða:

- a) Markaðarins fyrir færsluhirðingu.
- b) Markaðarins fyrir útgáfu greiðslukorta.

107. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að samruni sá sem hér er til skoðunar tekur fyrst og fremst til markaðarins fyrir færsluhirðingu. Færsluhirðingu má skilgreina sem þjónustu sem gerir söluaðilum kleift að taka við greiðslum með greiðslukortum, ýmist með posum á sölustað eða í gegnum greiðslugáttir á netinu. Færsluhirðir semur við söluaðila, viðheldur viðskiptasambandinu og ábyrgist að söluaðili fái þær viðskiptafjárhæðir greiddar sem kortagreiðslurnar fela í sér.
108. Til greina kemur í máli þessu að gera greinarmun á mögulegum undirmörkuðum færsluhirðingar og nauðsynlegt getur verið að skilgreina tengda markaði. Í þessu sambandi telur Samkeppniseftirlitið nærtækt að hafa sér í lagi hliðsjón af ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9776 - *Worldline/Ingenico* sem felur í sér mikilvæga fordæmisgefandi niðurstöðu varðandi skilgreiningar markaða sem að miklu leyti teljast óumdeilanlega hinir sömu og þeir sem Rapyd og Valitor starfa á.
109. Í framangreindri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar var færsluhirðing skilgreind sem aðgreindur markaður og jafnframt voru m.a. skilgreindir tilteknir aðgreindir undirmarkaðir færsluhirðingar, þ.e. færsluhirðing viðskipta á sölustað annars vegar og færsluhirðing netviðskipta hins vegar. Byggði þessi aðgreining á niðurstöðum markaðsrannsóknar í málinu og fyrri ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar. Markaðsrannsóknin leiddi hins vegar ekki fram ótvíræðar niðurstöður um það hvort rétt væri að greina markaðinn fyrir færsluhirðingu í frekari undirmarkaði, s.s. eftir tegundum greiðslukortakerfa (þ.e. innlend/alþjóðleg), greiðslukortavörumerkjum (þ.e. Visa/Mastercard o.fl.) eða tegundum greiðslukorta (þ.e. debet/kredit). Var ekki talið tilefni til slíkrar aðgreiningar í málinu. Þá komu ekki fram vísbendingar við rannsókn málsins sem gáfu tilefni til að gera greinarmun á heildsölufærsluhirðingu og smásölufærsluhirðingu (eins og hafði áður verið gert í máli M.9759 - *Nexi/Intesa Sanpaolo*) né til þess að skipta markaðnum upp eftir stærð fyrirtækja sem kaupa þjónustuna.
110. Umsagnir markaðsaðila í könnun sem Samkeppniseftirlitið framkvæmdi haustið 2021 vegna samruna Valitors og Rapyd renna stoðum undir það að ekki sé heldur tilefni til aðgreiningar í undirmarkaði í því máli sem hér er til úrlausnar eftir tegund korta (þ.e. debet/kredit), greiðslukortavörumerkjum (þ.e. Visa/Mastercard) eða tegund greiðslukortakerfa (þ.e. alþjóðlegum/innlendum). Umsagnir væntanlegra nýrra samkeppnisaðila á markaðnum fyrir færsluhirðingu í markaðskönnun Samkeppniseftirlitsins bentu hins vegar til að stærrí smásölukæðjur hefðu margbrotnari þarfir en litlir smásöluaðilar og að torvelt (jafnvel ómögulegt) gæti verið fyrir nýja færsluhirða að mæta slíkum margbrotnari þörfum. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru ótvírætt tilteknar vísbendingar um að rétt gæti verið að gera greinarmun í þessu sambandi. Engu að síður telur Samkeppniseftirlitið að ekki sé brýn þörf á að gera greinarmun að þessu leyti í málinu þar sem hinir nýju samkeppnisaðilar höfðu ekki tekið til starfa á markaðnum á rannsóknartímabili málsins.



111. Á Íslandi hafa hingað til ekki verið til staðar aðgreind heildsölu- og smásölustig færsluhirðingar enda eru þau fyrirtæki sem stundað hafa færsluhirðingu hérlendis fram til þessa lóðrétt samþætt og hafa því aðeins starfað á smásölustigi. Aftur á móti, eins og vikið verður að hér aftar, virðast tillögur samrunaaðila að mótaðgerðum (sem ætlað er að eyða skaðlegum áhrifum samrunans) leiða til þess að aðgreint heildsölustig myndist á markaðnum til viðbótar við það smásölustig sem fyrir er á markaðnum.

2.1.2.1. Færsluhirðing viðskipta á sölustað og færsluhirðing netviðskipta

112. Hvað varðar greinarmun á færsluhirðingu á sölustað og færsluhirðingu netviðskipta, segir í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* að meirihluti bæði söluaðila og greiðsluþjónustuveitenda, sem veittu svör í markaðsrannsókn hennar, hafi talið að færsluhirðing á sölustað væri verulega frábrugðin færsluhirðingu netviðskipta. Margir hafi nefnt að veitendur færsluhirðingarþjónustu vegna netviðskipta væru ólíkir og að fleiri þjónustuveitendur væru reiðubúnir til að annast færsluhirðingu netviðskipta eingöngu. Viðbótargjöld og öryggiskröfur tengdar netviðskiptum voru einnig nefndar af mörgum svarendum. Einn greiðsluþjónustuveitandinn benti á að „netviðskipti bera oft með sér meiri hættu á svikum. - Varan eða þjónustan er oft afhent mörgum dögum eftir greiðslu. Þetta skapar endurkröfuáhættu fyrir færsluhirðinn vegna þess að kaupmaðurinn gæti orðið gjaldþrota. Þess vegna er verðlagning greinilega önnur, KYC-ferlið er strangara og nokkur viðbótarskilyrði gilda sem geri færsluhirðinum kleift að mæta endurkröfuáhættu til dæmis.“³³ Þá hafi einnig komið fram að verulegur hluti kaupmanna gefi til kynna að þeir semji um færsluhirðingu netviðskipta með aðskildum hætti frá færsluhirðingu á sölustað.
113. Eins og áður kom fram töldu samrunaaðilar í umfjöllun sinni í samrunaskrá ekki viðeigandi að greina markaðinn fyrir færsluhirðingu í undirmarkaði eftir því hvort um viðskipti á sölustað eða netviðskipti sé að ræða, gagnstætt því sem framkvæmdastjórn ESB hefur álitíð í nýlegum samrunamálum sínum. Samkeppniseftirlitið fær ekki séð að rök samrunaaðila í þessu sambandi, sem rakin voru hér frammar, haggi fordæmisgefandi niðurstöðum framkvæmdastjórnar ESB varðandi aðgreiningu þessara undirmarkaða. Verður hér gerð nánari grein fyrir þeirri afstöðu Samkeppniseftirlitsins.
114. Í fyrsta lagi er það svo að þrátt fyrir að söluaðilabóknun (þ.e. það verð sem söluaðilar greiða fyrir færsluhirðingarþjónustu) taki mið af „ýmsum breytum“ sem samrunaaðilar tilgreina sem milligjöld, skemagjöld og álagningu færsluhirðis, þá er það staðfest af samrunaaðilum sjálfum í samrunaskrá að færslur á sölustað séu almennt ódýrari en færslur sem eiga sér stað með öðrum hætti. Þar með viðurkenna samrunaaðilar að verð séu ólík að öðru óbreyttu sem gefur vísbendingu um að viðkomandi þjónusta tilheyri ekki sama markaði út frá eftirspurnarstaðgöngusjónarmiði.
115. Í öðru lagi fæst ekki annað séð, skv. samrunaskrá, en að endurkröfuáhætta í færsluhirðingu netviðskipta sé til staðar umfram það sem tíðkast í tilviki færsluhirðingar viðskipta á sölustað, [...] ³⁴. Samrunaaðilar nefna að hægt sé að verðleggja endurkröfuáhættuna inn í þóknun færsluhirðis (þ.e. innifela í álagningu færsluhirðis) eða að nýta heimildir til að fresta greiðslu til söluaðila til að takmarka áhættuna. Þannig fæli endurkröfuáhættan ýmist í sér hærra verð í tilviki netviðskipta, að öðru óbreyttu, eða innleiðingu íþyngjandi skilmála sem bent gætu til þess að um annars konar viðskiptafyrirkomulag væri að ræða heldur en í tilviki færsluhirðingar viðskipta á sölustað.

³³ Þýðing Samkeppniseftirlitsins, sjá mgr. 35 í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.9776- *Worldline/Ingenico*.

³⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



116. Í þriðja lagi er minnst á í samrunaskrá að verðlagning færsluhirðis geti m.a. tekið mið af stærð og áhættumati á rekstri hvers söluaðila og því sé, að mati samrunaaðila, réttara að greina á milli söluaðila eftir því hvort þeir séu í áhættusömum rekstri eða ekki. Samkeppniseftirlitið telur þau sjónarmið mögulegan grundvöll til frekari aðgreiningar í undirmarkaði en telur þau hins vegar ekki duga til að hrekja rök fyrir því að gera greinarmun á mörkuðum fyrir færsluhirðingu viðskipta á sölustað annars vegar og netviðskipta hins vegar.
117. Í fjórða lagi telur Samkeppniseftirlitið það sjónarmið samrunaaðila að aðgreining milli net- og hefðbundinna greiðslna sé orðin óljós, ekki duga til að hrekja rökin fyrir aðgreiningu á milli færsluhirðingar viðskipta á staðnum og netviðskipta. Í þessu sambandi skiptir máli að engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu samrunaaðila sem benda til annars en að meginhluti greiðslna á sölustað eigi sér ekki stað með netgreiðslufyrirkomulagi. Ætla má að netgreiðslur á sölustað eigi sér einkum stað í ákveðnum atvinnugreinum (t.d. í veitingageiranum) þar sem tími til að framkvæma greiðslu er almennt meiri en í t.d. dagvöruverslunum.
118. Samkeppniseftirlitið hefur jafnframt aflað álits markaðsaðila á ýmsum atriðum í tengslum við samrunarannsóknina. Svör markaðsaðila gefa vísbendingar um að viðeigandi sé að gera greinarmun á færsluhirðingu eftir því hvort að um viðskipti á sölustað eða netviðskipti sé að ræða. M.a. var leitað álits á því hvort munur væri á verði, skilmálum, verkferlum eða öðrum hliðum þjónustu færsluhirða eftir nokkrum lykilþáttum, líkt og framkvæmdastjórnin gerði í máli M.9776 - *Worldline/Ingenico*. Umsagnaraðilar voru sammála um að það væri munur á verðlagningu milli færsluhirðingar viðskipta á sölustað og netviðskipta. Í öllum tilvikum héldu aðilar því fram að færsluhirðing netviðskipta væri dýrari og nefndu aukna áhættu (t.d. vegna svika eða endurkröfuáhættu vegna seinkaðrar afhendingar) og hærri gjöld til alþjóðlegu greiðslukortakerfanna í tilviki netviðskipta sem ástæðu fyrir því. Umsagnaraðilar voru jafnframt flestir sammála um að það gildi sérstakir viðbótarskilmálar um færsluhirðingu netviðskipta sem lúta einkum að öryggi í tengslum við staðfestingu á réttmæti greiðslna (t.d. 3-D Secure í tilvikum netviðskipta en örgjörvi og PIN-númer í tilvikum viðskipta á sölustað). Þá er ljóst samkvæmt umsögnum markaðsaðila, [...]³⁵, að töluverður munur er á þeim tæknilegu innviðum sem þarf til að veita færsluhirðingarþjónustu vegna viðskipta á sölustað annars vegar og netviðskipta hins vegar. T.d. er hugbúnaður sem afgreiðir greiðslubeiðnir í posum frábrugðinn þeim sem notaður er til að taka við greiðslum í gegnum greiðslugáttir á netinu. Jafnframt tilgreina markaðsaðilar að gerð sé krafa um auknar öryggiskröfur í tilviki netviðskipta sem snúa m.a. að auðkenningu korthafa.
119. Að framangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið rétt að fara að fordæmi framkvæmdastjórnarinnar og gera greinarmun á færsluhirðingu viðskipta á sölustað og færsluhirðingu netviðskipta. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er því sú að um aðgreinda undirmarkaði sé að ræða að þessu leyti.

2.1.2.2. Færsluhirðing netviðskipta eftir uppgjörsmýnt

120. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að færsluhirðingarþjónusta til íslenskra söluaðila með uppgjöri í íslenskum krónum annars vegar og erlendri mynt hins vegar, getur ekki talist sambærileg þjónusta. Þannig er vandséð að flestar verslanir (t.d. dagvöruverslanir) og þjónustufyrirtæki (t.d. bílaverkstæði) sem starfa á Íslandi gætu almennt sætt sig við að fá sölu sína í íslenskum krónum gerða upp í erlendri mynt. Slíku fyrirkomulagi myndi fylgja

³⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



gjalddeyrisáhætta og aukinn viðskiptakostnaður enda þyrfti þorri söluaðila að skipta viðkomandi gjalddeyri í íslenskar krónur til að greiða laun og annan kostnað í íslenskum krónum.

121. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að hafa í huga að uppgjör við íslenska söluaðila í annarri mynt en íslenskri krónu fer almennt í grundvallaratriðum gegn 1. gr. reglna Seðlabankans nr. 31/2011. Í 1. gr. reglnanna segir að þeir aðilar sem ábyrgir eru fyrir færsluhirðingu og skilum á greiðslum fyrir vöru og þjónustu skuli láta greiðsluuppgjör (e. *settlement*) vegna greiðslukorta fara fram í íslenskum krónum. Fram kemur að þetta eigi við í þeim tilvikum þegar bæði útgefandi korts og söluaðili er íslenskur auk þess sem verð fyrir vöru og þjónustu er tilgreint í íslenskum krónum. Samkvæmt 2. gr. sömu reglna getur Seðlabankinn veitt erlendum færsluhirðum sem uppfylla skilyrði til að starfa á íslenskum markaði undanþágu frá 1. gr. ef þeir geta sýnt fram á og ábyrgst að uppgjör fari fram án truflunar. Seðlabankinn endurskoðar veittar undanþágur á sex mánaða fresti en skv. upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið aflaði frá Seðlabankanum í desember 2021 nutu engir færsluhirðar slíkrar undanþágu á þeim tíma. Samkvæmt framangreindu gera reglur Seðlabankans það að verkum að íslenskir söluaðilar geta ekki leitað til hvaða erlenda færsluhirðis sem er jafnvel þótt þeir settu það ekki fyrir sig hvort gert væri upp við þá í íslenskum krónum eða erlendri mynt.
122. Við rannsókn málsins kom í ljós að verulegur munur er á umsvifum erlendra færsluhirða m.t.t. þjónustu við íslenska söluaðila eftir því hvort sala og uppgjör færsluhirtra viðskipta er í krónum eða erlendri mynt. Þannig liggur fyrir, samkvæmt upplýsingum sem Samkeppniseftirlitið aflaði um milligjöld til íslenskra banka eftir færsluhirðum, að talsverður fjöldi erlendra færsluhirða hefur hirt netviðskiptafærslur í erlendri mynt hjá íslenskum söluaðilum. [...] ³⁶ Ekkert bendir til þess að viðkomandi erlendir færsluhirðar markaðssetji þjónustu sína til annarra íslenskra söluaðila, enda eru þeir ekki aðilar að greiðsluöfnunarkerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti (e. *National Net Settlement Service*) sem má telja forsendu fyrir uppgjöri í íslenskum krónum án gengisáhættu og aukins viðskiptakostnaðar.
123. Samkvæmt framangreindu hafa íslenskir söluaðilar úr mun fleiri þjónustuveitendum að velja þegar uppgjör fer fram í erlendri mynt heldur en í íslenskum krónum þar sem töluvert fleiri færsluhirðar en þeir íslensku (og þeir erlendu aðilar sem gerst hafa aðilar að krónuuppgjörskerfi Seðlabankans fyrir kreditkortaviðskipti) eru gjaldgengir þjónustuveitendur.
124. Í þessu sambandi skal jafnframt á það bent að samkvæmt umsögnum markaðsaðila, [...] ³⁷, í framar getinni könnun Samkeppniseftirlitsins í tengslum við rannsókn málsins, er virk samkeppni frá erlendum færsluhirðum meiri þegar um er að ræða söluaðila sem selja vörur/þjónustu í erlendri mynt á netinu.
125. Með vísan til alls framangreinds telur Samkeppniseftirlitið óhjákvæmilegt að gera greinarmun á markaðnum fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum eftir uppgjörsmýnt, þ.e. annars vegar í íslenskum krónum og hins vegar í erlendri mynt. Í því máli sem hér er til úrlausnar er það aðeins markaðurinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum sem hefur verulega þýðingu vegna samrunans því þegar um uppgjör færsluhirðis við söluaðila í erlendri mynt er að ræða í tilviki netviðskipta geta íslenskir söluaðilar valið úr fjölda erlendra færsluhirða. Þannig hefur samruninn minni áhrif á færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í erlendri mynt heldur en færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum.

³⁶ Felld út vegna trúnaðar.

³⁷ Felld út vegna trúnaðar.



2.1.2.3. Heildsölufærsluhirðing og smásölufærsluhirðing

126. Hvað varðar mögulega aðgreiningu á milli heildsölu- og smásölustigs færsluhirðingar, má líta til umfjöllunar í fyrri ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar. Í máli M.9759 – *Nexi/Intesa Sanpaolo* komu til skoðunar þrenns konar viðskiptasambönd í færsluhirðingu. Í fyrsta lagi *beint viðskiptasamband* (e. *Direct Model*), þar sem færsluhirðirinn veitir færsluhirðingarþjónustu milliliðalaust til kaupmanna. Í öðru lagi *óbeint viðskiptasamband* (e. *Referral Model*) sem felst í því að færsluhirðir veitir færsluhirðingarþjónustu beint til kaupmanna sem hafa verið fengnir í viðskipti af bönkum í skiptum fyrir hlutfall af söluaðilapóknuninni sem færsluhirðirinn ákveður. Loks var um svokallað *leyfisfyrirkomulag* (e. *Licensing Model*) að ræða sem felst í því að færsluhirðir veitir færsluhirðingarþjónustu til banka sem í staðinn veita hana kaupmönnum, mögulega í vendlu með annarri fjármálaþjónustu. Í þessu fyrirkomulagi á færsluhirðirinn í samningssambandi við bankann sem á síðan í viðskiptasambandi við kaupmenn og ákveður söluaðilapóknunina. Í ákvörðuninni vísaði framkvæmdastjórnin til þessa síðastnefnda fyrirkomulags sem heildsölufærsluhirðingar en vísaði til hinna tveggja útfærslanna sem smásölufærsluhirðingar.
127. Þannig lýsir framkvæmdastjórnin því svo í ákvörðun sinni að í tilviki smásölufærsluhirðingar semji færsluhirðar beint við söluaðila um veitingu færsluhirðingarþjónustu og ábyrgjast uppgjör við söluaðila á viðskiptafærslum, ólíkt því sem á við í tilviki heildsölufærsluhirðingar.
128. Í umræddri ákvörðun komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að líta á markaðina sem aðgreinda undirmarkaði í ítölsku samhengi, m.a. á grundvelli markaðsrannsóknar. Samkvæmt markaðsrannsókninni taldi meirihluti færsluhirða heildsölufærsluhirðingu vera aðgreindan markað eða aðgreinda dreifingarleið fyrir færsluhirðingarþjónustu þar sem bankinn ræður verðlagningu þjónustunnar. Jafnframt taldi mikill meirihluti færsluhirða samninga milli heildsölufærsluhirðis og smásölufærsluhirðis ekki fela í sér einkaviðskiptasamband (e. *exclusive relationship*).³⁸ Einnig ber að geta þess að sumir færsluhirðar á Ítalíu starfa aðeins á heildsölustigi, t.d. SIA.
129. Í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* taldi framkvæmdastjórnin aftur á móti að ekki væri viðeigandi að gera greinarmun á heildsölufærsluhirðingu og smásölufærsluhirðingu. Vísaði framkvæmdastjórnin til þess að samrunaaðilar hefðu mjög takmörkuð umsvif á því sviði sem hægt væri að skilgreina sem heildsölufærsluhirðingu og greindi að því er virðist litla sem enga skörun á þessu sviði milli samrunaaðila í þeim ríkjum sem þeir störfuðu.
130. Í málinu töldu samrunaaðilar að samstarfssamningar þeirra og annarra við banka (e. *partnerships with banks*) teldust ekki fela í sér heildsölu-/smásöluviðskiptasambönd. Samrunaaðilar töldu þess í stað að líta bæri á banka sem dreifingaraðila færsluhirðingarþjónustu. Töldu þeir upp eftirfarandi rök:
- Færsluhirðar geri samninga við söluaðila beint (þó dæmi séu einnig um þríliða samninga milli söluaðila, færsluhirðis og banka), færsluhirðarnir séu með færsluhirðingarleyfin og beri ábyrgð gagnvart greiðslukortasamsteypunum (t.d. Visa og Mastercard).
 - Viðkomandi bankar starfi aðallega sem dreifileið fyrir færsluhirða og séu ekki eina dreifileið þeirra því færsluhirðarnir hafi eigin sölumenn og samstarfsaðila á því sviði.

³⁸ Með einkaviðskiptasambandi er átt við að bankinn sé skuldbundinn til að vera í viðskiptasambandi við einungis einn færsluhirði.



- Þrátt fyrir að færsluhirðingapjónusta sem boðin sé í samstarfi við viðkomandi banka kunni að vera vörumerkt með nafni bankans, ætti aðeins að líta á slíkt sem vörumerkingu en ekki sem þjónustu sem bankinn veiti.
131. Þrátt fyrir framangreinda afstöðu samrunaaðila kom fram í máli þeirra að (a) viðkomandi bankar hafi bein tengsl við söluaðila, einkum í tilviki stórra viðskiptavina, og lykilsamskiptatengill við söluaðila sé yfirleitt starfsmaður bankans, (b) að bankar kunni að hafa ákveðið svigrúm til að ákveða verðlagningu þjónustunnar (sem þó sé skorðuð af lágmarkarsverði í samningi við færsluhirði), og (c) að bankar geti vöndlað færsluhirðingarþjónustu við aðra fjármálaþjónustu sem þeir bjóða upp á.
 132. Greiðsluþjónustuveitendur sem veittu svör við markaðsrannsókn framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við mál M.9776 – *Worldline/Ingenico* voru flestir sammála um að færsluhirðing væri veitt á bæði heildsölu- og smásölustigi á EES-svæðinu. Hins vegar voru skiptar skoðanir á því hvort tilefni væri til aðgreiningar á þeim svæðum sem samruninn hafði áhrif á (þ.e. í Austurríki, Belgíu, Þýskalandi og Lúxemborg).
 133. Eins og framfar var getið komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til aðgreiningar milli heildsölu- og smásölufærsluhirðingar í umræddu máli. Í því skyni að ná fyllilega utan um umfang starfsemi hvers færsluhirðis við útreikning á markaðshlutdeildum var sú færsluhirðingarþjónusta sem dreift var í gegnum banka talin til hlutdeildar hvers færsluhirðis.
 134. Færsluhirðing hér á landi hefur undanfarin ár alfarið verið í höndum lóðrétt samþættra fyrirtækja sem semja um og veita þjónustuna beint til söluaðila. Hérlendis hefur sem sé beint viðskiptasamband (e. *Direct Model*), sbr. ákvörðun ESB í máli M.9759 – *Nexi/Intesa Sanpaolo*, verið ráðandi fyrirkomulag. Þannig má segja að færsluhirðing hafi aðeins verið veitt á smásölustigi hérlendis undanfarin ár.
 135. Eins og ráða má af framangreindu má líta svo á að svo framarlega sem aðili sem kaupir færsluhirðingu á heildsölustigi og selur hana söluaðilum á smásölustigi fer einn með samningsákvörðunarrétt um verðlagninguna (án aðkomu heildsölufærsluhirðis), sé hægt að líta svo á að viðkomandi aðili sé sjálfstæður keppinautur á smásölustigi að því gefnu að engar hömlur séu á það við hve marga heildsölufærsluhirða viðkomandi aðili getur samið.
 136. Í þessu sambandi ber á það að líta að aðilar (greiðslustofnanir, yfirleitt bankar) sem hyggjast nýta sér þjónustu færsluhirða á heildsölustigi og bjóða færsluhirðingu til söluaðila í smásölu þurfa ekki að búa yfir getu til að annast tæknilega framkvæmd færsluhirðingar. Jafnframt þurfa slíkir aðilar ekki að eiga beina aðild að alþjóðlegu kortakerfunum, né miðlægu uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti. Smásölufærsluhirðir sem starfar eftir slíku fyrirkomulagi á samningssamböndin við söluaðila, viðheldur þeim og ræður verðlagningunni á þjónustunni gagnvart söluaðilum.
 137. Eins og vikið er að hér aftar í umfjöllun um ákvæði sáttar þeirrar er liggur til grundvallar ákvörðunar þessarar, þá mætti líta svo á að þjónustusamningur sá er getið er í 5. gr. sáttarinnar leiði til þess að aðgreindir færsluhirðingarmarkaðir á smásölu- og heildsölustigi myndist hérlendis í kjölfar sáttarinnar. Samningurinn felur í sér að kaupandi færsluhirðingarsamninga mun um tíma starfa á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila og kaupa tiltekna þjónustu af þeim. Nánari umfjöllun í þessu sambandi er að finna í kafla um sáttina hér aftar.



2.1.2.4. Færsluhirðingarvinnsla (og útgáfuvinnsla)

138. Í máli þessu telur Samkeppniseftirlitið rétt að skilgreina markaðinn fyrir færsluhirðingarvinnslu (e. *Acquiring Processing*) sem aðgreindan markað og samhliða að skilgreina útgáfuvinnslu (e. *Issuing Processing*) sem aðgreindan markað. Er þetta í samræmi við nálgun framkvæmdastjórnar ESB í nýlegum samrunamálum á vettvangi hennar.
139. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* segir að færsluhirðingarvinnsla feli í sér tæknilegt vinnsluferli viðskiptafærslna út frá kaupmannshlið viðskiptanna, þar á meðal kerfislega færsluvísun til úrvinnsluaðila útgefanda (e. *Issuer Processor*) og til færsluheimildarathugunar (e. *POS Authorisation*).
140. Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá árinu 2019 í máli M.9452 – *Global Payments/TSYS*, mgr. 9-14, er því ferli lýst sem fer í gang þegar kort er notað til að greiða fyrir vöru eða þjónustu auk þess sem hlutverk ólíkra aðila í ferlinu eru útskýrð. Í umfjölluninni er m.a. gerð grein fyrir verkþjónustubáttunum færsluhirðingarvinnslu og útgáfuvinnslu. Hér að neðan er ferlislýsing framkvæmdastjórnarinnar úr framangreindri ákvörðun í þessu sambandi rakin:
- Þegar verið er að greiða með greiðslukorti er færsluhirði send heimildarbeiðni og greiðsluupplýsingar úr posum eða vefposum söluaðila (eftir því sem við á). Heimildarbeiðnin og greiðsluupplýsingarnar eru síðan áframsendar til viðkomandi kortakerfis (oftast Visa eða Mastercard) til að afla heimildar fyrir greiðslunni.³⁹ Samkvæmt ákvörðuninni er framangreint ferli nefnt færsluhirðingarvinnsla og geta færsluhirðar ýmist sinnt þessum verkþætti sjálfir eða útvistað honum.
 - Þegar hið alþjóðlega kortakerfi móttækur heimildarbeiðnina og greiðsluupplýsingarnar frá færsluhirðingarvinnsluaðilanum, ber kerfið kennsl á kortaútgefandann (sem yfirleitt er banki) og sendir kortafærsluna til úrvinnsluaðila útgefanda (e. *Issuing Processor*). Sá aðili æskir síðan greiðsluheimildar frá kortaútgefandanum. Úrvinnsluaðili útgefanda heldur einnig skrá yfir lokuð kort, kannar hvort færslan sé innan fjárhæðarheimilda korthafans, heldur utan um kortareikninga og útbýr korthafayfirlit og reikninga. Framangreind þjónusta er nefnd útgáfuvinnsla samkvæmt framangreindri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Útgefandinn getur ýmist sinnt útgáfuvinnslunni sjálfur eða útvistað henni.
 - Útgefandinn ákvarðar hvort viðskiptafærslan sé samþykkt á grundvelli viðskiptasambands síns við korthafann (t.d. reikningsstöðu hans). Svar kortaútgefanda (samþykki, höfnun eða annað) er svo sent til baka í gegnum úrvinnsluaðila útgefanda og færsluhirðingarvinnsluaðila.
141. Eins og ljóst má vera af ofangreindu er hlutverk færsluhirðingarvinnsluaðila fyrst og fremst tæknilegs eðlis og tekur m.a. ekki til þjónustu á sviði fjárhagslegs uppgjors viðskipta né veitingar heimildar til þriðju aðila til að starfa undir mögulegu aðalleyfi færsluhirðis að alþjóðlegu kortakerfunum.⁴⁰
142. Samkvæmt gögnum málsins sinna fyrirtækin Valitor, Rapyd og SaltPay öll færsluhirðingarvinnslu fyrir eigin starfsemi enda þótt segja megi að í tilviki færsluhirðingar á

³⁹ Ef færsluhirðir hefur útvistað færsluhirðingarvinnslu má ætla að færslur séu sendar beint til færsluhirðingarvinnsluþjónustuveitanda fremur en til færsluhirðisins.

⁴⁰ Sú þjónusta sem samrunaaðilar hyggjast veita kaupanda eftir afhendingartímabilið, samkvæmt sátt þeirri er fyrir liggur í málinu, er því mun víðtækari en felst í hugtakinu færsluhirðingarvinnsluþjónusta (e. *acquiring processing services*)“ í skilningi ákvarðana framkvæmdastjórnar ESB.



staðnum eigi posaleigusalinn Verifone á Íslandi ehf. („Verifone“) aðild að framkvæmdinni í þeim tilvikum sem posar frá því fyrirtæki eru notaðir af söluaðilum.⁴¹

143. Eins og áður hefur komið fram er hægt að útvista færsluhirðingarvinnslu til þriðju aðila, ýmist annarra færsluhirða eða vinnsluaðila. Slíkt fyrirkomulag þekkist erlendis en lítið hefur borið á því hér innanlands fram til þessa. [...] ⁴²
144. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að greina markaðinn fyrir færsluhirðingarvinnslu í frekari undirmarkaði að sinni, með hliðsjón af gögnum málsins og sjónarmiðum úr markaðsrannsókn framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við mál M.9776 – *Worldline/Ingenico*.

2.1.2.4.1. Munurinn á heildsölufærsluhirðingu og færsluhirðingarvinnslu

145. Eftir því sem ráðið verður af umfjöllun í nýlegum ákvörðunum ESB um færsluhirðingarvinnslu og heildsölufærsluhirðingu verður ekki önnur ályktun dregin en að víðtækur munur sé á kaupum á svonefndri færsluhirðingarvinnslu og heildsölufærsluhirðingu. T.d. verður vart annað skilið en að kaupandi heildsölufærsluhirðingar hafi almennt ekki aðalleyfi (e. *principal licence*) frá alþjóðlegu greiðslukortakerfunum, sinni ekki færsluhirðingarvinnslu og annist ekki frumutanumhald fjárhagsupplýsinga um kortafærslur eftir söluaðilum né um milligjaldabóknanir til kortaútgefenda og alþjóðlegu kortakerfanna. Þannig bjóði kaupandi heildsölufærsluhirðingarþjónustu (yfirleitt banki) söluaðilum færsluhirðingarþjónustu undir eigin vörumerki sem hann hefur að uppistöðu til keypt af heildsölufærsluhirði.
146. Með hliðsjón af umfjöllun í fordæmisgefandi ákvörðunum ESB má álykta að starfi greiðslustofnunar á grundvelli eigin leyfa frá alþjóðlegu kortakerfunum en útvisti færsluhirðingarvinnslu sé ekki um heildsöluviðskiptasamband að ræða milli viðkomandi greiðslustofnunar og þess aðila er veitir færsluhirðingarvinnsluþjónustuna. Hafi hins vegar greiðslustofnunin ekki slík leyfi, mætti mögulega líta svo á að um heildsöluviðskiptasamband sé að ræða, þ.e. ef viðskiptasambandið markast af tilteknum eiginleikum.
147. Þar sem útvegur posa og þar að lútandi þjónusta („posaðjónusta“) er aðgreindur markaður, hefur það ekki áhrif á skilgreiningu á heildsölufærsluhirðingu hver veitir þá þjónustu. Þannig skiptir það ekki máli í þessu sambandi hvort smásölufærsluhirðir, heildsölufærsluhirðir eða þriðji aðili (t.d. Verifone) veitir posaðjónustu við mat á því hvort um heildsölufærsluhirðingu er að ræða eða ekki. Í þessu sambandi skal jafnframt á það bent að ekki er óeðlilegt að áreiðanleikamat á viðskiptahæfi söluaðila (KYC) sé framkvæmt af smásölustigi (af smásölufærsluhirði sem yfirleitt er banki). Smásölufærsluhirðirinn ber þannig fjárhagslega ábyrgð á því mati gagnvart heildsölufærsluhirðinum sem ber svo endanlega ábyrgð gagnvart alþjóðlegu kortakerfunum sem aðalleyfishafi.

2.1.2.5. Vefgáttþjónusta

148. Þá telur Samkeppniseftirlitið rétt að fara að fordæmi framkvæmdastjórnarinnar í sama máli og skilgreina markað fyrir vefgáttþjónustu (e. *e-commerce acceptance services*) sem aðgreindan markað. Vefgáttþjónusta getur falið í sér möguleika á að velja margar tegundir af kortum (t.d. kredit- eða debetkort, ýmis kortakerfi eins og Mastercard og Visa) og getur einnig falið í sér greiðsluvísun þegar um aðra greiðslumáta er að ræða, svo sem stafræn veski (e. *digital wallets*). Vefgáttþjónustu er hægt að bjóða kaupmönnum eina sér eða í samsettri lausn með

⁴¹ Þegar gerðir eru samningar við Verifone um posaleigu þarf Verifone að vera búíð að þróa tengingu/forritunarskil við þann færsluhirði sem viðkomandi söluaðili kaupir færsluhirðingarþjónustu af. Ljóst er að mati Samkeppniseftirlitsins að án slíkrar tengingar/forritunarskila er ekki unnt að veita færsluhirðingarvinnsluþjónustu.

⁴² Fellt út vegna trúnaðar.



færsluhirðingu netviðskipta. Vefgáttaþjónusta er einnig hægt að bjóða öðrum færsluhirðum án eigin vörumerkis (e. *on a white label basis*) sem síðan selja hana áfram til kaupmanna ásamt færsluhirðingu netviðskipta. Samkvæmt markaðsrannsókn framkvæmdastjórnarinnar var umtalsverður hluti söluaðila sem keypti vefgáttaþjónustu og færsluhirðingarþjónustu vegna netviðskipta í sitthvoru lagi. Jafnframt gáfu niðurstöður markaðsrannsóknarinnar ekki tilefni til að aðgreina markaðinn fyrir vefgáttaþjónustu í frekari undirmarkaði eftir t.d. kortategundum. Við rannsókn málsins hafa ekki komið fram vísbendingar sem gefa til kynna að tilefni sé til að ætla að annað gildi um vefgáttaþjónustu hér á landi heldur en erlendis.

2.1.2.6. Posaþjónusta

149. Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaðurinn fyrir útvegum posa og tengda þjónustu (e. *provision of POS terminals and related services*), sem hér verður vísað til í einu lagi sem „posaþjónusta“, aðgreindur markaður. Vísast í þessu sambandi til þess að í fordæmisgefandi ákvörðunum ESB hefur þessi markaður verið talinn aðgreindur þjónustumarkaður og bendir ekkert til annars en að hið sama eigi við hérlendis.
150. Hérlendis er algengast að söluaðilar leigi (en kaupi ekki) posa af þjónustuveitanda og annast viðkomandi þjónustuveitandi þá yfirleitt jafnframt uppfærslur á hugbúnaði posans. Einn aðili sem starfandi er hérlendis, myPOS. ehf., býður söluaðilum eingöngu upp á að kaupa posa, ásamt stoðþjónustu. Hlutdeild myPOS ehf. er afar lítil á þessum markaði.
151. Valitor hefur boðið söluaðilum upp á að leigja frá sér posa en Rapyd hefur ekki boðið upp á útleigu á posum. Þar sem starfsemi samrunaaðila skarast ekki á þessum markaði, gerist ekki þörf á að fjalla frekar um hann hér.

2.1.2.7. Samandregin niðurstaða um þjónustumarkaði málsins

152. Að öllu framangreindu virtu er það mat Samkeppniseftirlitsins að viðeigandi sé að gera greinarmun á eftirfarandi þjónustumörkuðum í málinu:
- Færsluhirðing
 - Færsluhirðing hjá íslenskum söluaðilum vegna viðskipta á sölustað
 - Færsluhirðing hjá íslenskum söluaðilum vegna netviðskipta
 - Með uppgjöri í íslenskum krónum
 - Með uppgjöri í erlendri mynt
 - Heildsölufærsluhirðing og smásölufærsluhirðing
 - Færsluhirðingarvinnsla og útgáfuvinnsla
 - Vefgáttaþjónusta
 - Posaþjónusta
153. Umfang rannsóknarinnar í málinu á áhrifum samrunans á hvern þessara markaða ræðst m.a. af því hver hin landfræðilega vídd hvers ofangreindra þjónustumarkaða um sig er og af því hver ætluð markaðshlutdeild samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum og hversu mikil skörun á sér stað vegna samrunans á þessum mörkuðum.



2.2. Landfræðilegir markaðir

2.2.1. Upprunaleg sjónarmið samrunaaðila skv. samrunaskrá

154. Líkt og áður hefur verið getið komu fram í samrunaskrá ýmis sjónarmið um markaði máls af hálfu samrunaaðila sem áttu eftir að taka breytingum við rannsókn málsins. Þau eru rakin hér fyrst og fremst í því skyni að varpa ljósi bakgrunn rannsókna Samkeppniseftirlitsins á mörkuðum málsins.
155. Samkvæmt samrunaskrá töldu samrunaaðilar að landfræðilegur markaður fyrir færsluhirðingu næði til a.m.k. alls EES-svæðisins. Þannig töldu samrunaaðilar fyrri skilgreiningar samkeppnisfyrvalda á landfræðilegum markaði ekki eiga við í þessu máli, en Samkeppniseftirlitið hefur áður talið landfræðilegan markað fyrir færsluhirðingu takmarkast við landið Ísland.⁴³ Að baki þeirri skilgreiningu lágu tiltekin rök sem samrunaaðilar töldu ekki lengur eiga við þar sem verulegar breytingar hefðu orðið á markaðnum í öllum meginatriðum frá þeim tíma. Fyrri rök samkeppnisfyrvalda í þessu sambandi hefðu m.a. lotið að því að svokallaðar landsreglur (e. *domestic rules*) hefðu verið settar á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum sem hefðu verið til þess fallnar að aðgreina landsbundna markaði og skapa aðgangshindranir. Á þeim tíma hefði yfirgnæfandi meirihluti innlendra söluaðila samið við innlenda aðila um færsluhirðingu og þar að auki hefði verulegur verðmunur verið á færsluhirðingu milli landa, m.a. vegna ólíkra milligjalda vegna debetkorta. Samrunaaðilar bentu í þessu samhengi á það í samrunaskrá að stærstu aðilarnir í færsluhirðingu hér á landi öfluðu nú umtalsverðs hluta tekna sinna með þjónustu til erlendra söluaðila ásamt því að erlendir færsluhirðar, sem hefðu starfsleyfi og höfuðstöðvar í öðrum Evrópuríkjum, sinntu nú þjónustu til íslenskra söluaðila. Að því sögðu töldu samrunaaðilar að skilgreina bæri landfræðilegan markað þessa máls með víðtækari hætti en áður hefði verið gert, eða a.m.k. þannig að hann næði til alls EES-svæðisins.
156. Í samrunaskrá nefndu samrunaaðilar einnig nýlega ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9759 - *Nexi/Intesa Sanpaolo*, þar sem líklegt var talið að landfræðilegur markaður fyrir færsluhirðingu á smásölustigi væri landsbundinn (þ.e. takmarkaður við Ítalíu) þó endanleg afstaða hafi ekki verið tekin til þess í því máli. Samrunaaðilar töldu aftur á móti rétt, með hliðsjón af tilteknum sjónarmiðum sem reifuð voru í téðri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar⁴⁴, að líta bæri svo á að landfræðilegur markaður í tilviki samruna Rapyd og Valitors væri EES-svæðið í heild, enda væru aðstæður hér á landi og annars staðar í Evrópu að miklu leyti frábrugðnar aðstæðum á Ítalíu. Í því samhengi nefndu samrunaaðilar að Evrópumarkaður væri orðinn einsleitur og að með gildistöku nýrra laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 væri greiðslustofnunum sem hefðu staðfestu og starfsleyfi í öðru EES ríki heimilt að veita þjónustu hér á landi með eða án stofnunar útibús (sjá 27. og 28. gr. laga nr. 114/2021)⁴⁵. Jafnframt bentu samrunaaðilar á að sjónarmið um staðbundnar áherslur í kortagreiðslum á Ítalíu, þar sem 30-40% innlendra kortagreiðslna mátti rekja til sér ítalsks greiðslukortakerfis, Pago Bancomat, ættu ekki við á Íslandi. Þá héldu samrunaaðilar því fram að [...] ⁴⁶ söluaðila héraendis keyptu þjónustu af erlendum markaðsaðilum og töldu víst að lítil en varanleg verðhækkun íslenskra færsluhirða myndi leiða til tekjumissis þar sem meirihluti söluaðila myndi skipta yfir til erlendra færsluhirða, líkt og niðurstöður markaðsrannsókna í fyrri málum framkvæmdastjórnar ESB hafi gefið til kynna.

⁴³ Sjá m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2013 *Misnotkun Valitor á markaðsráðandi stöðu og brot gegn ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008*.

⁴⁴ Sjá mgr. 49-57 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB M.9759 - *Nexi/Intesa Sanpaolo*.

⁴⁵ <https://www.althingi.is/lagas/151c/2021114.html>

⁴⁶ Fellt út vegna trúnaðar.



157. Framangreindu til viðbótar töldu samrunaaðilar nýlega innkomu alþjóðlegra aðila sýna aðgengileika fyrirtækja með starfsleyfi í Evrópu að íslenska markaðnum og nefndu í dæmaskyni tilkynningu Planet Payment um færsluhirðingarþjónustu sína hér á landi þann 10. júní 2021. Jafnframt töldu samrunaaðilar útrás íslensku færsluhirðanna vera til marks um að markaður fyrir færsluhirðingu næði til alls EES-svæðisins hið minnsta [...] ⁴⁷. Þá nefndu samrunaaðilar að með lögum nr. 31/2019 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur hafi milligjöld verið samræmd innan EES-svæðisins og að innlendir markaðsaðilar nýttu nú sömu kerfi og evrópskir keppinautar þeirra, án milligöngu Reiknistofu bankanna. Að lokum nefndu samrunaaðilar að erlendir færsluhirðar gætu færsluhirt greiðslur og gert upp við söluaðila í íslenskum krónum með því að fara í gegnum tiltekið ferli sem felst í því að gerast aðili að uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti (NNSS), skrá myntina hjá kortasamsteypunum og setja upp íslenskan bankareikning. Enn fremur nefndu samrunaaðilar að tiltekni íslenskir söluaðilar, þá helst aðilar í ferðaþjónustu, kysu að fá gert upp í erlendri mynt.
158. Á grundvelli umfjöllunar sinnar töldu samrunaaðilar að landfræðilegur markaður fyrir færsluhirðingu næði a.m.k. til alls EES-svæðisins. Samrunaaðilar töldu að sömu sjónarmið ættu við um færsluhirðingu viðskipta á sölustað og færsluhirðingu netviðskipta í þessu sambandi.

2.2.2. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

159. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins hefur markaðurinn fyrir færsluhirðingu verið talinn afmarkast við landið Ísland ⁴⁸. Í ljósi innleiðingar á breyttu samevrópsku lagaumhverfi hérlendis sem lýtur að þessari starfsemi telur Samkeppniseftirlitið m.a. viðeigandi í þessu máli að líta til nýlegra erlendra fordæma.

2.2.2.1. Færsluhirðing viðskipta á sölustað

160. Við landfræðilega afmörkun markaðarins fyrir færsluhirðingu viðskipta á sölustað í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico*, var ráðist í markaðsrannsókn. Samkvæmt henni komu í ljós vísbendingar um að markaðurinn fyrir færsluhirðingu væri að þróast í áttina að því að verða EES-svæðið í heild. Verulegur hluti söluaðila kvaðst myndi íhuga að kaupa færsluhirðingarþjónustu af erlendum færsluhirði ef til lítillar en varanlegrar verðhækkunar (e. *small but significant and non-transitory increase in price, SSNIP*) á þjónustu innlendra færsluhirða kæmi. Aftur á móti var meirihluti söluaðila þeirrar skoðunar að í tilviki færsluhirðingar viðskipta á sölustað kæmi einungis til greina að kaupa færsluhirðingarþjónustu af færsluhirðum með starfsstöð innanlands (e. *local presence*) með vísan til þess að það væri mikilvægt að færsluhirðinn gæti veitt aðstoð á tungumáli landsmanna og gæti sinnt tæknilegri stoðþjónustu á staðnum. Einnig nefndu söluaðilar að innlend kortakerfi væru fyrirstaða þar sem erlendir færsluhirðar gætu yfirleitt ekki þjónustað greiðslur sem fara gegnum innlend kortakerfi. Í téðri markaðsrannsókn gáfu greiðsluþjónustuveitendur ekki eins skýr svör og söluaðilar varðandi það hvort starfsstöð innanlands væri nauðsynleg til að geta boðið færsluhirðingu viðskipta á sölustað. Svörin gáfu hins vegar sterkar vísbendingar um að starfsstöð væri nauðsynleg til að (i) geta veitt tæknilega þjónustu á staðnum, (ii) uppfylla kröfur um áreiðanleikamat á viðskiptavinum (e. *know your customer „KYC“ requirements*), (iii) aðlagast innlendu regluverki og (iv) veita þjónustu á innlendu tungumáli.
161. Niðurstaða framkvæmdastjórnar ESB í framangreindu máli var því sú að markaðurinn fyrir færsluhirðingu viðskipta á sölustað væri landsbundinn. Samkeppniseftirlitið telur það sama eiga við í því máli sem hér er til skoðunar og vísar því til stuðnings til þeirra gagna sem aflað

⁴⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴⁸ Sjá t.d. ákvörðun nr. 8/2013



hefur verið í tengslum við rannsókn málsins. Verður nú rakið nánar hvaða atriði það eru sem einkum hafa þýðingu í því sambandi.

162. Í fyrsta lagi gefa gögn sem aflað var við rannsókn málsins sterka vísbendingu um að landfræðilegur markaður færsluhirðingar á sölustað afmarkist við landið Ísland. Samkvæmt markaðshlutdeildarútreikningum Samkeppniseftirlitsins hafa erlendir færsluhirðar hverfandi hlutdeild meðal íslenskra söluaðila vegna færsluhirðingar á sölustað. Yfirgnæfandi meirihluti íslenskra söluaðila kaupa færsluhirðingarþjónustu vegna viðskipta á sölustað af innlendum færsluhirðum. Hið sama gildir í tilviki færsluhirðingar netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum þar sem gert er upp í íslenskum krónum. Hins vegar kom fram dæmi um umfangsmikla færsluhirðingu erlendra færsluhirða á netviðskiptum eins íslensks fyrirtækis, þ.e. Icelandair, við erlenda viðskiptavinum og var þá uppgjör í erlendri mynt en ekki í íslenskum krónum.
163. Í öðru lagi var það einróma álit þeirra umsagnaraðila sem tóku afstöðu, [...],⁴⁹ að landfræðilegur markaður færsluhirðingar viðskipta á sölustað væri bundinn við það ríki þar sem þjónustan væri veitt. Einn umsagnaraðili, [...],⁵⁰ nefndi í því sambandi m.a. KYC-ferlið (áreiðanleikamat á viðskiptavinum), samskiptatungumálið, kröfur sem gerðar eru til færsluhirða sem vilja gera upp í íslenskum krónum og einnig að tryggja þyrfti viðbragðsflýti við tækni- og viðhaldsþjónustu posa. Annar umsagnaraðili, [...],⁵¹ nefndi þó að undantekningar væru á þeirri meginreglu að samkeppnin væri landsbundin, enda væru dæmi um að erlendir færsluhirðar hefðu starfsemi á Íslandi, en að innkomu erlendra aðila á íslenskan færsluhirðingarmarkað fylgdi töluverður kostnaður og áhætta. Umsagnaraðilinn nefndi jafnframt að framtíðarþróun með tilkomu betri lausna og aukinnar samræmingar regluverks innan EES-svæðisins gæti leitt til aukinnar samkeppni á milli íslenskra og alþjóðlegra færsluhirða. Í dag væri staðan hins vegar þannig að erlendir færsluhirðar gætu ekki veitt trúverðugt samkeppnislegt aðhald nema með því að leggjast í umtalsverðan kostnað og áhættu. Allir umsagnaraðilar töldu nauðsynlegt eða æskilegt að færsluhirðir hefði starfsstöð í því landi þar sem færsluhirðing viðskipta á sölustað er boðin m.t.t. viðbragðsflýtis, gæða þjónustu, samskiptatungumáls og öruggar upplifunar söluaðila. Samkeppniseftirlitið réðst ekki í könnun meðal söluaðila í tengslum við rannsókn málsins en samkvæmt markaðsrannsókn sem framkvæmdastjórn ESB framkvæmdi í tengslum við mál M.9776 – *Worldline/Ingenico* var meirihluti söluaðila jafnframt þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt fyrir færsluhirði að vera með starfsstöð í landinu til þess að geta veitt þjónustu á innlendu tungumáli og til að geta sinnt nauðsynlegri tæknilegri viðhalds- og viðbragðsþjónustu.
164. Í þriðja lagi liggur skýrt fyrir að mati Samkeppniseftirlitsins að íslenska krónan felur í sér töluverða aðgangshindrun að markaðnum fyrir erlenda færsluhirða. Þeir þurfa að gerast aðilar að krónuuppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti og koma sér upp greiðslureikningi (hb 26) hjá íslenskum viðskiptabanka. Samkeppniseftirlitið hefur upplýsingar um að það geti reynst erfitt fyrir færsluhirða sem hyggjast bjóða þjónustu sína hérlendis að verða sér úti um slíkan hlaupareikning hjá íslensku bönkunum vegna takmarkaðs áhuga þeirra á að þjónusta færsluhirða vegna eftirlitsbyrði og áhættu sem þeim tengist.
165. Í fjórða lagi, með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins og þeim aðgangshindrunum sem til staðar eru, má ætla að erlendir aðilar sjái ekki hag sinn í innkomu á íslenskan markað. Þessu til viðbótar ber að nefna að íslenski markaðurinn er tiltölulega mettaður hvað varðar grunnþjónustu færsluhirðingar, þ.e.a.s. nánast allir söluaðilar taka við greiðslukortum nú þegar.

⁴⁹ Felld út vegna trúnaðar.

⁵⁰ Felld út vegna trúnaðar.

⁵¹ Felld út vegna trúnaðar.



Það þýðir að vaxtarmöguleikar íslenska markaðarins fyrir færsluhirðingu eru afar takmarkaðir. Allt leiðir þetta til þess að erlendir aðilar hafa að öllum líkindum takmarkaðan hvata til innkomu á markaðinn þrátt fyrir að hindranir séu yfirstíganlegar.

2.2.2.2. Færsluhirðing netviðskipta eftir uppgjörsmýnt

166. Eins og rakið var hér framar telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að gera greinarmun á færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum annars vegar og með uppgjöri í erlendri mynt hins vegar. Tengist sú aðgreining að nokkru leyti sjónarmiðum er lúta að landfræðilegri vídd markaðarins fyrir færsluhirðingu netviðskipta. Hér framar hefur því þegar, að hluta til, verið fjallað um sjónarmið er tengjast mati á landfræðilegri vídd markaðarins fyrir færsluhirðingu netviðskipta.
167. Að mati Samkeppniseftirlitsins er landfræðilegur markaður fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum ólíkur eftir því hvort uppgjör fer fram í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Þannig telur Samkeppniseftirlitið markað fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum með uppgjöri í íslenskum krónum vera landsbundinn en markað fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum með uppgjöri í erlendri mynt vera EES-svæðið eða víðari. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir ótvírætt til þess að erlendir færsluhirðar hafi hverfandi hlutdeild í færsluhirðingu fyrir íslenska söluaðila sem æskja uppgjörs í íslenskum krónum. Til að mynda hafa einungis fjórir erlendir færsluhirðar gerst aðilar að krónuuppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti (*National Net Settlement Service*) vegna færsluhirðingar bæði Visa og Mastercard greiðslna í krónum. Aðeins tveir af þessum fjórum færsluhirðum hafa marktæka (en samt mjög litla) hlutdeild í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Þá hefur Samkeppniseftirlitið fengið staðfest að einn þeirra, [...] ⁵², hafi ekki hirt neina veltu hjá íslenskum söluaðilum á árunum 2019-2021. Aftur á móti virðist, á grundvelli gagna sem Samkeppniseftirlitið aflaði um milligjaldagreiðslur erlendra færsluhirða til íslenskra banka, fjöldi erlendra færsluhirða hafa hirt færslur vegna netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum og gert upp við þá í erlendri mynt. ⁵³
168. Með vísan til ofangreindra atriða og umfjöllunar hér framar um þjónustumarkaðinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta, telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á frekari umfjöllun um forsendur þess að telja markaðinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum bundinn við landið Ísland enda hafa samrunaaðilar ekki fært fram haldbær rök gegn þessari nálgun.

2.2.2.3. Heildsölufærsluhirðing

169. Landfræðileg vídd markaðarins fyrir heildsölufærsluhirðingu hefur ekki verið skilgreind endanlega í ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, en í ákvörðun M.9759 - *Nexi/Intesa Sanpaolo* voru gögn talin benda til þess að landfræðileg vídd markaðarins næði til alls EES-svæðisins.
170. Ljóst er að heildsölufærsluhirðir þarf að búa yfir aðallegjum frá alþjóðlegu greiðslukortakerfunum. Einnig er ljóst að færsluhirðir sem hyggst selja færsluhirðingarþjónustu á heildsölustigi til aðila sem kemur til með að bjóða þjónustuna áfram til íslenskra söluaðila sem æskja uppgjörs í íslenskum krónum þarf að gerast aðili að miðlægu uppgjörskerfi Seðlabanka Íslands fyrir kreditkortaviðskipti og stofna hlaupareikning hjá íslenskum banka sem hefur reynst nokkrum erfiðleikum bundið eins og áður hefur verið rakið. Þá þarf viðkomandi

⁵² Felld út vegna trúnaðar.

⁵³ Um lágar fjárhæðir var að ræða í þessu sambandi.



heildsölufærsluhirðir að hafa eða láta koma upp viðeigandi tengingum við sig gegnum posa söluaðila. Að auki þurfa að vera til staðar viðeigandi hugbúnaðartengingar vegna kassakerfa og e.a. bókhaldskerfa einstakra íslenskra söluaðila sem þyrfti að smíða ef þær eru ekki þegar til staðar hjá viðkomandi heildsölufærsluhirði. Þá þarf viðkomandi heildsölufærsluhirðir, eða viðskiptavinir hans á smásölustigi, að þróa viðeigandi lausnir til að unnt sé að færsluhirða viðskipti á eldsneytisstöðvum ásamt því að koma á viðeigandi verkferlum til að geta færsluhirt gjafa- og aukakrónukort Landsbankans og færsluhirt vefviðskipti í íslenskum krónum vegna staðlamisræmis. Er þá ekki allt upptalið.

171. Að mati Samkeppniseftirlitsins benda þessi atriði, og sú staðreynd að enginn erlendur færsluhirðir hefur teljandi hlutdeild í færsluhirðingu viðskipta í íslenskum krónum, til þess að það sama gildi um landfræðilega vídd markaðarins fyrir heildsölufærsluhirðingu og um aðra færsluhirðingarstarfsemi þar sem uppgjör fer fram í íslenskum krónum, þ.e. að landfræðileg vídd markaðarins fyrir heildsölufærsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum afmarkist að miklu leyti til við landið Ísland.
172. Hafa ber þó í huga að fáeinir erlendir færsluhirðar hafa gerst aðilar að miðlægu uppgjörskerfi Seðlabankans fyrir kreditkortaviðskipti fyrir bæði Visa og Mastercard greiðslur enda þótt hlutdeild þeirra sé hverfandi hérlendis. Einnig ber að hafa í huga að ef greiðsluliðkandi sem hefur yfir að ráða miklu magni viðskiptasambanda, líkt og mun leiða af sátt þeirri er liggur til grundvallar ákvörðun þessari, hefði samband við erlendan færsluhirði um veitingu heildsölufærsluhirðingarþjónustu til sín, kynni slíkur erlendur færsluhirðir að telja það áhugaverðan kost að gera heildsölusamning við slíkan greiðsluliðkanda í ljósi þess að mikil viðskipti fylgdu strax slíkum samningi.
173. Að öllu samanlögðu telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt í þessu máli að taka endanlega afstöðu til þess hvort landfræðilegur markaður fyrir heildsölufærsluhirðingu í máli þessu sé bundinn við landið Ísland eða sé t.d. allt EES-svæðið. Ætla má að almennt fari þetta eftir kringumstæðum samningsaðila.

2.2.2.4. Færsluhirðingarvinnsla

174. Í ákvörðun sinni í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* taldi framkvæmdastjórn ESB að landfræðileg vídd markaðarins fyrir færsluhirðingarvinnslu væri EES-svæðið. Samkvæmt markaðsrannsókn framkvæmdastjórnar ESB í þessu máli töldu flestir færsluhirðar, sem úthýsa þeirri þjónustu, alþjóðlega vinnsluaðila vera færa um að veita allar tegundir færsluhirðingarvinnsluþjónustu með áreiðanlegum hætti innan EES-svæðisins. Þá töldu flestir færsluhirðar í könnuninni að hægt væri að kaupa slíka þjónustu af aðilum hvar sem er innan EES-svæðisins án teljandi hindrana.
175. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samruna Rapyd og Valitors hafa komið fram upplýsingar sem benda til þess að landfræðilegi markaðurinn fyrir færsluhirðingarvinnsluþjónustu við íslenska söluaðila kunni að vera víðari en landið Ísland. Nánar tiltekið hefur [...] ⁵⁴.
176. Á grundvelli þess sem fram kom í umsagnarferlum í málinu er við því að búast að nýir keppinautar á markaðnum þurfi að axla meiri aðlögunarkostnað vegna kaupa á þessari þjónustu af erlendum aðila heldur en ef þjónustuveitandinn væri eitt af lóðrétt samþættu íslensku færsluhirðingarfyrtækjunum þremur.

⁵⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



177. Með vísan til framangreinds eru því að mati Samkeppniseftirlitsins viss rök bæði með og á móti því telja landfræðilega markaðinn fyrir færsluhirðingarvinnslu víðari en landið Ísland.
178. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki nauðsynlegt að taka eindregna afstöðu til þess hvort landfræðilegi markaðurinn fyrir færsluhirðingarvinnslu sé víðari en landið Ísland í þessu máli og verður því ekki tekin afstaða til þess hér.

2.2.2.5. Vefgáttapjónusta

179. Hvað varðar vefgáttapjónustu gefa gögn málsins ekki tilefni til að ætla að annað eigi við hérlendis heldur en erlendis hvað varðar landfræðilega vídd markaðarins. Í samræmi við það telur Samkeppniseftirlitið rétt að fara að fordæmi framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* og skilgreina landfræðilega markaðinn fyrir vefgáttapjónustu við íslenska söluaðila sem EES-svæðið.
180. Markaðsrannsókn framkvæmdastjórnarinnar gaf til kynna að mikill meirihluti kaupenda vefgáttapjónustu horfi, eða gæti horft, til alls EES-svæðisins við val á vefgáttapjónustuveitanda. Keppinautar á markaðnum sögðust jafnframt geta veitt vefgáttapjónustu um allt EES-svæðið og töldu engar verulegar hindranir vera því til fyrirstöðu. Enn fremur leiddi markaðsrannsóknin í ljós að meirihluti kaupenda myndi færa sig í viðskipti við annan aðila innan EES-svæðisins ef verð innlendra vefgáttapjónustuveitenda myndi hækka um 5-10%. Samkvæmt svörum markaðsaðila við könnun sem Samkeppniseftirlitið framkvæmdi haustið 2021 í tengslum við samrunarannsóknina bjóða greiðslupjónustuaðilar söluaðilum vefgáttapjónustu frá þriðja aðila og/eða sína eigin [...] ⁵⁵.

2.2.2.6. Posapjónusta

181. Þar sem ekki er skörun á milli samrunaaðila á markaðnum fyrir posapjónustu, gætir áhrifa samrunans lítt á þeim markaði. Það skal hins vegar engu að síður tekið fram að Samkeppniseftirlitið telur ekkert benda til annars en að landfræðilegi markaðurinn fyrir posapjónustu í þessu máli sé landsbundinn eins og í hinu nýlega fordæmismáli ESB í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico*.

2.3. Samandregin niðurstaða um markaði málsins

182. Að mati Samkeppniseftirlitsins er „meginmarkaður málsins“ heildarmarkaðurinn fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum vegna netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum og vegna viðskipta á sölustað á Íslandi (óháð uppgjörsmýnt).
183. Fyrir liggur að markaðurinn fyrir færsluhirðingu netviðskipta hjá íslenskum söluaðilum með uppgjöri í erlendri mynt er EES-svæðið eða víðara og hefur samruninn því lítil áhrif á þann markað.
184. Þar sem fordæmi og umsagnir benda til að landfræðilegi markaðurinn fyrir vefgáttapjónustu við íslenska söluaðila sé EES-svæðið eða víðara, þykir ljóst, með hliðsjón af smæð íslenska markaðarins í víðara samhengi, að samruni Valitors og Rapyd ætti ekki að valda mikilli samþjöppun á því sviði. Þ.e.a.s., þeir sem þarfnast vefgáttapjónustu ættu að geta leitað til erlendra þjónustuveitenda jafnt sem innlendra þjónustuveitenda til að fá hana.
185. Hvorki Valitor né Rapyd hafa boðið þriðju aðilum færsluhirðingarvinnslupjónustu hérlendis og hefur samruninn því ekki bein áhrif á framboð þeirrar þjónustu á mögulegum aðgreindum

⁵⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



markaði fyrir þá þjónustu hérlendis. Hefur þessi mögulegi undirmarkaður því takmarkaða þýðingu einn og sér en hafa ber í huga að þessi þjónusta getur talist hluti af heildsölufærsluhirðingarþjónustu.

186. Þá liggur fyrir að ekki er skörun á milli samrunaaðila á markaði fyrir posaþjónustu. Þar af leiðandi er ekki um samþjöppun að ræða af völdum samrunans á þeim markaði. Í þessu sambandi skal það tekið fram að samrunaaðilar hafa lýst því yfir að tillögur þeirra að mótaðgerðum hafi ekki áhrif á markaðshlutdeild í posaþjónustu. Segja má að þar af leiðandi hafi þessi markaður tiltölulega takmarkaða þýðingu í málinu.
187. Svo sem fram kemur hér framar hefur máli þessu lokið með gerð sáttar við samrunaaðila þar sem þeir fallast á tiltekin skilyrði. Eins og vikið er að hér aftar fela mótaðgerðir samrunaaðila samkvæmt sáttinni m.a. í sér að þeir muni um tíma veita kaupanda færsluhirðingarsamninga tiltekna þjónustu um tíma eftir kaupin. Svo sem rökstutt er hér aftar, er það mat Samkeppniseftirlitsins að þetta samsvari því að kaupandinn kaupir færsluhirðingarþjónustu á heildsölustigi af samrunaaðilum og að kaupandi samninganna muni eingöngu starfa á smásölustigi færsluhirðingar. Markaður fyrir heildsölufærsluhirðingarþjónustu hefur því þýðingu í málinu. Nánar er vikið að mati í þessu sambandi í kafla aftar um sáttarskilyrðin.
188. Sátt Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila grundvallast m.a. á framangreindri afmörkun á mörkuðum málsins.

3. Staða fyrirtækja á helstu mörkuðum málsins

189. Hér á eftir er fjallað um stöðu samrunaaðila og keppinauta þeirra á helstu mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

3.1. Hlutdeild á helstu mörkuðum málsins

3.1.1. Sjónarmið samrunaaðila

190. Í samrunaskrá settu samrunaaðilar fram tiltekna áætlun varðandi hlutdeildarskiptingu á grundvelli færsluhirtrar veltu í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum. Það mat samrunaaðila var hins vegar ekki raunhæft að mati Samkeppniseftirlitsins og kom eftirlitið því á framfæri við samrunaaðila tiltölulega snemma við vinnslu málsins. Tengist það m.a. skilgreiningu markaða sem fjallað var um í kafla hér að framan.
191. Ljóst er að mat samrunaaðila sjálfra í þessu sambandi hefur tekið veigamiklum breytingum við rannsókn málsins og telur Samkeppniseftirlitið því að það hafi litla sem enga þýðingu að fjalla hér um það mat samrunaaðila á hlutdeild sinni og annarra aðila á markaðnum sem birtist í samrunaskrá.
192. Líta verður svo á að við vinnslu málsins hafi Rapyd fallist á þá markaðsskilgreiningu og mat á hlutdeild sem Samkeppniseftirlitið hefur kynnt fyrir félaginu og fram kemur hér á eftir. Þannig hefur Rapyd fallist á mat Samkeppniseftirlitsins á samanlagðri hlutdeild samrunaaðila út frá færsluhirtri veltu í heild. Vísast í því sambandi til þess sem fram kom í bréfi Rapyd, dags. 4. janúar 2022, til Samkeppniseftirlitsins sem var svar Rapyd við bréfi eftirlitsins, dags. 23. desember 2021.⁵⁶

⁵⁶ Svo sem fram kemur hér framar reifaði Samkeppniseftirlitið, í bréfi sínu 23. desember 2021, frummat sitt á áhrifum samrunans og gerði alvarlegar athugasemdir við áformaða útfærslu Rapyd á sölu færsluhirðingarsamninga og setti m.a. að auki fram fyrirvara við val Rapyd á kaupanda að þeim.



193. Arion banki/Valitor hefur ekki sett fram nein aðgreind sjónarmið í þessu sambandi og verður því ekki önnur ályktun dregin en að svar Rapyd sé sameiginlegt svar samrunaaðila.

3.1.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

194. Í samræmi við þá markaðsskilgreiningu sem fram kemur í kafla um markaði málsins hér að framan hefur Samkeppniseftirlitið lagt mat á hlutdeild aðila í færsluhirðingu í heild, færsluhirðingu á staðnum og færsluhirðingu netviðskipta. Aðferðin við útreikningana byggir á því að meta hlutdeildina út frá færsluhirtri veltu hvers færsluhirðis í hlutfalli við samanlagða færsluhirta veltu á viðkomandi markaði. Þessi aðferð er viðtekin í fordæmismálum á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB. Niðurstaðan sem fram kemur hér á eftir byggir á beinni upplýsingaöflun um færsluhirta veltu frá Valitor, Rapyd, SaltPay, Nets og iCard AD.
195. Í ljósi mikils umfangs kortaveltu í starfsemi Ícelandair, og sem liður í mati á afmörkun markaða málsins sbr. umfjöllun í kafla um það hér að framan, var haft samband við Ícelandair til að afla upplýsinga um færsluhirta veltu félagsins, aðgreint eftir því hvort um ISK veltu væri að ræða eða veltu í erlendri mynt, brotið niður eftir færsluhirðum. Þá var spurt um mynt uppgjörs frá færsluhirðum.
196. Við vinnslu málsins komu fram upplýsingar frá Valitor um að Festi hefði samið við Valitor um færsluhirðingu og myndi framkvæmd færsluhirðingarinnar í þessu sambandi færast til Valitors frá SaltPay í árslok 2021. Veltan sem fylgir slíkum samningi við Festi vegur afar þungt í færsluhirðingu hérlendis. M.a. í ljósi þessara upplýsinga ákvað Samkeppniseftirlitið að kanna hvort fleiri veigamiklir viðskiptavinir í færsluhirðingu hefðu fært viðskipti sín milli þjónustuveitenda um eða eftir mitt ár 2021 en upphafleg gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins um færsluhirta veltu fyrir árið 2021 náði aðeins til 30. júní.⁵⁷ Voru Valitor, SaltPay og Rapyd beðin um að áætla færsluhirta ársveltu vegna hvers samnings sem fluttist til og voru þær áætlanir bornar saman til að ganga úr skugga um að lítil frávík væru á milli áætlana mismunandi færsluhirða. Í ljós kom að nokkrir veigamiklir viðskiptavinir auk Festar höfðu fært viðskipti sín frá SaltPay til Valitors og Rapyd en einnig höfðu átt sér stað nokkrar tilfærslur milli Valitors og Rapyd í báðar áttir. Enginn veigamikill viðskiptavinur hafði fært viðskipti sín frá Valitor eða Rapyd til SaltPay á viðkomandi tímabili.
197. Út frá upplýsingum um færsluhirta veltu á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 áætlaði Samkeppniseftirlitið færsluhirta veltu ársins 2021 í heild og tók þar m.a. mið af því að veltan á síðari helmingi ársins er almennt meiri en á fyrri helmingi vegna jólaverslunar og aukins fjölda ferðamanna á síðari hluta árs. Skal hér vísað til þessarar áætlunar fyrir árið í heild sem grunnáætlunar fyrir árið í heild til aðgreiningar frá mati á hlutdeild aðila að teknu tilliti til tilfærslna veigamikilla viðskiptavina. Eftir að hafa framkvæmt grunnáætlunina framkvæmdi Samkeppniseftirlitið viðeigandi útreikninga á því hvaða áhrif tilfærsla samninga frá um miðju ári 2021 hefði á færsluhirta veltu á ársgrundvelli í tilviki hvers færsluhirðis.
198. Í byrjun árs 2022 aflaði Samkeppniseftirlitið svo upplýsinga um færsluhirta veltu á árinu 2021 í heild frá öllum færsluhirðunum sem áður hafði verið aflað upplýsinga frá. Var það einkum gert til að draga fram endanlega heildarveltu ársins á markaðnum sem erfitt var að spá fyrir um vegna fjölgunar ferðamanna á síðari helmingi ársins samanborið við sama tímabil árið 2020. Jafnframt var markmiðið að draga fram hvort einhverjar óvæntar vendingar í þróun markaðshlutdeildar hefðu átt sér stað á síðari helmingi ársins. Samanburður á grunnáætlun Samkeppniseftirlitsins um skiptingu færsluhirtrar veltu fyrir árið í heild (áður en tekið er tillit til

⁵⁷ Veigamiklir viðskiptavinir í þessu sambandi voru skilgreindir sem viðskiptavinir með ársveltu yfir 1,5 ma.kr.



tilfærslna veigamikilla aðila) við endanlegar tölur í þessu sambandi fyrir árið í heild, sýndi að hlutdeild samrunaaðila var svolítið meiri samkvæmt endanlegu tölunum fyrir árið í heild en í grunnáætlun Samkeppniseftirlitsins.

199. Þessi mismunur er hins vegar í samræmi við það sem við er að búast því hluti af veltu vegna tilfærslna veigamikilla viðskiptavina var þegar farinn að telja á síðari helmingi ársins 2021 í endanlegu tölunum fyrir árið í heild. Veltuáhrifum vegna tilfærslnanna var hins vegar alfarið haldið utan við mat Samkeppniseftirlitsins í grunnáætlun þess fyrir árið. Endanlegt mat Samkeppniseftirlitsins á skiptingu markaðshlutdeilda fyrir árið fólst í því, í tilviki hvers færsluhirðis, að bæta við eða draga frá grunnáætluninni ársveltu hvers söluaðila sem færðist milli færsluhirða, eftir því sem við átti. Þar sem færsluhirt ársvelta vegna tilfærðra viðskiptavina í *endanlegu mati* Samkeppniseftirlitsins er lögð við eða dregin frá eftir því sem við á í tilviki hvers færsluhirðis, er nauðsynlegt að halda áhrifum tilfærslnanna á færsluhirta veltu hvers færsluhirðis á síðari helmingi ársins 2021 *utan við* útreikningana í *grunnáætluninni*.
200. Að teknu tilliti til þess að áhrifum tilfærslnanna var alfarið haldið utan við útreikningana í grunnáætluninni voru endanlegar tölur sem aflað var um færsluhirta veltu ársins 2021 í samræmi við það sem búist var við. Breytist því ekki endanlegt mat Samkeppniseftirlitsins á hlutdeild aðila á markaðnum, þ.e. eftir að búið er að taka tillit til tilfærslna söluaðila.
201. [...] ⁵⁸ Þar af leiðandi mun ekki öll ársvelta viðkomandi félags tilheyra Valitor á árinu 2022. Vegur þetta einnig upp á móti því að hlutdeild samrunaaðila mældist meiri í endanlegum veltutölum fyrir árið 2021 í heild en í grunnáætlun Samkeppniseftirlitsins.
202. Þar sem meginhluti viðskiptanna við Festi færast ekki yfir til Valitors fyrr en á árinu 2022 taka útreikningarnir óhjákvæmilega og nauðsynlega mið af gerðum samningum. [...] ⁵⁹
203. Ljóst er að ætíð er einhver ónákvæmni fólgin í mati á áhrifum tilfærslna af því tagi sem lýst var hér að framan. Engu að síður telur Samkeppniseftirlitið að þeir útreikningar sem framkvæmdir hafa verið í því skyni að leiða fram rétta niðurstöðu um áhrif þessara tilfærslna á hlutdeild á markaðnum séu óhjákvæmilegir og nauðsynlegir svo að unnt sé að gefa rétta mynd af þeirri hlutdeild sem gildandi færsluhirðingarsamningar endurspeglar. Í þessu sambandi skal það undirstrikað að útreikningarnir eru byggðir á samanbornum upplýsingum frá þeim færsluhirðum sem í hlut eiga. ⁶⁰ Rök standa því til þess að útreikningarnir gefi glögga mynd af stöðu aðila á markaðnum.
204. Með vísan til alls framangreinds er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins um skiptingu markaðshlutdeildar sem hér segir að teknu tilliti til áhrifa af tilfærslum veigamikilla viðskiptavina um og upp úr miðju ári 2021 á færsluhirta veltu mismunandi færsluhirða:

⁵⁸ Felld út vegna trúnaðar.

⁵⁹ Felld út vegna trúnaðar.

⁶⁰ Þess skal getið að leiða má að því líkur að veltuáhrif (og þar af leiðandi hlutdeildaráhrif) tilflutnings Festa til Valitors kunni að vera vanmetin sé horft til framtíðar því ársvelta Festa er líkleg til að aukast, að öðru óbreyttu, á árinu 2022 samanborett við árið 2021 vegna fjölgunar ferðamanna og hærri eldsneytisverðs. Einnig geta mögulegar verðhækkunar (hugsanlega tímabundnar) vegna Covid-19-drifinnar hækkunar á verði ýmissa innfluttra dagvara leitt til þess að velta Festa verði meiri en á móti kemur að íslenska krónan hefur styrkst að undanförunu og kann það að vinna gegn slíkum áhrifum ef styrkingin reynist varanleg út árið eða heldur áfram.

**Tafla 1. Markaðshlutdeild nú að teknu tilliti til tilfærslu samninga**

	Færsluhirðing viðskipta á staðnum	Færsluhirðing netviðskipta (ISK)	Færsluhirðing samanlagt
Valitor	[50 - 55]%	[45 - 50]%	[50 - 55]%
Rapyd	[20 - 25]%	[5 - 10]%	[20 - 25]%
Alls samrunaðilar	[70 - 75]%	[55 - 60]%	[70 - 75]%
SaltPay	[20 - 25]%	[35 - 40]%	[25 - 30]%
Aðrir	[0 - 5]%	[0 - 5]%	[0 - 5]%

205. Líkt og lesa má út úr töflunni, öðlast samrunaaðilar afgerandi markaðsráðandi stöðu við samrunann og/eða möguleg markaðsráðandi staða Valitors styrkist til muna ef hinn tilkynnti samruni myndi ná fram að ganga án íhlutunar. Útreikningar Samkeppniseftirlitsins á grundvelli ofangreindra niðurstaðna sýna að samþjöppunarvísitala Herfindahl-Hirschman (HHI) myndi hækka um meira en 2000 stig í færsluhirðingu samanlagt.

206. Hér að neðan er hlutdeildin á markaðnum á grundvelli færsluhirtrar veltu sýnd fyrir tímabilið 2019 til 2021 án sérstaks tillits til tilfærslna samninga á árinu 2021 en áhrif þeirra koma ekki að fullu fram fyrr en árið 2022 í færsluhirtri veltu.

Tafla 2. Markaðshlutdeild í færsluhirðingu án tillits til tilfærslu samninga árið 2021

	Vegna viðskipta alls			Vegna viðsk. á staðnum			Vegna netviðskipta (ISK)		
	2019	2020	2021*	2019	2020	2021*	2019	2020	2021*
Valitor	[40-45]%	[40-45]%	[40-45]%	[40-45]%	[40-45]%	[40-45]%	[35-40]%	[50-55]%	[45-50]%
Rapyd	[10-15]%	[10-15]%	[15-20]%	[10-15]%	[10-15]%	[20-25]%	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
SaltPay	[45-50]%	[40-45]%	[35-40]%	[40-45]%	[40-45]%	[35-40]%	[50-55]%	[40-45]%	[40-45]%
Aðrir	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%

* Ekki er hér tekið tillit til samningstilfærslna veigamikilla viðskiptavina á árinu 2021 en áhrif þeirra koma ekki að fullu fram fyrr en árið 2022

207. Eins og ráða má að nokkru leyti af því sem fram kemur í töflunni hér að ofan, hefur markaðshlutdeild Rapyd í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum vegna viðskipta alls á markaði málsins tvöfaldast frá árinu 2019. Þá kemur fram í töflunni að hlutdeild Valitors hefur verið tiltölulega stöðug á tímabilinu á sama tíma og hlutdeild SaltPay hefur minnkað töluvert (bæði í færsluhirðingu á staðnum og færsluhirðingu netviðskipta).

3.2. Staða á öðrum mögulegum aðgreindum mörkuðum málsins

208. Líkt og fram kemur í kafla um markaðsskilgreiningu hafa íslenskir færsluhirðar hingað til sinnt færsluhirðingarvinnslu sjálfir og hefur því hingað til ekki verið fyrir hendi aðgreindur markaður fyrir þessa þjónustu hérlendis. Í því ljósi verður hér ekki fjallað um stöðu á þeim markaði.

209. Eins og getið er um í lok kafla um markaðsskilgreiningu og nánar kemur fram hér aftar, þá er unnt að líta svo á að við sölu færsluhirðingarsamninga úr fórum samrunaaðila í kjölfar sáttarinnar muni samrunaaðilar veita kaupanda samninganna færsluhirðingarþjónustu á heildsölustigi um tíma. Fyrir samrunann er hins vegar enginn eiginlegur markaður fyrir þessa þjónustu hérlendis og því ekki grundvöllur til að leggja mat á markaðshlutdeild á þessum mögulega aðgreinda markaði.

3.3. Fjárhagslegur styrkleiki þjónustuveitenda á markaði málsins

210. Þau fyrirtæki sem starfa á markaðnum fyrir færsluhirðingu á Íslandi eru einkum þrjú, þ.e. Valitor, SaltPay og Rapyd. Þátttaka danska stórfyrirtækisins Nets á markaði fyrir færsluhirðingu hérlendis virðist afmarkast við þjónustu við verslanir alþjóðlegra smásölukeðja sem sett hafa



upp útibú/dótturfélög hérlendis. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst á grundvelli þeirra gagna sem aflað hefur verið við rannsókn málsins að Nets hefur ekki gert sig gildandi í samkeppni um þjónustu við íslenska söluaðila almennt hingað til, heldur afmarkast þjónustan að mestu við framangreind alþjóðleg verslanaútibú hérlendis. Hlutdeild Nets í færsluhirðingu hérlendis styður þetta óumdeilanlega. Telur Samkeppniseftirlitið á þessum grundvelli að ekki sé viðeigandi að fjalla hér um fjárhagslegan styrk Nets.

211. Hvað varðar samkeppni búlgarska fyrirtækisins iCard AD á íslenska markaðnum þá er samkeppni þess félags svo afmörkuð og hlutdeild þess félags svo lítil að vart er hægt að líta svo á að sú þjónusta sem það félag veitir á íslenska færsluhirðingarmarkaðnum sé nægilega umfangsmikil eða fjölbætt (m.t.t. þarfa meðalstórra og stærri söluaðila) til að það hafi þýðingu að taka fjárhagslegan styrk þess félags með í reikninginn við mat á stöðu aðila á markaðnum.
212. Einnig er rétt að benda á í tengslum við ofangreint að þrátt fyrir að iCard AD og Nets hafi starfað hér í allmörg ár, hefur hvorugur þessara aðila öðlast burðuga stöðu á markaðnum. [...] ⁶¹
213. Með vísan til ofangreinds koma hér að neðan eingöngu fram helstu fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum Valitors hf., SaltPay IIB hf. og Rapyd Europe hf. sem veitt geta vísbendingu um fjárhagslegan styrk þessara aðila markaðnum. ⁶²

Tafla 3. Fjárhagslegur styrkur helstu keppinauta á markaði málsins *

<i>M.kr.</i>	Valitor hf.	Rapyd Europe hf.	SaltPay IIB hf.
Heildareignir	26.056	5.317	17.205
Eigið fé	7.315	1.220	3.622
Eiginfjárlutfall	28,1%	22,9%	21,1%
Heildartekjur	12.811	3.282	8.166
Rekstrarhagnaður	-389	-447	-1.517
Hagnaður e. skatta	-307	-285	-1.209

* Samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2020

214. Valitor er langstærsta fyrirtækið á markaði málsins af þeim íslensku fyrirtækjum sem þar starfa. Við samrunann verða samanlagðar heildareignir Valitors og Rapyd Europe hf. tæplega tvöfalt meiri en heildareignir helsta keppinautarins SaltPay IIB hf. Áþekk mynd dregst upp út frá tekjum. Eiginfjárlutfall Valitors og Rapyd Europe hf. eru sterkari en eiginfjárlutfall SaltPay IIB hf. enda þótt lítil munur sé í þessu sambandi milli Rapyd Europe hf. og SaltPay IIB hf.
215. Starfsemi þessara þriggja fyrirtækja hefur gengið illa undanfarin ár. Öll félögin skiluðu tapi árið 2020 og einnig skiluðu þau tapi árið 2019. Afkoman versnaði milli þessara tveggja ára hjá SaltPay IIB hf. og Rapyd Europe hf. en fór batnandi hjá Valitor og hefur sá bati haldið áfram því samkvæmt nýútgefnum ársreikningi Valitors fyrir árið 2021 skilaði Valitor 333 milljóna króna hagnaði eftir skatta á árinu 2021.
216. Eins og ljóst má vera af framangreindu styrkir greining á fjárhagslegri stöðu félaganna þá ályktun, sem dregin var út frá mati á markaðshlutdeild, að samruninn leiði til afgerandi markaðsráðandi stöðu samrunaaðila eða styrkingar á mögulegri markaðsráðandi stöðu Valitors.

⁶¹ Felld út vegna trúnaðar.

⁶² Til aðgreiningar frá móðurfélögum SaltPay IIB hf. og Rapyd Europe hf. er hér vísað til íslensku dótturfélaganna með fullu nafni.



4. Mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans án iðlutunar

217. Hér verður í upphafi gerð grein fyrir mati Samkeppniseftirlitsins á áhrifum samrunans án skilyrða. Því næst verður vikið að mati Samkeppniseftirlitsins á tillögum samrunaaðila að mótaðgerðum.
218. Áhrif samrunans á samkeppni án mótaðgerða eru afar mikil eins og ráða má af því sem fram kom í kaflanum hér á undan um stöðu fyrirtækja á helstu mörkuðum málsins.
219. Útreikningar Samkeppniseftirlitsins á grundvelli greiningar á markaðshlutdeild sýna að samþjöppunarvísitala Herfindahl-Hirschman (HHI) aukist um meira en 2000 stig við samrunann á meginmarkaði málsins, að öðru óbreyttu. Samþjöppunaráhrif samrunans eru því gífurleg og margfalt umfram það sem talið er ásættanlegt í samrunamálum í EES/ESB samkeppnisrétti. Að mati Samkeppniseftirlitsins liggur því ljóst fyrir að samruninn er til þess fallinn að skaða samkeppni verulega nema til komi umfangsmiklar mótaðgerðir.

4.1. Afgerandi markaðsráðandi staða myndast

220. Eins og rakið var hér framar áttu sér stað talsvert miklar breytingar á markaðshlutdeild á árinu 2021 að teknu tilliti til nýrra og tapaðra samninga við söluaðila. Þannig jókst samanlögð hlutdeild samrunaaðila í færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum, úr [55-60]% upp í [70-75]% á meginmarkaði málsins. Samhliða dróst markaðshlutdeild SaltPay enn frekar saman.
221. Ekkert hefur komið fram við rannsókn Samkeppniseftirlitsins sem bendir til annars en að umsvif erlendra færsluhirða á meginmarkaði málsins séu ákaflega lítil eins og fram hefur komið hér framar.
222. Með hliðsjón af markaðshlutdeild samrunaaðila á meginmarkaði málsins er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að samruninn leiðir til markaðsráðandi stöðu sameinaðs félags á meginmarkaði málsins að öðru óbreyttu. Einnig kemur til álita að líta svo á að samruninn leiði til verulegrar styrkingar á mögulegri markaðsráðandi stöðu Valitors (sem gögn málsins benda til að kunni að hafa myndast vegna færsluhirðingarsamninga við stóra viðskiptavini sem Valitor vann á árinu 2021). Þegar af þessum ástæðum er ljóst að samruninn er til þess fallinn að skaða samkeppni nema til komu mjög umfangsmiklar mótaðgerðir.
223. Það sem vekur athygli í tengslum við tilfærslur veigamikilla viðskiptavina um og eftir mitt ár 2021 er að engir stórir færsluhirðingarsamningar færðust til SaltPay á sama tíma og slíkir samningar færðust frá SaltPay til samrunaaðila. Meðal þess sem Rapyd hélt fram við rannsókn málsins var að þessar hreyfingar gætu gengið til baka á næstunni. Í tengslum við þetta lagði Samkeppniseftirlitið mat á hvort rök stæðu til þess að ætla að um væri að ræða tímabundnar hreyfingar. Í þessu sambandi leit Samkeppniseftirlitið m.a. til þess að markaðshlutdeild SaltPay hefur legið niður á við samfellt í þrjú ár og að þessi þróun styrktist á árinu 2021. Meðal annars á þessum grundvelli taldi Samkeppniseftirlitið að óhjákvæmilegt væri að byggja mat á markaðshlutdeild aðila á markaðnum á þeirri stöðu sem leiddi af fyrirbyggjandi samningstilfærslum þótt þær væru aðeins að hluta til komnar fram í færsluhirtri veltu samrunaaðila á árinu 2021. Meginatriðið er að bollalaggingar um mögulegan viðsnúning og markaðssókn SaltPay (eða annarra keppinauta) í framtíðinni geta ekki legið til grundvallar mati á því hvort samruninn sé samþýðanlegur samkeppnislögum. Gerðir samningar eru hins vegar fyrirbyggjandi og eðlilegt er því að taka tillit til þess hvaða áhrif þeir hafa á markaðshlutdeild aðila á markaðnum, sér í lagi þegar ljóslega er um veruleg áhrif að ræða eins og í þessu tilviki.



224. Eins og fram hefur komið leitaði Samkeppniseftirlitið umsagnar markaðsaðila á ýmsum atriðum er tengjast markaðnum fyrir færsluhirðingu hérlendis og á samrunanum sjálfum.
225. Meðal annars var leitað sjónarmiða um það hvort íslenskir söluaðilar hefðu úr nægilegu úrvali burðugra veitenda færsluhirðingarþjónustu að velja ef samruninn yrði samþykktur. Flestir markaðsaðilar sem leitað var áhlits hjá voru þeirrar skoðunar að við samrunann fækkaði þeim aðilum sem hefðu teljandi markaðshlutdeild á markaðnum úr þremur í tvo og því hefðu söluaðilar takmarkað val.
226. Þá kemur það ekki á óvart að flestir markaðsaðilar töldu samrunann líklegan til að hafa neikvæð áhrif á verð fyrir færsluhirðingu til íslenskra söluaðila ef af honum yrði, þ.e. að verð á færsluhirðingu til söluaðila myndi hækka.
227. Markaðsaðilar komu einnig á framfæri við Samkeppniseftirlitið áhyggjum af því að sameinað félag kunní að skapa enn frekari hindranir með því að tvíanna eða vöndla saman þjónustu, t.d. hefðbundna færsluhirðingu og raðgreiðslusamninga eða posatengda þjónustu.

4.2. Samkeppnisnánd o.fl.

228. Eitt af því sem skiptir miklu máli við mat á áhrifum samruna á samkeppni er hvort og hversu nánir keppinautar samrunaaðilar eru. Í samræmi við það aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða í gagnaöflun sinni um það hverjir væru nánustu keppinautar einstakra færsluhirða. Í svari sínu nefndi Rapyd að innlendu færsluhirðarnir bjóði svipaðar lausnir og Rapyd og jafnframt að erlendir færsluhirðar bjóði lausnir sem íslenskir söluaðilar sækja í og nefndi í því sambandi myPOS, Nets og Adyen. Í svari sínu við sömu spurningu nefndi Valitor að sínir helstu keppinautar væru Rapyd ásamt SaltPay og Planet Payments.
229. Bæði Valitor og Rapyd nefna hina íslensku færsluhirðana sem nána keppinauta sína og virðist mega skilja svar Valitors svo að Rapyd sé nánasti keppinautur félagsins en SaltPay og Planet Payments fylgi þar á eftir. Samkvæmt mati Samkeppniseftirlitsins á markaðshlutdeild hinna erlendu færsluhirða sem Rapyd nefnir einnig til sögunnar, er samanlögð hlutdeild þeirra á meginmarkaði málsins afar rýr og hverfandi samanborið við núverandi hlutdeild Rapyd og samanlagða hlutdeild samrunaaðila. Í stuttu máli er ósennilegt að mati Samkeppniseftirlitsins að þessir erlendu aðilar geti talist nánir keppinautar Rapyd. Hvað varðar Planet Payments, sem Valitor nefnir til sögunnar í þessu sambandi, þá gefa gögn málsins ekki til kynna að það félag hafi verið aðili að jöfnunarkerfi Seðlabankans fyrir kreditkortaviðskipti í íslenskum krónum né að félagið hafi boðið þjónustu sína á skilgreindum meginmarkaði málsins.
230. Af ofangreindum svörum Valitors og Rapyd verður vart önnur ályktun dregin en að um sé að ræða samruna tveggja félaga sem talist geta nánir keppinautar hvor annars. Þetta eitt og sér vekur áhyggjur Samkeppniseftirlitsins af því að samruninn gæti skaðað samkeppni á markaði fyrir færsluhirðingu.
231. Það skiptir einnig máli í þessu sambandi að Valitor og Rapyd hafa verið framsæknari samkeppnisaðilar á markaðnum undanfarin ár heldur en SaltPay. Í þessu sambandi skal á það bent að við gagnaöflun um tilfærslur færsluhirðingarsamninga við veigamikla viðskiptavinum frá um miðju ári 2021 kom í ljós að Rapyd og Valitor unnu slíka samninga hvor frá öðrum en SaltPay vann enga slíka samninga frá þeim. Nærtækt er með hliðsjón af þessu að draga þá ályktun að mikil samkeppni hafi ríkt milli Valitor og Rapyd, en samkeppni SaltPay hafi verið veik gagnvart báðum enda hefur fyrirtækið tapað hlutdeild til bæði Valitors og Rapyd frá árinu 2019. Þetta



gefur til kynna að samruni þessara tveggja fyrirtækja kunni að vera sérlega skaðlegur samkeppni á markaðnum.

232. Fyrir utan framangreint bendir Samkeppniseftirlitið á að hlutdeild Rapyd á markaði málsins hefur tvöfaldast frá árinu 2019 sem gæti bent til að Rapyd sé mikilvægt samkeppnisafli (*e. important competitive force*) á markaðnum. Ljóst er því að ef af samruna Valitors og Rapyd yrði, þá hyrfi af markaðnum það fyrirtæki sem hefur í hvað mestri sókn á markaðnum undanfarin ár og þannig gegnt mikilvægu hlutverki í samkeppnislegu tilliti á markaðnum.⁶³
233. Þrátt fyrir framangreint verður ekki fram hjá því litið að afkoma Rapyd Europe hf. undanfarin ár hefur verið afar slök (taprekstur) sem gæti gefið til kynna að sókn félagsins á markaðnum undanfarin ár hafi ekki verið fyllilega sjálfbær.⁶⁴
234. Hvað sem þessu líður, þá verður ekki önnur ályktun dregin af öllu framangreindu en að það væri til þess fallið að skaða samkeppni verulega ef af samruna Valitors og Rapyd yrði, nema til kæmu fullnægjandi mótaðgerðir.

4.3. Áhrif aðgangshindrana

235. Til að geta starfað sem færsluhirðir þurfa fyrirtæki almennt að hafa eða verða sér úti um leyfi frá útbreiddustu alþjóðlegu kortakerfunum, þ.e. Mastercard og Visa. Fyrir nýja aðila sem ekki hafa slík leyfi getur það tekið tíma að verða sér úti um þau og ekki er hægt að ganga að því vísu að slík leyfi fáist.⁶⁵ Mögulegt er þó fyrir nýja þjónustuveitendur að leita eftir því að gera samning við starfandi færsluhirða um að starfa undir þeirra aðalleyfum og þá á ábyrgð þeirra gagnvart alþjóðlegu kortakerfunum. Slíkir þjónustuveitendur eru í þeim tilvikum skráðir sem aukaaðilar að alþjóðlegu kortakerfunum, s.s. sem greiðslulíðkendur (*e. payment facilitators*) undir aðalleyfi annars færsluhirðis svo sem fyrr segir. Þess háttar starfsemi, sem vikið verður að hér aftar í kafla um mótaðgerðir samrunaaðila, getur því aðeins skapað viðhlítandi samkeppnisaðhald á markaði ef viðkomandi þjónustuveitandi tekur einn ákvörðun um kjör í samningum við söluaðila (þ.e. án aðkomu aðalleyfishafans) og ennfremur að engin takmörk séu á því við hve marga aðalleyfishafa viðkomandi þjónustuveitandi gerir samninga.
236. Flestir markaðsaðilar sem leitað var áhlits hjá töldu aðgangshindranir að íslenska færsluhirðingarmarkaðnum vera umtalsverðar, bæði fyrir nýja innlenda aðila jafnt sem starfandi erlenda aðila. Vikið var að þessum aðgangshindrunum hér frammar í kafla um markaðsskilgreiningu og í kafla um umsagnir markaðsaðila. Meðal þeirra hindrana sem nefndar voru tengjast íslensku krónunni. Var þannig bent á að færsluhirðar sem hyggjast hefja starfsemi hérlendis þurfa gera upp við söluaðila í íslenskum krónum gegnum alþjóðlegu greiðslukerfin og í því skyni þurfa þeir að gerast aðilar að jöfnunarkerfi Seðlabanka Íslands fyrir kredikortagreiðslur í íslenskum krónum (*e. National Net Settlement Service, NNSS*) sem hefur m.a. í för með sér þá kvöð að setja upp hlaupareikning hjá íslenskum viðskiptabanka. Á grundvelli svara sem bankarnir veittu Samkeppniseftirlitinu í tengslum við slíkt tilvik getur verið torvelt fyrir nýja færsluhirða að stofna slíkan reikning hjá íslensku bönkunum vegna áhættu sem bankarnir meta að tengist færsluhirðingarstarfsemi og vegna eftirlits sem bankarnir þurfa að sinna vegna viðskiptasambandsins.

⁶³ Við samrunann verður til nýtt fyrirtæki sem að meirihluta til byggir á starfsemi Valitors.

⁶⁴ Í ársreikningi Rapyd Europe hf. fyrir árið 2020 kemur m.a. fram að hlutafé félagsins hafi verið aukið um liðlega 460 m.kr. á árinu með útgáfu nýrra hluta og að allt hlutafé hafi verið selt á nafnverði. Þá kemur fram að hlutafé félagsins hafi verið lækkað um 600 m.kr. og yfirverðsreikningur lækkaður um liðlega 81 m.kr. til þess að jafna tap félagsins.

⁶⁵ Við meðferð málsins var því haldið fram af tilteknum viðmælendum að Visa veiti sjaldan ný aðalleyfi í Evrópu.



237. Flestir markaðsaðilar telja að nauðsynlegt sé fyrir færsluhirða að vera með starfsstöð á Íslandi og að geta veitt þjónustu til íslenskra söluaðila á íslensku. Þetta getur verið hindrun í tilvikum erlendra færsluhirða þar sem íslenski markaðurinn er bæði afar smár í alþjóðlegum samanburði og mikið til mettaður (greiðslukortanotkun er mjög útbreidd og því lítils vaxtar að vænta á grundvelli vaxandi notkunar greiðslukorta í stað reiðufjár í viðskiptum).
238. Rapyd hefur látið í ljós skoðanir sínar á ofangreindum aðgangshindrunum og telur að þær séu auðveldlega yfirstíganlegar á tiltölulega skömmum tíma. Sá veruleiki sem við blasir er hins vegar sá að örfáir erlendir aðilar hafa tekið þau skref sem þarf til að yfirstíga þessa tálma og hafa lítt eða ekki reynt að gera sig gildandi á íslenskum færsluhirðingarmarkaði enda eru þeir með hverfandi markaðshlutdeild á meginmarkaði málsins.
239. Markaðsaðilar hafa einnig bent á að ákveðin aðgangshindrun að markaðnum felist í því að nýr færsluhirðir þurfi að byggja upp tengingar við ýmis kerfi til að ná álíka breidd í vöruframboði sínu og þeir færsluhirðar sem fyrir séu á markaðnum bjóða upp á. Það eigi við um færsluhirðingu bæði viðskipta á sölustað og netviðskipta. Margir kaupmenn tengi posa sína við afgreiðslu- eða kassakerfi til að einfalda ferla og bæta þjónustu. Flest slík kerfi séu þróuð og/eða þjónustuð af innlendum hugbúnaðarfyrirtækjum og vinna þurfi að nýjum tengingum við kerfin í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækin. Í netviðskiptum þurfi í öllum tilfellum að tengja greiðslugátt við vefverslun kaupmanns, en yfirleitt notist kaupmenn við alþjóðleg vefumsjónarkerfi á þeim vettvangi. Flestir markaðsaðilar voru jafnframt þeirrar skoðunar að Aukakrónukort og gjafakort Landsbankans geti falið í sér mögulegar aðgangshindranir, þar sem færsluhirðing slíkra greiðslukorta þarfnist sérstakra tenginga og utanumhalds. Loks hafa markaðsaðilar bent á að það geti verið afar kostnaðarsamt fyrir nýja aðila að setja upp nauðsynlegar tengingar við nýjan færsluhirði í posum Verifone á Íslandi ehf. sem leigir út útbreiddustu posana á Íslandi. Allt gerir þetta að verkum að verulegur stofnkostnaður getur fylgt því að setja á fót nýja færsluhirðingarstarfsemi á Íslandi, bæði vegna beins kostnaðar og
240. Frá upphafi rannsóknarinnar hefur legið fyrir að tveir íslenskir lögaðilar áforma að hefja starfsemi á markaðnum fyrir færsluhirðingu hérlendis. Þessir aðilar hafa þurft að undirbúa innkomu sína á markaðinn í langan tíma sem hefur reynst bæði erfitt og tímafrekt samkvæmt lýsingu þeirra. Vandasamt er að spá fyrir um það hvernig þessum aðilum muni vegna á markaðnum og ljóst er að ekki er unnt að taka mið af þessari mögulegu samkeppni við mat á því hvort samruni Valitors og Rapyd sé samþýðanlegur samkeppnislögum. Engu að síður sýnir innkoma þessara aðila á markaðinn að hann er ekki með öllu lokaður nýrri samkeppni þrátt fyrir aðgangshindranir séu ljóslega fyrir hendi eins og rakið hefur verið hér frammar.

V. Sátt um mótaðgerðir til að eyða skaðlegum áhrifum samrunans

241. Samkeppniseftirlitið hefur við meðferð þessa máls komið frummati sínu á framfæri við samrunaaðila á stöðufundum, með formlegum erindum og öðrum samskiptum. Hafa samrunaaðilar brugðist við frummati eftirlitsins jafnóðum. Þar á meðal óskuðu samrunaaðilar eftir viðræðum um sátt í málinu.
242. Tillögur að sáttarskilyrðum voru lagðar fram af hálfu samrunaaðila á meðan á rannsókn málsins stóð en þær tóku breytingum sem miðuðu að því að mæta athugasemdum sem Samkeppniseftirlitið gerði við þær eins og fram kemur í málavaxtalýsingu. Um síðir náðist sátt um skilyrði fyrir því að heimila samrunann eins fram kemur í upphafi ákvörðunarinnar. Skilyrðin fela í sér mótaðgerðir sem ætlað er að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni og er sáttin í heild birt í ákvörðunarorðum í lok ákvörðunarinnar.



243. Á meðan rannsókn málsins stóð yfir, réðst Samkeppniseftirlitið tvisvar sinnum í umsagnarferli meðal markaðsaðila. Annars vegar var ráðist í umsagnarferli haustið 2021 til að afla sjónarmiða um m.a. skilgreiningu markaða og áhrif samrunans að óbreyttu. Snemma árs 2022 var ráðist í umsagnarferli sem nefnt er markaðspróf til að draga fram sjónarmið markaðsaðila varðandi tillögur samrunaaðila að mótaðgerðum í formi sáttarskilyrða.
244. Seðlabanki Íslands hefur m.a. það hlutverk að stuðla að virku og öflugu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun innanlands og við útlönd. Jafnframt hefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands eftirlit með starfsemi eftirlitsskyldra aðila í samræmi við lög og reglur á viðkomandi sviði. Í þessu ljósi hefur Samkeppniseftirlitið leitast við að halda Seðlabankanum upplýstum um rannsóknina, frummat eftirlitsins og þær viðræður sem nú hafa leitt til sáttar í málinu. Hefur eftirlitið átt nokkur samtöl við Seðlabankann vegna þessa. Þá hefur Seðlabankanum verið boðið að koma á framfæri umsögnum í málinu. Þannig var bankanum boðið að veita umsögn haustið 2021, en bankinn ákvað að skila ekki inn umsögn. Jafnframt var bankanum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum varðandi sáttarskilyrðin í tengslum við markaðsprófið 2022, en bankinn kaus að skila ekki umsögn.
245. Við úrlausn málsins hefur Samkeppniseftirlitið m.a. byggt á fordæmisgefandi ákvörðunum í samrunamálum sem lúta að færsluhirðingarstarfsemi og tengdri þjónustu á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB. Jafnframt hefur Samkeppniseftirlitið tekið mið af ýmsu sem fram kom í umsögnum markaðsaðila.
246. Sáttin byggist fyrst og fremst á því að samrunaaðilar selji frá sér umfangsmikið og fjölbreytt safn færsluhirðingarsamninga til hæfs kaupanda.⁶⁶ Í framhaldi af sölu samninganna er sameinuðu félagi óheimilt að keppa um viðskipti við viðkomandi söluaðila í tiltekinn tíma til þess að stuðla að því að kaupandi samninganna nái fótfestu á markaðnum.
247. Hér á eftir verður fjallað nánar um sáttina og þær stoðir sem hún byggir á. Efnisumfjöllunin greinist í eftirfarandi kafla:
- Sala færsluhirðingarsamninga og tengd skilyrði.
 - Hæfisviðmið og val á kaupanda færsluhirðingarsamninga.
 - Áhrif þjónustusamnings milli samrunaaðila og kaupanda á úrlausn málsins.
 - Skilyrði sem lúta að afmörkun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga.
 - Hlutverk kunnáttumanns.

5. Sala færsluhirðingarsamninga og tengd skilyrði

248. Svo sem framan greinir grundvallast sáttin einkum á því að samrunaaðilar selji verulegt magn færsluhirðingarsamninga úr fórum sínum. Koma skilyrði sáttarinnar er lúta að þessu fram í greinum sáttarinnar nr. 2.1-2.10.
249. Féllust samrunaaðilar á að selja það magn færsluhirðingarsamninga sem Samkeppniseftirlitið gerði kröfu um og endurspeglast það í sáttarskilyrðum. Sala færsluhirðingarsamninganna sem getið er um í gr. 2.2 samsvarar hlutdeild á meginmarkaði málsins sem er meiri en hlutdeild Rapyd á árinu 2021. Ástæða þess að Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að selt yrði meira magn samninga en stóð undir markaðshlutdeild Rapyd er einkum sú að líkur eru á að hluti

⁶⁶ Á þessi nálgun við úrlausn samrunamáls sem lýtur að færsluhirðingarstarfsemi sér fordæmi í nýlegri ákvörðun á vettvangi framkvæmdastjórnar ESB eins og vikið er að hér aftar.



viðskiptavina sem færast yfir til Kviku færi sig aftur til samrunaaðila og til meðallangs tíma skili kaupin á samningunum Kviku því ekki allri þeirri markaðshlutdeild sem þeir standa undir. Einnig var litið til þess í þessu sambandi að vísbendingar eru um að Rapyd og Valitor séu nánir keppinautar og til þess að æskilegt sé að vinna gegn því að sameinað félag verði í markaðsráðandi stöðu.

250. Í skilyrðunum er tryggt að seljandi samninganna geti ekki valið úr þá samninga til sölu sem lakastir gætu talist. Er þannig lagt upp með það í sáttarskilyrðunum að samval seldra samninga sé þverskurður af færsluhirðingarsamningasafni Valitors, m.a. hvað varðar atvinnugreinaskiptingu, stærð söluaðila og framlegð. Meðal verkefna kunnáttumanns sem skipaður skal samkvæmt skilyrðum sáttarinnar, er að gæta að því að rétt hafi verið staðið að vali á samningum sem selja skal úr fórum samrunaaðila.
251. Skilyrðin fela í sér sölu færsluhirðingarsamninga úr fórum Valitors fremur en úr fórum Rapyd, einkum í því skyni að vinna gegn því að starfsmenn Rapyd hafi þegar við gildistöku sáttar allar upplýsingar um þóknakjör í seldum samningum. Í samræmi við þetta er kveðið á um það í sáttinni (e-lið, gr. 4.5) að við gildistöku skuli viðkvæmar viðskiptaupplýsingar varðandi hið selda, sem eru í kerfum Valitors, gerðar óaðgengilegar starfsmönnum Rapyd og Rapyd Europe hf. áður en þeir fá aðgang að slíkum kerfum Valitors.
252. Samrunaaðilum er óheimilt að kaupa aftur hið selda í a.m.k. tíu ár frá lokum afhendingartímabilsins. Er þetta skilyrði sett til þess að stuðla að því að mótaðgerðirnar hafi varanleg áhrif. Á hinn bóginn er samrunaaðilum heimilt að hefja samkeppni á ný um viðskipti við söluaðila í seldum færsluhirðingarsamningum eftir tiltekinn tíma sem um ríkir trúnaður.
253. Komi til þess að söluaðili neiti að samþykkja framsal síns samnings til kaupanda, skuldbinda samrunaaðilar sig til að tryggja að skilyrðin hafi samt sem áður tilskilin áhrif á skipulag meginþjónustumarkaðar málsins með þeim hætti sem tilgreint í gr. 2.7 og 2.8. Þannig býðir þetta m.a. að ef einstakir söluaðilar fallast ekki á að færsluhirðingarþjónusta við þá færist til kaupanda samninganna frá samrunaaðilum, skuli kaupandi geta valið aðra samninga úr fórum samrunaaðila í staðinn. Ef söluaðilar sem samsvara allt að [...]67% af hinu selda hafa fallist á tilfærsluna, skulu samrunaaðilar þó ekki þurfa að leggja til nýja samninga vegna þeirra söluaðila sem ekki fallast á tilfærslu heldur segja upp samningum við þá söluaðila sem út af standa.
254. Tilteknir starfsmenn samrunaaðila fylgja með hinum seldu samningum nema kaupandi óski sérstaklega eftir því að starfsmennirnir fylgi ekki með. Umræddir starfsmenn tilheyra þjónustuteymi sem stofnað er til vegna sáttarinnar og samanstendur af starfsmönnum úr röðum Valitors sem sinna verkefnum sem nauðsynleg eru talin til að viðhalda samkeppnishæfni hins selda.
255. Í grein 2.11 kemur fram skilyrði þar sem hnykkt er á því að þótt samrunaaðilar veiti kaupanda þjónustu á grundvelli greinar 5.1, skuli sjálfstæði kaupanda gagnvart söluaðilum tryggt. Samrunaaðilar skulu til að mynda ekki koma að ákvörðun þóknana sem kaupandi innheimtir fyrir færsluhirðingu frá söluaðilum. Þótt kaupandi verði skráður sem greiðsluliðkandi (e. *Payment facilitator*) hjá kortakerfum á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila, skuli samrunaaðilar tryggja að samningar milli kaupanda og söluaðila um færsluhirðingu krefjist ekki aðildar samrunaaðila, eða annarrar aðkomu sem gæti takmarkað sjálfstæði og samkeppnishæfni kaupanda gagnvart söluaðila eða samrunaaðilum.

⁶⁷ Fellt út vegna trúnaðar.



6. Hæfisviðmið og val á kaupanda færsluhirðingarsamninga

Val á kaupanda

256. Samkvæmt upplýsingum frá Rapyd fólu samrunaaðilar sjálfstæðu ráðgjafafyrirtæki, Stöplum Advisory ehf., að leiða sölufarlið á færsluhirðingarsamningum úr fórum samrunaaðila. Að sögn Rapyd var markmiðið að finna aðila sem gæti keypt hið selda og rekið það áfram með farsælu móti. Leitað var til markaðsaðila sem þóttu líklegir til að hafa áhuga á hinu selda, en einnig voru dæmi um að aðilar hafi sett sig í samband við söluráðgjafa af fyrra bragði.
257. Að sögn Rapyd var stuðst við leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um mótaðgerðir í samrunamálum (e. *EU Remedies Notice*) við mat á hæfi kaupanda. Sérstaklega hafi verið horft til (i) raunverulegs áhuga aðila á innkomu á markaðinn sem verðugur langtímakeppinautur, (ii) hvort aðilinn hefði nauðsynlega innviði og getu til að veita samkeppnishæfa þjónustu, (iii) fjárhagslegs styrks til þess að kaupa þið selda og til að vaxa á markaði til framtíðar, og (iv) hvort aðilinn hefði raunverulegan hvata til að öðlast frekari viðskiptasambönd á markaði málsins og veita öðrum aðilum á markaðnum samkeppnislegan þrýsting. Þá hafi einnig verið horft til þess hvort tilboðsaðilar hefðu leyfi til að starfa sem greiðslustofnun. Var einn aðili, Kvika banki, talinn standa framar öðrum þátttakendum sölufarlisins hvað varðar nauðsynlega kosti til þess að geta hafið samkeppni á markaði málsins og viðhaft samkeppni til frambúðar og var sá aðili valinn til einkaviðræðna.

Hæfisskilyrði í sátt

258. Í sátt Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila eru sett fram tiltekin skilyrði sem kaupandi að færsluhirðingarsamningum úr fórum samrunaaðila þarf að uppfylla. Skilyrðin eru eftirfarandi:
- i. Kaupandi þarf að vera sjálfstæður og ótengdur samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim,
 - ii. Kaupandi þarf að búa yfir nægilegum fjárhagslegum styrk, þekkingu á viðkomandi starfsemi og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkur keppinautur í samkeppni við samrunaaðila og aðra færsluhirða,
 - iii. Kaupandi þarf að vera með nægilega stönduga bakvinnslu og hafa nauðsynleg starfsleyfi⁶⁸ / geta nýtt starfsleyfi útgefið í öðru ríki innan EES-svæðisins til að starfa á Íslandi, **EDA** hafa gert samning við aðila sem er með starfsleyfi sem gerir kaupanda kleift að þjónusta hið selda, og
 - iv. Kaup kaupanda á hinu selda mega hvorki vera líkleg til að skapa ný samkeppnisleg vandamál, né stefna tímanlegri innleiðingu skilyrðanna í hættu, nánar tiltekið verður að mega ætla að kaupandinn hafi eða geti tímanlega aflað nauðsynlegra leyfa frá yfirvöldum vegna kaupanna, eftir því sem þörf er á.

Fordæmi

259. Í nýlegri ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M. 9776 – *Worldline/Ingenico*, koma fram tiltekin söluskilyrði sem kveðið var á um vegna viðkomandi samruna. M.a. var kveðið á um að samrunaaðilar skyldu selja hluta af viðskiptamannasafni sínu í þremur löndum sem fylgja skyldi afmarkaður hópur starfsfólks og viðeigandi gögn og skýrslur um hina framseldu

⁶⁸ Samkvæmt svörum framkvæmdastjórnar ESB við fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins er með nauðsynlegum leyfum í sambærilegu skilyrði í sáttarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, átt við leyfi til þess að starfa sem greiðslustofnun.



viðskiptasamninga. Í ákvörðuninni voru tilteknar kröfur gerðar til kaupanda og eru þær kröfur sem er að finna í sáttinni að mestu leyti samhljóða þeim kaupendakröfum sem fram koma í téðri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

260. *Fyrirvari í sátt*

261. Í 7. gr. sáttar Samkeppniseftirlitsins við Rapyd koma fram fyrirvarar sem þurfa að vera uppfylltir áður en heimilt er að framkvæma samrunann. Annar þessara fyrirvara er að Samkeppniseftirlitið fallist á að Kvika sé hæfur kaupandi. Ein forsenda þess að mati Samkeppniseftirlitsins var sú að Kvika féllist á með gerð sáttar við Samkeppniseftirlitið að færa kaup sín á þjónustu frá samrunaaðilum innan tiltekins tíma til færsluhirðis sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir hérlendis.⁶⁹ Er þetta megininntak sáttar við Samkeppniseftirlitið sem Kvika hefur undirritað. Vikið er nánar að þessu hér aftar.

7. Áhrif þjónustusamnings milli samrunaaðila og kaupanda á úrlausn málsins

262. Meðal þess sem fram kom af hálfu Rapyd í tengslum við upphaflega sáttartillögu félagsins var að sameinað félag myndi selja tilgreindum kaupanda færsluhirðingarsamninga (Kviku) tækniþjónustu um tíma. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins í málinu sneri m.a. að því að meta áhrif þessa samnings á samkeppni, einkum með það fyrir augum að meta hvort kaupandi í slíku viðskiptasambandi við samrunaaðila eftir kaupin gæti talist sjálfstæður keppinautur í framhaldinu sem veitt gæti samrunaaðilum og öðrum keppinautum samkeppnislegt aðhald á markaði fyrir færsluhirðingu. Tengdist þetta þannig mati á því hvort hinn áformaði kaupandi (Kvika) gæti talist hæfur kaupandi að færsluhirðingarsamningunum.

263. Hluti af þeirri þjónustu sem sameinað félag veitir kaupanda felst í því að heimila kaupanda að starfa á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila frá alþjóðlegu greiðslukortakerfunum (Visa og Mastercard) sem greiðsluliðkandi (e. *Payment Facilitator*). Hefur þetta í för með sér að aðalleyfishafinn (sameinað félag) ber ábyrgð gagnvart Visa og Mastercard á því að reglum kortasamtakanna sé fylgt og þarf í því sambandi að sinna tilteknu eftirliti. Eins og nánar er vikið að í umfjöllun hér á eftir, telur Samkeppniseftirlitið þetta fyrirkomulag ekki ásættanlegt nema tímabundið.

264. Samkvæmt fyrirkomulaginu mun kaupandinn einn ákveða verð í samningum við söluaðila fyrir færsluhirðingarþjónustu gagnvart þeim söluaðilum sem kaupandinn er í samningssambandi við, bæði á grundvelli keyþra samninga og síðar gerðra samninga. Þá er gert ráð fyrir að kaupandi sjái um öll samskipti við söluaðila og verði ábyrgur fyrir uppgjöri á fjármunum gagnvart þeim (eftir að samrunaaðilar hafa gert færsluhirta heildarveltu upp við kaupanda). Einnig er gert ráð fyrir að kaupandi beri ábyrgð á framkvæmd áreiðanleikakannanna (e. *Know Your Customer process*) á söluaðilum og framfylgni við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. *Anti-money laundering process*).

265. Draga má saman niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins í þessu sambandi á þann veg að svo framarlega sem tryggt yrði að Kvika færi ein með ákvörðun um þóknarir í samningum við söluaðila, svo framarlega sem Kvika segði upp þjónustusamningnum við sameinað félag innan tiltekins tíma og sendi við annan þjónustuveitanda sem ekki væri umsvifamikill keppinautur á markaðnum um veitingu þessarar þjónustu, og svo framarlega sem ráðist yrði í nauðsynlegar aðgerðir innan sameinaðs félags til að tryggja afmörkun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga á

⁶⁹ Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samningur samrunaaðila við Kviku um veitingu ýmissar þjónustu til bankans eftir afhendingartímabilið, sbr. gr. 5.1 sáttarinnar, samsvari samningi um kaup Kviku á færsluhirðingu á heildsölustigi af samrunaaðilum um tíma.



þjónustutímabilinu, gæti hið tímabundna fyrirkomulag sem tengdist samningnum talist ásættanlegt út frá samkeppnissjónarmiði. Var í þessu sambandi einnig litið til þess að samningurinn stuðlar að öðru óbreyttu að því að yfirfærsla seldra viðskiptasambanda til Kviku gangi hnökralaust fyrir sig og styrki þannig framkvæmd söluskilyrðisins.

266. Í 5. gr. sáttarinnar er gerð grein fyrir þjónustusamningnum og koma þar og í 7. gr. sáttarinnar fram ákvæði sem ætlað er að vinna gegn því að þjónustusamningurinn, sem tekur gildi eftir afhendingu viðskiptasambandanna, leiði af sér samkeppnisleg vandamál.⁷⁰ Eins og fram kemur í 5. gr. verður Kviku gert kleift samkvæmt þjónustusamningnum að starfa á grundvelli aðallega Valitors hjá VISA og MasterCard og tekur sameinað félag (raunar Valitor samkvæmt þjónustusamningnum) að miklu leyti að sér að sinna tæknilegri framkvæmd færsluhirðingar Kviku og fjárhagslegu uppgjöri gagnvart alþjóðlegu kortakerfunum og uppgjöri við Kviku á veltu söluaðila sem heyrar undir Kviku.
267. Svo sem framar greinir féllst Samkeppniseftirlitið ekki á að kaupandi samninganna yrði í slíku viðskiptasambandi við umsvifamesta keppinaut sinn á smásölustigi færsluhirðingarmarkaðar í svo langan tíma sem upphaflega var lagt upp með af hálfu samrunaaðila og kaupanda (Kviku). Í sáttarviðræðum setti Samkeppniseftirlitið þannig fram þá kröfu að Kvika segði upp þjónustusamningnum við samrunaaðila innan tiltekins tíma og færði þjónustukaup sín til annars þjónustuveitanda sem ekki væri umsvifamikill færsluhirðir á Íslandi. Kristallast þessi stytting þjónustukaupatímabilsins í ákvæðum gr. 5.1 og 5.2 sáttarinnar.⁷¹
268. Samhliða gerð sáttarinnar hefur Samkeppniseftirlitið, eins og áður hefur komið fram, gert tengda sátt við Kviku sem felur í sér samsvarandi kvöð um tilfærslu þjónustukaupa Kviku frá samrunaaðilum sem Kvika hefur fallist á.
269. Verður nú nánari grein gerð fyrir ýmsum samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum sem tengjast þjónustusamningnum beint eða óbeint, m.a. mati á áhrifum samningsins á markaðsgerðina og ályktunum sem unnt er að draga af fyrirleggjandi fordæmum innan EES/ESB réttar.

7.1. Mismunandi viðskiptalíkön í færsluhirðingu

270. Við úrlausn málsins hefur Samkeppniseftirlitið stuðst við fordæmisgefandi ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB sem hefur á síðustu árum haft til meðferðar nokkra samruna sem lúta að færsluhirðingarstarfsemi. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.9759 – *Nexi/Intesa Sanpaolo* komu til skoðunar þrenns konar viðskiptalíkön í færsluhirðingu. Í fyrsta lagi beint viðskiptasamband (e. *Direct Model*), þar sem færsluhirðirinn veitir færsluhirðingarþjónustu milliliðalaust til söluaðila. Í öðru lagi óbeint viðskiptasamband (e. *Referral Model*) sem felst í því að færsluhirðirinn veitir færsluhirðingarþjónustu beint til söluaðila sem hafa verið fengnir í viðskipti af bönkum í skiptum fyrir hlutfall af söluaðilaþóknuninni sem færsluhirðirinn ákveður. Loks var um svokallað leyfisfyrirkomulag (e. *Licensing Model*) að ræða sem felst í því að færsluhirðirinn veitir færsluhirðingarþjónustu til banka sem síðan veita hana söluaðilum, mögulega í vendlu með annarri fjármálaþjónustu. Í þessu fyrirkomulagi á færsluhirðirinn í samningssambandi við bankann sem á síðan í viðskiptasambandi við söluaðila og ákveður söluaðilaþóknunina. Í ákvörðuninni vísaði framkvæmdastjórnin til þessa síðastnefnda fyrirkomulags sem heildsölufærsluhirðingar en vísaði til hinna tveggja útfærslunnanna sem smásölufærsluhirðingar.

⁷⁰ Afhendingartímabilið stendur yfir frá gildistöku sáttar uns yfirfærslu viðskiptasambandanna sem felast í hinum seldu færsluhirðingarsamningnum er lokið

⁷¹ Um tímafrestina ríkir trúnaður og eru þeir því ekki birtir í opinberri ákvörðun eða tengdum opinberum tilkynningum um niðurstöðu málsins. Veittur var lengri frestur til að færa flóknari viðskiptasambönd en önnur viðskiptasambönd.



271. Í ákvörðuninni komst framkvæmdastjórnin því að þeirri niðurstöðu að rétt væri að líta á heildsölufærsluhirðingu og smásölufærsluhirðingu sem aðgreinda undirmarkaði í ítölsku samhengi. Í því sambandi var litið til þess að bankinn ræður verðlagningu þjónustunnar til söluaðila í tilviki heildsölufærsluhirðingar. Þá var einnig litið til þess að meirihluti færsluhirða töldu samninga á milli heildsölufærsluhirðis og smásölufærsluhirðis ekki fela í sér einkaviðskiptasamband (e. *exclusive relationship*) ásamt því að sumir færsluhirðar á Ítalíu starfa aðeins á heildsölustigi, t.d. SIA.
272. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur þjónustusamningurinn milli samrunaaðila og Kvikú í sér áþekkt fyrirkomulag og það sem nefnt er leyfisfyrirkomulag í ákvörðun M.9759 – *Nexi/Intesa Sanpaolo*. Þannig getur sú þjónusta sem lagt er upp með að sameinað félag veiti Kvikú eftir afhendingartímabilið talist heildsölufærsluhirðing og að Kvikú muni starfa með sjálfstæðum hætti á smásölustigi færsluhirðingar. Svo að Kvikú geti talist sjálfstæður keppinautur á smásölustigi í slíku viðskiptasambandi verður Kvikú að fara ein með verðákvörðunarvald í samningum við söluaðila. Eins og áður er getið er lagt upp með að Kvikú starfi sem greiðsluliðkandi undir aðalleggjum sameinaðs félags en samkvæmt framangreindu má sameinað félag ekki eiga neina aðkomu að ákvörðun um verðlagningu í samningum Kvikú við söluaðila eftir afhendingu seldra samninga og í samningum sem Kvikú gerir við nýja söluaðila. Gerði Samkeppniseftirlitið kröfu um það að í þjónustusamningi sameinaðs félags við Kvikú skyldi þetta vera tilgreint sérstaklega og var það gert. Þá hafa ekki komið fram nein gögn sem bent gætu til að til staðar sé takmörkun sem hindrar að Kvikú geti samið við aðra færsluhirða um sambærilega þjónustu á heildsölustigi samhliða kaupum á þessari þjónustu af sameinuðu félagi.
273. Við mat á tillögum samrunaaðila að sátt tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu í innlendum eða erlendum reglum að Kvikú geti uppfyllt framangreint hlutverk sem keppinautur á smásölustigi samhliða kaupum á færsluhirðingarþjónustu á heildsölustigi um tíma af samrunaaðilum. Í þessu sambandi ber að líta svo á að með undirritun sáttar við Samkeppniseftirlitið hafi Kvikú staðfest að ekkert sé þessu til fyrirstöðu að mati bankans. Þá hafa samrunaaðilar fullyrt og fært fyrir því rök, studd gögnum sem Samkeppniseftirlitið kallaði eftir, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að Kvikú geti rækt hlutverk sitt sem sjálfstæður keppinautur á markaðnum.
274. [...]⁷²
275. [...]⁷³
276. [...]⁷⁴
277. [...]⁷⁵
278. [...]⁷⁶
279. [...]⁷⁷
280. [...]⁷⁸

⁷² Felld út vegna trúnaðar.

⁷³ Felld út vegna trúnaðar.

⁷⁴ Felld út vegna trúnaðar.

⁷⁵ Felld út vegna trúnaðar.

⁷⁶ Felld út vegna trúnaðar.

⁷⁷ Felld út vegna trúnaðar.

⁷⁸ Felld út vegna trúnaðar.



281. Samkvæmt framangreindu skiptir það sköpum svo unnt sé að líta á Kviku sem sjálfstæðan keppinaut að bankinn fari einn með ákvarðanatöku um verðlagningu í samningum við söluaðila (án aðkomu aðalleyfishafans) og að eðli viðskiptasambandsins milli Kviku og sameinaðs félags sé ekki einkaviðskiptasamband (e. *exclusive relationship*). Að öðrum kosti væri nærtækt að líta svo á að Kvika væri aðeins dreifingaraðili á færsluhirðingu aðalleyfishafans, þ.e. sameinaðs félags.⁷⁹

7.2. Áhrif þjónustusamningsins á markaði máls

282. Eins og framan greinir telur Samkeppniseftirlitið, með hliðsjón af því sem fram hefur komið varðandi færsluhirðingu á heildsölustigi í nýlegum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, að viðskiptasambandið milli Kviku og sameinaðs félags, á grundvelli þjónustusamningsins, samsvari kaupum Kviku á færsluhirðingu á heildsölustigi. Á þetta við um alla færsluhirðingarsamninga sem kaupandi kaupir af samrunaaðilum og gerir síðar við aðra söluaðila. Getur Kvika á þessum grundvelli talist sjálfstæður þjónustuveitandi á smásölustigi færsluhirðingar að því tilskyldu að bankinn fari einn með ákvörðunarvald um þóknunir í samningum við söluaðila. Þetta þýðir m.a. að [...] ⁸⁰
283. Aðgreindur markaður fyrir færsluhirðingu á heildsölustigi hefur hingað til ekki verið fyrir hendi hérlendis en með þessum þjónustusamningi mætti líta svo á, að mati Samkeppniseftirlitsins, að slíkur aðgreindur markaður verði til sem greinist frá smásölustigi færsluhirðingar. Í þessu sambandi ber þó að líta til þess að í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.9776 - *Worldline/Ingenico*, kemur fram í „schedule“ hluta sáttar í málinu að kaupandi hins selda skuli á grundvelli tímabundins þjónustufyrirkomulags hafa val um að njóta margvíslegrar þjónustu frá samrunaaðilum í talsvert langan tíma eftir lúkningu sölu á tilteknum eignum, einkum færsluhirðingarsamningum, úr fórum samrunaaðila og átti kaupandi jafnframt kost á að starfa tímabundið undir kortakerfaleyfum samrunaaðila.⁸¹ Í ljósi þessa fordæmis mætti líta svo á að þjónustusamningurinn milli samrunaaðila og Kviku feli aðeins í sér millibilsástand uns viðskiptasamböndin eru yfirfærð til endanlegs þjónustuveitanda (á heildsölustigi) eða Kvika aftar sér eigin aðalleyfa.
284. Ef tekið yrdi mið af áætlaðri færsluhirtri veltu sem þjónustusamningnum fylgir, má gera ráð fyrir að sameinað félag öðlist yfirburðastöðu á sviði færsluhirðingar á heildsölustigi hérlendis. Á hinn bóginn ber á það að líta að heildsölustig markaðarins var ekki fyrir hendi áður en samruninn átti sér stað og er gildistími þjónustusamningsins þrengdur verulega með ákvæðum sáttarinnar. Er hér því ekki um varanlega breytingu að ræða heldur aðeins tímabundna stöðu sem markvisst er unnið gegn að geti valdið samkeppnisröskun með þeim ákvæðum sem gilda samkvæmt sáttinni um m.a. afmörkun viðkvæmra trúnaðarupplýsinga innan sameinaðs félags á þjónustutímabilinu.

⁷⁹ Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli M.9776 – *Worldline/Ingenico* leit framkvæmdastjórnin svo á að ekki væri tilefni til að telja heildsölufærsluhirðingu sem aðgreindan markað og færði veltu vegna viðskiptasambanda smásölþjónustuaðila, sem keyptu heildsölufærsluhirðingu af færsluhirðum (m.a. af samrunaaðilunum í því máli), undir markaðshlutdeild viðkomandi færsluhirða en ekki smásölþjónustuaðilanna. Þannig var litið svo á að bankar í samningssambandi við færsluhirða á viðkomandi mörkuðum störfuðu ekki sjálfstætt á smásölustigi því bankarnir fóru ekki með sjálfstætt verðákvörðunarvald í færsluhirðingarsamningum við söluaðila.

⁸⁰ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸¹ Sú þjónusta sem talin er upp í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í þessu sambandi er eftirfarandi: „*Transaction processing i.e. technical processing of transaction, namely authorization, clearing and settlement; ii. customer and acquirer servicing (such as the call center or fraud handling); iii. continued technical product management i.e. evolution of the technical processing and servicing platform functionalities for market demands and readiness for regulatory and scheme compliance.*“; „*Scheme licenses and payment institution licenses...*“; *Other functions as might be reasonably necessary to facilitate the transition, such as an interim license to use the trademark at the option of the Purchaser(s)*“



8. Skilyrði er lúta að afmörkun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga

285. Hér á eftir verður rakið í meginatriðum hvaða skilyrði gilda til að tryggja að sameinað félag öðlist ekki samkeppnisforskot, hvort sem er á grundvelli upplýsinga sem það hefur um hina seldu samninga eða á grundvelli upplýsinga sem það öðlast á grundvelli hins tímabundna þjónustusamnings.

8.1. Helstu ákvæði er lúta að fyrirkomulagi á afhendingartímabili

286. Í gr. 4 koma fram ýmis ákvæði er lúta að framkvæmd og fyrirkomulagi á hinu svonefnda afhendingartímabili sem stendur yfir í 9 mánuði frá gildistöku sáttar. Í gr. 4.1-4.3 koma fram ýmis ákvæði sem ætlað er m.a. að tryggja að hnökralausa yfirfærslu viðskiptasambandanna til kaupanda. eru þessi ákvæði bæði kaupanda og söluaðilum til hagsbóta.

287. Í greinum 4.4 og 4.5 er kveðið á um tilteknar aðgerðir sem ætlað er að tryggja sem best afmörkun viðkvæmra viðskiptaupplýsinga sem varða hina keyptu samninga og starfsemi kaupanda á afhendingartímabilinu svonefnda sem stendur yfir í 9 mánuði frá gildistöku sáttar og lýtur að því tímabili sem það tekur að yfirfæra hin seldu viðskiptasambönd til kaupanda (Kviku).

288. Á afhendingartímabilinu ber samrunaaðilum þannig m.a. skylda til að tryggja að hinum seldu samningum sé haldið aðgreindum frá rekstri samrunaaðila og tryggja, nema annað sé beinlínis leyft samkvæmt skilyrðunum, að stjórnendur og annað starfsfólk samrunaaðila hafi enga aðkomu að hinum seldu samningum (að öðru leyti en gerð er krafa um samkvæmt sáttinni).

289. Þá er sérstöku teymi starfsmanna („lykilstarfsmenn“) úr röðum Valitors falið að annast samskipti við kaupanda og söluaðila og færast teymið yfir til kaupanda, ásamt hinum seldu samningum nema kaupandi óski sérstaklega eftir því að starfsmennirnir fylgi ekki með. Er þessu teymi óheimilt að koma að öðrum rekstri eða þjónustu sem tengist samningum á meginþjónustumarkaði málsins sem ekki eru hluti af hinu selda. Aðeins þetta teymi, þ.e. „lykilstarfsmenn“, skal hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilabóknanir og önnur kjör hinna seldu samninga á afhendingartímabilinu. Kveðið er á um að lykilstarfsmenn skuli starfa í afmörkuðu vinnurými sem skuli aðskilið í húsnæði frá öðrum vinnurýmum (kínamúrar) og undirrita trúnaðaryfirlýsingar til að tryggja að upplýsingar berist ekki frá þeim til annarra starfsmanna samrunaaðila.

290. Til viðbótar við lykilstarfsmenn skal einungis teymi sérvalinna starfsmanna úr röðum Valitors, svonefndir „sérvaldir starfsmenn“, fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hina seldu samninga til að tryggja óslitinn rekstur hins selda á afhendingartímabilinu (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitaefni). Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og er óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með aðilum sem eru hvorki lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn.

291. Starfsmenn samrunaaðila sem hvorki eru lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hina seldu samninga. Þá er m.a. kveðið á um að samrunaaðilar tryggi að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar (svo sem um söluaðilabóknanir og önnur viðskiptakjör) varðandi hið selda, sem eru í kerfum Valitors við gildistöku, verði gerðar óaðgengilegar starfsmönnum Rapyd og Rapyd Europe áður en þeir fá aðgang að slíkum kerfum Valitors.



292. Þá er sérstaklega kveðið á um að Rapyd sé óheimilt að nýta aðstöðu sína m.t.t. aðgangs að hinu selda og upplýsingum um hið selda í eigin þágu. Þetta felur m.a. í sér að Rapyd er óheimilt að vinna eða safna upplýsingum og gögnum um hið selda, eða tengdum upplýsingum og gögnum, í eigin þágu.

8.2. Helstu ákvæði er lúta að fyrirkomulagi á þjónustusamningstímabilinu

293. Í grein 5.1-5.3 er rakið í nokkrum atriðum hvað felst í þjónustusamningnum og tilgreint hversu lengi sameinuðu félagi er heimilt að veita kaupanda þá þjónustu sem um ræðir. Einnig er uppsagnarfrestur tilgreindur.

294. Samrunaaðilum er gert að tryggja að framkvæmdar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að eftir afhendingu hins selda öðlist samrunaaðilar ekki samkeppnisforskot á grundvelli upplýsinga um rekstur kaupanda vegna framkvæmdar þjónustusamningsins. Eru þær ráðstafanir síðan raktar sem um ræðir.

295. Kveðið er á um að söluteymi Valitors vegna færsluhirðingarþjónustu fyrir söluaðila með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi (sala á vörum og/eða þjónustu á Íslandi) skuli við fyrsta tækifæri, þó eigi síðar en innan þriggja mánaða frá gildistöku, tilheyra starfssviði („Rapyd Iceland“) sem aðskilið verði frá öðrum starfssviðum samrunaaðila. Rapyd Iceland skal móta viðskiptastefnu sína með sjálfstæðum hætti og taka ákvarðanir um verð og önnur kjör til söluaðila og annan sölurekstur. Rapyd Iceland skal starfa í eigin vinnurými og einungis hafa takmarkaðan aðgang að tölvukerfum samrunaaðila, nánar tiltekið mun Rapyd Iceland einungis hafa aðgang að upplýsingum um þá söluaðila sem ekki færast yfir til kaupanda.

296. Þá er kveðið á um upplýsingaaðgang afmarkaðs hóps starfsmanna samrunaaðila („kaupendateymi“) sem falið er að annast að öllu leyti bein samskipti við kaupanda á tímabili þjónustusamningsins. Þessi afmarkaði hópur starfsmanna skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem tengist þjónustu samrunaaðila við kaupanda til að tryggja fulla þjónustu við hann samkvæmt þjónustusamningnum.

297. Meðlimir kaupendateymisins verða að undirrita trúnaðaryfirlýsingu og er óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með starfsmönnum samrunaaðila sem ekki eru hluti af kaupendateymi. Þá skal kaupendateymið ekki fá neinar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og kjör á milli kaupanda og söluaðila, frekar en aðrir starfsmenn samrunaaðila eftir afhendingu hinna seldu samninga.

298. Hinum svonefndu sérvöldu starfsmönnum, sem getið var um hér að framan í umfjöllun um þjónustu á afhendingartímabilinu, er falið að sjá um nauðsynlega stoðþjónustu til að tryggja að þjónusta við kaupanda sé í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins. Þessir starfsmenn skulu einungis hafa aðgang að afmörkuðum hluta tölvukerfis Valitors á þjónustutímabilinu, þ.e. í hverju tilviki í samræmi við starfsskyldur viðkomandi starfsmanns. Þannig skulu sérvaldir starfsmenn einungis hafa takmarkaðan aðgang að upplýsingum sem tengjast þjónustunni fyrir kaupanda (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitaefni).

299. Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og vera óheimilt að deila þeim brotakenndu upplýsingum sem þeir fá aðgang að í samræmi við starfsskyldur sínar, með öðrum starfsmönnum samrunaaðila en kaupendateymi.



300. Aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem að framan eru tilgreindir sem viðtakendur trúnaðarupplýsinga (í heild eða hluta) skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hið selda eftir afhendingu.
301. Tryggt skal með notkun viðeigandi aðgangsstýringa að aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem heimild hafa til aðgangs að trúnaðarupplýsingum hafi ekki aðgang að neinum trúnaðarupplýsingum varðandi hið selda eftir afhendingu. Þá skal tryggt að sérvaldir starfsmenn hafi eingöngu takmarkaðan aðgang að tölvukerfum til samræmis við starfsskyldur viðkomandi.
302. Loks er samrunaaðilum gert skylt að setja innri reglur sem kveða á um þann aðskilnað sem rakinn hefur verið hér að framan. Skulu reglurnar liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2022 og kynntar Samkeppniseftirlitinu.
303. Samkeppniseftirlitið telur að þrátt fyrir að bakvinnslustarfsmönnum þeim sem um ræðir í þessu sambandi sé ekki gert að starfa í aðskildum rýmum, þá sé ekki nauðsynlegt að ganga lengra en hér er gert m.t.t. aðskilnaðar þar sem gildistími þjónustusamningsins hefur verið stytur verulega og á grundvelli þess að verulegar upplýsingar liggja þegar fyrir um hina seldu samninga og þar með viðskiptasamböndin innan sameinaðs félags.

9. Óháður kunnáttumaður

304. Í 6. gr. sáttarinnar koma fram ákvæði er lúta að skipun og eftirlitshlutverki svonefnds óháðs kunnáttumans. Í greininni er þannig kveðið á um að Rapyd skuli tilnefna óháðan kunnáttumann til að sinna eftirliti með því að ákvæði sáttarinnar séu virt. Rapyd skal afhenda Samkeppniseftirlitinu til samþykkis eða synjunar nafn eða nöfn þeirra einstaklinga eða lögaðila sem Rapyd leggur til að verði skipaður í starf óháðs kunnáttumans.
305. Verði tillögu um óháðan kunnáttumann hafnað af Samkeppniseftirlitinu, skal það tilnefna einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila innan viku frá því að fyrri tillögu var hafnað. Samrunaaðilar skulu fá færi á að tjá sig um tilnefnda aðila en ekki er þörf á samþykki þeirra fyrir skipun kunnáttumans samkvæmt þessu ákvæði. Þessi mögulega tilnefning Samkeppniseftirlitsins á óháðum kunnáttumanni er nýbreytni sem er innleidd er til að tryggja að sá sem valinn verður til starfsins búi bæði yfir nauðsynlegri þekkingu og óhæði til að gegna starfinu.
306. Rapyd er skylt samkvæmt sáttinni að tryggja að hinn óháði kunnáttumaður njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt eftirlit sitt með árangursríkum og trúverðugum hætti. Skal óháður kunnáttumaður m.a. hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til þess að framkvæma eftirlit sitt.
307. Í gr. 6.6 sáttarinnar eru taldar upp skyldur og störf kunnáttumansins á afhendingartímabilinu sem lúta m.a. að eftirliti með því að framkvæmd söluskyldunnar, sbr. gr. 2.3 og 2.4., og eftirliti með því að tilhlýðileg afmörkun sé á milli þar til skilgreindra hópa starfsmanna og annarra starfsmanna í samræmi við það sem kveðið er á um í gr. 4.
308. Í gr. 6.7 er kveðið á um að hinn óháði kunnáttumaður afhendi Samkeppniseftirlitinu skriflega skýrslu fyrir lok hvers árs sem innhaldi upplýsingar um:
 - a) Hvort samrunaaðilar hafi virt skuldbindingar um að afla ekki að nýju þeirra viðskipta-sambanda sem eru hluti hins selda, sbr. grein 2.9.



- b) Hvort samrunaaðilar hafi virt ákvæði greina er lúta þjónustusamningnum. Í því sambandi skiptir mestu eftirlit með því að þeirri afmörkun og aðskilnaði sem kveðið er á um í ákvæðum gr. 5.4 sé framfylgt.
 - c) Hvort samrunaaðilar hafi almennt virt skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningnum á gildistíma hans, með hliðsjón af skyldum samrunaaðila samkvæmt sáttinni og markmiðinu um að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni. Í þessu sambandi er meginmarkmiðið að tryggja að sameinað félag uppfylli þjónustuskuldur sínar gagnvart kaupanda svo að hann geti boðið samkeppnishæfa þjónustu.
 - d) Að öðru leyti hvort samrunaaðilar hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt sáttinni og hvort hún hafi náð markmiði sínu.
309. Í gr. 6.8 er kveðið á um að hinn óháði kunnáttumaður skuli jafnframt hafa eftirlit með því að kaupandi framfylgi þeim skilyrðum sem kaupandi hefur gengist undir með sátt við Samkeppniseftirlitið. Á það m.a. við um skyldu kaupanda til þess að færa þjónustu sína vegna færsluhirðingar frá sameinuðu fyrirtæki innan tilgreindra tímamarka. Þetta ákvæði vísar í samhliða sátt sem Samkeppniseftirlitið hefur gert við Kvikú sem er einkum ætlað að tryggja tilfærslu Kvikú til annars þjónustuveitanda sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á íslenska markaðnum.

10. Fyrirvarar og niðurstaða um hæfi kaupanda

310. Samkvæmt gr. 7 í sáttinni er framkvæmd samrunans háð tveimur fyrirvörum. Verður hér gerð grein fyrir þeim og niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um hæfi kaupanda.
311. Annars vegar er samkvæmt a-lið gr. 7 óheimilt að framkvæma samrunann nema Kvikú hafi verið metin hæfur kaupandi að færsluhirðingarsamningunum. Hér hefur lykilþýðingu að Kvikú hefur þegar undirgengist tiltekin skilyrði með undirritun samhliða sáttar við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna á færsluhirðingarsamningunum. Samkvæmt sáttinni skuldbindur Kvikú sig m.a. til þess að færa þjónustukaup sín frá samrunaaðilum innan tiltekins tíma til annars þjónustuveitanda (aðalleyfishafa) sem ekki er umsvifamikill færsluhirðir á Íslandi. Eru dagsetningar í þessu sambandi speglaðar í sáttinni við Rapyd í gr. 5.1 og 5.2.
312. Hins vegar er samkvæmt b-lið gr. 7 óheimilt að framkvæma samrunann nema tryggt sé með tilteknum hætti að ekkert sé því til fyrirstöðu að að Kvikú geti starfað með sjálfstæðum hætti sem keppinautur á smásölustigi þrátt fyrir að starfa á grundvelli aðalleyfis samrunaaðila og kaupa af þeim þjónustu sem Samkeppniseftirlitið telur að feli í sér kaup á færsluhirðingu á heildsölustigi. Þessi fyrirvari hefur því áhrif á mat Samkeppniseftirlitsins á hæfi Kvikú sem kaupanda samkvæmt a-lið gr. 7.
313. [...] ⁸²
314. [...] ⁸³
315. [...] ⁸⁴

⁸² Felld út vegna trúnaðar.

⁸³ Felld út vegna trúnaðar.

⁸⁴ Felld út vegna trúnaðar.



316. [...] ⁸⁵ Á þeim grundvelli telur Samkeppniseftirlitið að fyrirvari b-liðar 7. gr. sé uppfylltur. Komi til þess að Samkeppniseftirlitið heimili Kviku að reka færsluhirðingarstarfsemi sína í dótturfélagi [...] ⁸⁶
317. Með vísan til alls framangreinds, og nánari umfjöllunar í aðgreindri samrunaákvörðun vegna kaupa Kviku á færsluhirðingarsamningum úr fórum Valitors, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Kvika sé hæfur kaupandi að færsluhirðingarsamningunum sem kveðið er á um í 2. gr. sáttarinnar að skuli seldir. ⁸⁷

⁸⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸⁷ Samrunaákvörðun vegna kaupa Kviku á færsluhirðingarsamningum úr fórum Valitors verður birt innan skamms.



VI. Ákvörðunarorð

„Kaup Rapyd Financial Network (2016) Ltd. („Rapyd“) á öllu hlutafé Valitors hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Meðferð málsins lauk með sátt Rapyd við Samkeppniseftirlitið sem báðir aðilar höfðu lokið við að undirrita 13. apríl 2022. Þeim skilyrðum sem felast í sáttinni er ætlað að eyða þeim skaðlegu áhrifum samrunans á samkeppni sem ella myndu hljótast af samrunanum.

Eins og fram kemur í gr. 7 í sáttinni er óheimilt að framkvæma samrunann nema tilteknum fyrirvörum sé fullnægt. Að teknu tilliti til þess telur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til frekari íhlutunar en þeirrar sem skilyrði sáttarinnar fela í sér.

Sáttin er svohljóðandi:

Með vísan til 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 („samkeppnislög“) undirgengst Rapyd Financial Network (2016) Ltd., skráð í Ísrael með skráningarnúmer 515410439, og með skráð aðsetur að 121 Menachem Begin St., Tel Aviv, Ísrael („Rapyd“) eftirfarandi skilyrði („skilyrðin“) gagnvart Samkeppniseftirlitinu með það fyrir augum að leysa með fullnægjandi hætti samkeppnisleg vandamál sem annars kynnu að hljótast af samruna Valitor hf., kt. 500683-0589, Dalshrauni 3, 220 Hafnafjörður („Valitor“) og Rapyd („samruninn“). Í þessari sátt verður vísað til Rapyd, Rapyd Europe hf. („Rapyd Europe“) og Valitor sameiginlega sem „samrunaaðila“.

1. Skilgreiningar

1.1 Að því er varðar skilyrðin hafa eftirfarandi hugtök þá þýðingu sem hér er getið:

Afhending: Yfirfærsla á eignarhaldi yfir hinu selda til kaupanda.

Afhendingartímabilið: Hefur þá þýðingu sem fram kemur í grein 4.2.

Færsluhirðing: Felur í meginatriðum í sér þjónustu sem gerir söluaðila kleift að taka við greiðslukortum sem greiðslu í viðskiptum og tryggir að söluaðili fái andvirði þess sem greitt er fyrir með greiðslukorti gert upp við sig.

Færsluhirðingavinnsla: Tæknilegt vinnsluferli viðskiptafærslna út frá söluaðilahlið viðskiptanna sem felur í sér kerfislega færsluvísun til úrvinnsluaðila útgefanda og færsluheimildarathugunar. Færsluhirðar geta ýmist sinnt þessum verkþætti sjálfir eða útvistað honum.

Færsluhirðingarsamningur: Samningur við söluaðila um færsluhirðingu.

Gildistaka: Sá dagur sem Samkeppniseftirlitið samþykkir samrunann með skilyrðum.

Hagsmunaárekstur: Hagsmunaárekstur sem skerðir hlutleysi og sjálfstæði óháðs kunnáttumanns við störf hans samkvæmt skilyrðunum.

Hið selda: Eins og hugtakið er skilgreint í grein 2.2 og samrunaaðilar skuldbinda sig til að selja.



Íslenskur söluaðili: Söluaðili með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi (sala á vörum og/eða þjónustu á Íslandi).

Kaupandi/kaupendur: Aðili/aðilar sem Samkeppniseftirlitið samþykkir sem kaupanda/kaupendur að hinu selda, í samræmi við skilyrði greinar 3.1.

Kaupendateymi: Afmarkaður hópur starfsmanna samrunaaðila sem (i) sér að öllu leyti um bein samskipti við kaupanda á tímabili þjónustusamnings og (ii) hefur aðgang að öllum upplýsingum sem tengist þjónustu samrunaaðila við kaupanda, til að tryggja fulla þjónustu við kaupanda að hinu selda samkvæmt þjónustusamningnum.

Kortakerfisleyfi: Leyfi frá viðkomandi kortakerfi.

Lykilstarfsmenn: Þjónustuteymi starfsmanna úr röðum Valitor sem nauðsynlegt er til að viðhalda samkeppnishæfni hins selda.

Meginþjónustumarkaður málsins: Markaðurinn fyrir færsluhirðingu hjá íslenskum söluaðilum sem tekur til færsluhirðingar netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum og til færsluhirðingar á sölustað á Íslandi.

Óháður kunnáttumaður: Einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem eru samþykktir af Samkeppniseftirlitinu og skipaðir til að fylgjast með því að samrunaaðilar fylgi þeim skilyrðum og skyldum sem koma fram í sátt við Samkeppniseftirlitið vegna samrunans. Óhæði kunnáttumanns felst í því að hann hefur ekki hagsmunatengsl við samrunaaðila, s.s. sem stjórnarmaður, starfsmaður, ráðgjafi, maki framangreindra aðila eða náinn vinur þeirra.

Sérvaldir starfsmenn: Teymi sérvaldra starfsmanna samrunaaðila, sem afmarkað verður í samráði við Samkeppniseftirlitið, sem mun fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hina seldu samninga til að tryggja óslitinn rekstur hins selda á afhendingartímabilinu og samkvæmt þjónustusamningi, í samræmi við skilyrðin.

Tengd félög: Fyrirtæki undir yfirráðum samrunaaðila og/eða móðurfélaga samrunaaðila skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Trúnaðarupplýsingar: Viðskiptaleyndarmál, viðskiptaupplýsingar eða aðrar upplýsingar sem ekki eru aðgengilegar almenningi.

Viðkomandi kortakerfi: Alþjóðlegu kortakerfin, Mastercard Inc. og Visa Inc., sem samrunaaðilar eru aðalleyfishafar hjá.

Yfirfærslutímabilið: Hefst eigi síðar en (i) sex mánuðum fyrir lok tímabils samkvæmt grein 5.1 eða (ii) 30 dögum áður en uppsögn þjónustusamningsins tekur gildi, og lýkur þegar allir þjónustuþættir samkvæmt þjónustusamningnum hafa verið færðir frá Valitor.

Þjónustusamningurinn: Hefur þá þýðingu sem fram kemur í grein 5.1.

2. Lýsing skilyrðanna

- 2.1 Til þess að tryggja að samruninn samrýmist samkeppnislögum undirgangast samrunaaðilar skilyrði sem fela einkum í sér sölu á fjölþættu safni færsluhirðingarsamninga úr fórum samrunaaðila til hæfs kaupanda/hæfra kaupenda.



2.2 Hið selda mun innihalda eftirfarandi („**hið selda**“):

- Samningar milli Valitor og íslenskra söluaðila um færsluhirðingu á sölustað á Íslandi og færsluhirðingu netviðskipta með uppgjöri í íslenskum krónum (ISK), ásamt samsvarandi gögnum og skráum um söluaðila; og
- Lykilstarfsmenn, nema kaupandi óski sérstaklega eftir því að starfsmennirnir fylgi ekki með.

2.3 Sala færsluhirðingarsamninganna sem getið er um í gr. 2.2 skal fela í sér framsal færsluhirðingarsamninga við söluaðila á meginþjónustumarkaði málsins, sem samanlagt stóðu undir [...] ⁸⁸ milljarða króna færsluhirtri veltu á árinu 2021.

2.4 Í því skyni að stuðla að því að til verði nýr og sterkur samkeppnisaðili skal hið selda samanstanda af fjölbreyttu safni færsluhirðingarsamninga. Hið selda skal þannig samanstanda af safni færsluhirðingarsamninga sem hefur sambærilega eiginleika og núverandi viðskiptamannasafn Valitor á markaði málsins, þ.e. hvað stærðar- og atvinnugreinadreifingu söluaðila varðar, svo og hvað varðar meðalframlegð samninga. Þá verður notast við hlutlæga mælikvarða við ákvörðun hins selda, með það fyrir augum að tryggja hæfum kaupanda styrk og áðurnefnda fjölbreytni.

2.5 Samrunaaðilum skal óheimilt að kaupa aftur hið selda í a.m.k. tíu ár frá lokum afhendingartímabilsins.

Tilfærsla söluaðila

2.6 Komi til þess að söluaðili neiti að samþykkja framsal síns samnings til kaupanda, skuldbinda samrunaaðilar sig til að tryggja að skilyrðin hafi samt sem áður tilskilin áhrif á skipulag meginþjónustumarkaðar málsins með eftirfarandi hætti.

2.7 Ef minna en [...] ⁸⁹% af hinu selda verður framselt til kaupanda við afhendingu (eða afhendingu síðasta hluta hins selda, eigi afhending sér stað í fleiri skrefum en einu), vegna tilviks skv. grein 2.6, skuldbinda samrunaaðilar sig til þess framselja annan eða aðra sambærilega samninga (út frá færsluhirtri veltu og framlegð). Val á söluaðila verður á valdi kaupanda til þess að tryggja áfram hlutlægni í afmörkun safnsins sem tilheyrir hinu selda.

2.8 Ef [...] ⁹⁰% eða meira af hinu selda hefur yfirferst við afhendingu (eða afhendingu síðasta hluta hins selda, eigi afhending sér stað í fleiri skrefum en einu), vegna tilviks skv. grein 2.6, skuldbinda samrunaaðilar sig til þess að segja upp eða afla uppsagnar, í samræmi við lagaleg skilyrði og samningsskuldbindingar, færsluhirðingarsamningum [...] ⁹¹, þ.e.a.s. við þá söluaðila sem nema [...] ⁹²% af hinum seldu samningum, og falla undir grein 2.6.

Bann við enduröflun söluaðila

2.9 Til þess að stuðla að viðvarandi áhrifum skilyrðanna, skulu samrunaaðilar, [...] ⁹³, hvorki öðlast bein né óbein yfirráð (skilgreind skv. 2. mgr. 17. gr. samkeppnislaga) yfir hinu

⁸⁸ Felld út vegna trúnaðar.

⁸⁹ Felld út vegna trúnaðar.

⁹⁰ Felld út vegna trúnaðar.

⁹¹ Felld út vegna trúnaðar.

⁹² Felld út vegna trúnaðar.

⁹³ Felld út vegna trúnaðar.



selda, í heild eða að hluta. Þá skulu þeir sérstaklega (i) gefa sölumönnum fyrirmæli um að hafa ekki beint samband við og (ii) gera ekki færsluhirðingarsamninga við söluaðila sem eru hluti af hinu selda. Framangreint á ekki við ef samrunaaðilar leggja fram rökstudda beiðni til Samkeppniseftirlitsins og það kemst að þeirri niðurstöðu að markaðsgerðin hafi breyst með slíkum hætti að bann við yferráðum yfir seldum færsluhirðingarsamningum við söluaðila, að hluta eða í heild, sem samrunaaðilar vilja gera færsluhirðingarsamning við, sé ekki lengur nauðsynlegt í því skyni að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans.

Bann við endurráðningu lykilstarfsmanna

- 2.10 Samrunaaðilar skuldbinda sig, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, til að endurráða ekki og tryggja að tengd félög ráði ekki, lykilstarfsmenn sem kunna að fylgja hinu selda [...] ⁹⁴.

Sjálfstæði kaupanda gagnvart söluaðilum

- 2.11 Komi til þess að samrunaaðilar veiti kaupanda þjónustu á grundvelli greinar 5.1, skulu samrunaaðilar tryggja sjálfstæði kaupanda gagnvart söluaðilum. Samrunaaðilar skulu til að mynda ekki koma að ákvörðun þóknana sem kaupandi innheimtir fyrir færsluhirðingu frá söluaðilum. Þótt kaupandi verði skráður sem greiðsluliðkandi (e. *Payment Facilitator*) hjá kortakerfum á grundvelli aðalleyfa samrunaaðila, skulu samrunaaðilar tryggja að samningar milli kaupanda og söluaðila um færsluhirðingu krefjist ekki aðildar samrunaaðila, eða annarrar aðkomu sem gæti takmarkað sjálfstæði og samkeppnishæfni kaupanda gagnvart söluaðila eða samrunaaðilum.

3. Kröfur til kaupanda/kaupenda

- 3.1 Val á kaupanda/kaupendum er háð samþykki Samkeppniseftirlitsins og því að hver kaupandi uppfylli neðangreind skilyrði (sameiginlega „**kaupandakröfur**“):
- Kaupandi skal vera sjálfstæður og ótengdur samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim;
 - Kaupandi skal búa yfir nægilegum fjárhagslegum styrk, þekkingu á viðkomandi starfsemi, og hvata til að viðhalda og þróa hið selda sem virkur keppinautur í samkeppni við samrunaaðila og aðra færsluhirða;
 - Kaupandi skal vera með nægilega stönduga bakvinnslu og hafa nauðsynleg starfsleyfi/geta nýtt starfsleyfi útgefið í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins til starfa á Íslandi; **EÐA** skal hafa gert samning við aðila sem er með starfsleyfi sem gerir kaupanda kleift að þjónusta hið selda; og
 - Kaup kaupanda á hinu selda mega hvorki vera líkleg til að skapa ný samkeppnisleg vandamál, né stefna tímanlegri innleiðingu skilyrðanna í hættu. Nánar tiltekið, verður að mega ætla að kaupandinn hafi eða geti tímanlega aflað nauðsynlegra leyfa frá yfirvöldum vegna kaupanna, eftir því sem þörf er á.

⁹⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



4. Tengd skilyrði: skuldbindingar frá gildistöku til afhendingar hins selda

Varðveiting á rekstrarhæfi, markaðshæfni og samkeppnishæfni

- 4.1 Afhendingu hins selda frá samrunaaðilum til kaupanda skal lokið með fullnægjandi yfirfærslu samninga og að öðru leyti í samræmi við skilyrði sáttarinnar, eigi síðar en 9 mánuðum frá gildistöku þessarar sáttar.
- 4.2 Frá gildistöku til afhendingar hins selda (hér eftir einnig nefnt „**afhendingartímabilið**“), skuldbinda samrunaaðilar sig til að varðveita eða sjá til þess að varðveitt verði rekstrarhæfi, markaðshæfni og samkeppnishæfni hins selda, í samræmi við góða viðskiptahætti, og þar með skal lágmarka, eins og kostur er, hættu á að samkeppnishæfni hins selda rýrni á tímabilinu. Sérstaklega skuldbinda samrunaaðilar sig til að:
- gera engar ráðstafanir sem gætu haft skaðleg áhrif á verðmæti eða samkeppnishæfni hins selda, eða sem gæti breytt eðli og umfangi starfseminnar;
 - að útvega, eða sjá til þess að útveguð verði, viðhlítandi og nægileg aðföng til að þróa hið selda í samræmi við fyrirliggjandi viðskiptaáætlanir; og
 - að gripa til allra tilhlýðilegra ráðstafana, eða sjá til þess að gripið sé til allra tilhlýðilegra ráðstafana, til að lykilstarfsmenn hafi hvata til að starfa við að þjónusta hið selda, og tryggja að lykilstarfsmenn verði ekki ráðnir eða færðir til annarra starfssviða. Samrunaaðilar skulu, ef lykilstarfsmenn hætta engu að síður að þjónusta hinn selda rekstur í samræmi við skilmála þessarar sáttar, leggja fram rökstudda tillögu til Samkeppniseftirlitsins um að skipta viðkomandi út fyrir annan starfsmann Valitor. Samrunaaðilar verða að geta sýnt Samkeppniseftirlitinu fram á að áformaður nýr lykilstarfsmaður sé fær um að sinna þeim störfum sem fyrri lykilstarfsmaðurinn sinnti eða átti að sinna.

Samningur um þjónustu á afhendingartímabilinu

- 4.3 Með það að markmiði að tryggja hnökralausa afhendingu hins selda, skuldbinda samrunaaðilar sig til að veita kaupanda tiltekna þjónustu á afhendingartímabilinu. Þannig verður gerður sérstakur samningur um þjónustu á afhendingartímabilinu, til viðbótar við þann þjónustusamning sem um getur í 5. kafla sáttar þessarar. Samningurinn um þjónustu á afhendingartímabilinu varðar eftirfarandi þjónustubætti, á kostnað og að vali kaupanda, og skal samningurinn gilda í allt að 9 mánuði frá gildistöku:
- færsluhirðingu, þjónustu við söluaðila og tæknilega aðstoð;
 - nýtingu á kortakerfisleyfum samrunaaðila hjá viðkomandi kortakerfum og greiðslustofnunarleyfi þeirra fyrir rekstur á hinu selda; og
 - önnur atriði sem kunna að teljast nauðsynleg vegna yfirfærslu hins selda.

Skylda til aðgreiningar á afhendingartímabilinu

- 4.4 Á afhendingartímabilinu ber samrunaaðilum skylda til að tryggja að hinum seldu samningum sé haldið aðgreindum frá rekstri samrunaaðila og tryggja, nema annað sé beinlínis leyft samkvæmt þessum skilyrðum:



- a) að stjórnendur og annað starfsfólk samrunaaðila hafi enga aðkomu að hinum seldu samningum (að öðru leyti en gerð er krafa um samkvæmt þessari sátt); og
- b) að lykilstarfsmenn komi ekki að rekstri samrunaaðila eða þjónustu sem tengist samningum á meginþjónustumarkaði málsins og eru ekki hluti hins selda.

Skjaldborg á afhendingartímabilinu

4.5 Á afhendingartímabilinu ber samrunaaðilum skylda til að tryggja innleiðingu eftirfarandi ráðstafana:

- a) **Lykilstarfsmenn – munu sjá um samskipti við söluaðila fram að afhendingu:**

Einvörðungu lykilstarfsmenn skulu sjá um samskipti við kaupanda og söluaðila, sem færast yfir til kaupanda. Að sama skapi skulu einungis lykilstarfsmenn hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga á afhendingartímabilinu. Gildir þetta jafnt um upplýsingar sem vistaðar eru í tölvukerfum sem og upplýsingar sem er að finna í áþreifanlegum gögnum.

Lykilstarfsmenn skulu starfa í afmörkuðu vinnurými sem skal aðskilið í húsnæði frá öðrum vinnurýmum (kínamúrar) og undirrita trúnaðaryfirlýsingar til að tryggja að upplýsingar berist ekki frá lykilstarfsmönnum til starfsmanna samrunaaðila, sem ekki eru lykilstarfsmenn.

- b) **Sérvaldir starfsmenn - skjaldborg slegið um trúnaðarupplýsingar:**

Til viðbótar við lykilstarfsmenn skal einungis teymi sérvalinna starfsmanna Valitor, sem afmarkað verður í samráði við Samkeppniseftirlitið, („**sérvaldir starfsmenn**“) fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi hina seldu samninga til að tryggja óslitinn rekstur hins selda á afhendingartímabilinu (svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningaþvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitæfni).

Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og vera óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með aðilum sem eru hvorki lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn. Þá skulu sérvaldir starfsmenn að meginreglu ekki hafa aðgang að viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga. Komi til þess af óhjákvæmilegum eða óviðráðanlegum ástæðum að sérvaldir starfsmenn fái viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og önnur kjör hinna seldu samninga tekur framangreind trúnaðarskuldbinding til slíkra upplýsinga.

- c) **Aðrir starfsmenn samrunaaðila – enginn aðgangur að trúnaðarupplýsingum:**

Starfsmenn samrunaaðila sem hvorki eru lykilstarfsmenn né sérvaldir starfsmenn skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hina seldu samninga.

- d) **Upplýsingar um hið selda réttilega aðgreindar:**

Valitor skal heimilt að taka við eða geyma upplýsingar varðandi hið selda á afhendingartímabilinu:

- (i) í samræmi við það sem kveðið er á um í grein 4.5, staflaðum a) og b), og



(ii) vegna upplýsingagjafar sem samrunaaðilum ber skylda til samkvæmt lögum.

Slíkar upplýsingar skulu vera réttilega aðgreindar í samræmi við greinar 4.4 og 4.5 og óheimilt er fyrir samrunaaðila að nýta þær að öðru leyti en að framan greinir.

e) **Viðkvæmar viðskiptaupplýsingar gerðar óaðgengilegar:**

Samrunaaðilar skulu tryggja, og ef þess þarf, innleiða allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar (svo sem um söluaðilapóknar og önnur viðskiptakjör) varðandi hið selda, sem eru í kerfum Valitor við gildistöku, verði gerðar óaðgengilegar starfsmönnum Rapyd og Rapyd Europe áður en þeir fá aðgang að slíkum kerfum Valitor. Í samræmi við þetta skal jafnframt óheimilt að færa slíkar upplýsingar yfir í önnur kerfi ef það leiðir til þess að starfsmenn Rapyd og Rapyd Europe, eða aðrir starfsmenn sem ekki eiga að hafa aðgang að þeim samkvæmt sátt þessari, öðlast aðgang að þeim.

f) Þá skuldbindur Rapyd sig til þess að nýta ekki aðstöðu sína m.t.t. aðgangs að hinu selda og upplýsingum um hið selda í eigin þágu. Þetta felur m.a. í sér að Rapyd er óheimilt að vinna eða safna upplýsingum og gögnum um hið selda, eða tengdum upplýsingum og gögnum, í eigin þágu.

Afhending að hluta

4.6 Eigi afhending á hinu selda sér stað að hluta til telst afhendingartímabilið skv. grein 4.2 frá gildistöku til afhendingar hvers hluta hins selda. Tilvísanir í sátt þessari til afhendingartímabils taka þannig til tímabilsins frá gildistöku til afhendingar, að því er varðar hvern hluta hins selda sem afhentur er.

5. Þjónustusamningur eftir afhendingu

5.1 Að ósk kaupanda, munu samrunaaðilar, [...] ⁹⁵, veita kaupanda tiltekna þjónustu sem felst m.a. í eftirfarandi:

- a) Að Valitor skrái og viðhaldi skráningu kaupanda hjá viðkomandi kortakerfum á grundvelli aðalkeyfis síns, þannig að kaupandi geti veitt söluaðilum færsluhirðingu sem óbeinn aðili að viðkomandi kortakerfi;
- b) Að Valitor veiti kaupanda aðgang að greiðslugátt fyrir færslur á staðnum og forritunarviðmót (e. *Application Programming Interface*) fyrir greiðslugátt vegna netgreiðslna, sem gera kaupanda kleift að nota posatæki eða vefgátt til að koma upplýsingum til viðkomandi kortakerfa, m.a. Visa og Mastercard, til auðkenningar, heimildarumsókna og vegna samþykktra kortafærslna (e. *card based authentications, authorization and captured transactions*);
- c) Að Valitor annist færsluhirðingavinnslu vegna þeirrar færsluhirðingar sem kaupandi veitir söluaðilum; og
- d) Að Valitor geri upp við kaupanda færsluhirta viðskiptaveltu sem tilheyrir söluaðilum kaupanda.

⁹⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



(„þjónustusamningurinn“).

5.2 [...] ⁹⁶.

5.3 Kaupandi skal geta sagt upp þjónustusamningnum, sem er tímabundinn, með [...] ⁹⁷ fyrirvara.

Skjaldborg

5.4 Samrunaaðilar skulu tryggja að framkvæmdar verði allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að eftir afhendingu hins selda öðlist samrunaaðilar ekki samkeppnisforskot á grundvelli upplýsinga um rekstur kaupanda vegna framkvæmdar þjónustusamningsins. Nánar tiltekið skulu samrunaaðilar tryggja innleiðingu eftirfarandi ráðstafana.

a) **Rapyd Iceland** – sölusvið færsluhirðingarþjónustu aðskilið frá öðrum starfssviðum samrunaaðila:

Söluteymi Valitor vegna færsluhirðingarþjónustu fyrir söluaðila með skráð aðsetur og rekstur á Íslandi (sala á vörum og/eða þjónustu á Íslandi) skal við fyrsta tækifæri, þó eigi síðar en innan þriggja mánaða frá gildistöku, tilheyra starfssviði sem aðskilið verður frá öðrum starfssviðum samrunaaðila („**Rapyd Iceland**“).

Rapyd Iceland skal móta viðskiptastefnu sína með sjálfstæðum hætti og taka ákvarðanir um verð og önnur kjör til söluaðila og annan sölurekstur. Rapyd Iceland skal starfa í eigin vinnurými og einungis hafa takmarkaðan aðgang að tölvukerfum samrunaaðila, nánar tiltekið mun Rapyd Iceland einungis hafa aðgang að upplýsingum um þá söluaðila sem ekki færast yfir til kaupanda.

b) **Kaupendateymið** - sér um samskipti við kaupanda á tímabili þjónustusamningsins:

Kaupendateymið skal sjá um öll samskipti við kaupanda fyrir hönd samrunaaðila á gildistíma þjónustusamningsins („**kaupendateymið**“).

Kaupendateymið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem tengjast þjónustu samrunaaðila við kaupanda til að tryggja fulla þjónustu við hann. Sérhver meðlimur kaupendateymis skal undirrita trúnaðaryfirlýsingu og er óheimilt að deila trúnaðarupplýsingum um rekstur kaupanda með starfsmönnum samrunaaðila sem ekki eru hluti af kaupendateymi.

Kaupendateymið fær engar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um söluaðilaþóknarir og kjör á milli kaupanda og söluaðila, frekar en aðrir starfsmenn samrunaaðila eftir afhendingu hinna seldu samninga.

c) **Sérvaldir starfsmenn** - skjaldborg slegið um trúnaðarupplýsingar:

Sérvaldir starfsmenn munu sjá um nauðsynlega stoðþjónustu til að tryggja að þjónusta við kaupanda sé í samræmi við ákvæði þjónustusamningsins.

Sérvaldir starfsmenn skulu einungis hafa aðgang að afmörkuðum hluta tölvukerfis Valitor á þjónustutímabilinu, þ.e. í hverju tilviki í samræmi við starfsskyldur viðkomandi starfsmanns. Þannig skulu sérvaldir starfsmenn einungis hafa takmarkaðan aðgang að upplýsingum sem tengjast þjónustunni fyrir kaupanda

⁹⁶ Felld út vegna trúnaðar.

⁹⁷ Felld út vegna trúnaðar.



(svo sem varðandi (i) bakvinnslu færsluhirðingar, (ii) uppgjör og fjárhagsfærslur, (iii) endurkröfur, (iv) áhættustýringu, eða (v) peningabvættiseftirlit og (vi) lagaleg álitaefni).

Sérvaldir starfsmenn skulu undirrita trúnaðaryfirlýsingu og vera óheimilt að deila þeim brotakenndu upplýsingum sem þeir fá aðgang að í samræmi við starfsskyldur sínar, með öðrum starfsmönnum samrunaaðila en kaupendateymi.

d) **Aðrir starfsmenn samrunaaðila - enginn aðgangur að trúnaðarupplýsingum:**

Aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem tilgreindir eru í sátt þessari sem viðtakendur trúnaðarupplýsinga (í heild eða hluta) skulu engar trúnaðarupplýsingar fá varðandi hið selda eftir afhendingu.

e) **Aðgangsstýringar að tölvukerfum og jaðartækjum:**

Tryggt skal með notkun viðeigandi aðgangsstýringa að aðrir starfsmenn samrunaaðila en þeir sem heimild hafa til aðgangs að trúnaðarupplýsingum hafi ekki aðgang að neinum trúnaðarupplýsingum varðandi hið selda eftir afhendingu.

Þá skal tryggt að sérvaldir starfsmenn hafi eingöngu takmarkaðan aðgang að tölvukerfum til samræmis við starfsskyldur viðkomandi.

f) **Upplýsingar um hið selda réttilega aðgreindar:**

Samrunaaðilum skal heimilt að taka við eða geyma nauðsynlegar upplýsingar varðandi hið selda, (i) í samræmi við það sem kveðið er á í grein 5.4, stafliðum b) og c) eða (ii) vegna upplýsingagjafar sem samrunaaðilum ber skylda til samkvæmt lögum. Slíkar upplýsingar skulu vera réttilega aðgreindar og verndaðar í samræmi við þessa grein 5.4 og óheimilt fyrir samrunaaðila að nýta þær að öðru leyti en að framan greinir.

g) **Hagnýting og misnotkun aðstöðu að öðru leyti:**

Samrunaaðilum er óheimilt að nýta sér aðstöðu sína á grundvelli aðgangs að upplýsingum um hið selda í eigin þágu. Þetta felur m.a. í sér að samrunaaðilum er óheimilt að vinna eða safna upplýsingum og gögnum um hið selda, eða tengdum upplýsingum og gögnum, í eigin þágu.

h) **Verklagsreglur**

Samrunaaðilar skulu setja innri reglur sem kveða á um aðskilnað þann sem fram kemur í þessari grein 5.4. Skulu reglurnar liggja fyrir eigi síðar en 1. september 2022 og kynntar Samkeppniseftirlitinu.

Skuldbindingar samrunaaðila í tengslum við yfirfærslu

5.5 Í því skyni að greiða fyrir því að kaupandi geti veitt söluaðilum í færsluhirðingarviðskiptum hnökralausa þjónustu eftir (i) uppsögn þjónustusamningsins [...] ⁹⁸ og þar til allir færsluhirðingarsamningar hafa verið færðir til nýs þjónustuveitanda, skuldbinda samrunaaðilar sig til eftirfarandi aðgerða í tengslum við yfirfærslu þjónustubátta frá Valitor:

⁹⁸ Fellt út vegna trúnaðar.



- a) Samrunaaðilar skuldbinda sig til að gera engar ráðstafanir sem gætu haft skaðleg áhrif á verðmæti færsluhirðingarsamninga eða samkeppnishæfi kaupanda á yfirfærslutímabilinu. Þá skuldbinda samrunaaðilar sig á yfirfærslutímabilinu til að framfylgja ákvæðum sáttarinnar og tryggja hnökralausa viðskipti fram að afhendingu.
- b) Gera allt sem í sínu valdi stendur til að tryggja hnökralausa yfirfærslu þjónustu-þátta samkvæmt þjónustusamningi frá samrunaaðilum til nýs þjónustuveitanda.
- c) [...] ⁹⁹
- d) Samrunaaðilar skulu tryggja nauðsynlegan mannauð til að sinna yfirfærslunni innan framangreindra tímamarka.

5.6 [...] ¹⁰⁰

6. Óháður kunnáttumaður

- 6.1 Rapyd skal tilnefna óháðan kunnáttumann til að sinna eftirliti með því að ákvæði sáttar þessarar séu virt. Samrunaaðilar skuldbinda sig til að afhenda ekki hið selda að hluta eða heild fyrir en óháður kunnáttumaður hefur verið skipaður.
- 6.2 Óháði kunnáttumaðurinn skal fá greitt frá Rapyd fyrir störf sín á hátt sem hefur hvorki áhrif á sjálfstæði hans eða skilvirkni starfa hans. Skal Rapyd tryggja, eða sjá til þess að tryggt verði, að viðkomandi aðili njóti nægilegra heimilda og sjálfstæðis til þess að geta framkvæmt eftirlit sitt með árangursríkum og trúverðugum hætti. Skal óháður kunnáttumaður m.a. hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem honum eru nauðsynlegar til þess að framkvæma eftirlit sitt.

Tillaga Rapyd

- 6.3 Eigi síðar en viku eftir gildistöku skal Rapyd afhenda Samkeppniseftirlitinu til samþykkis eða synjunar nafn eða nöfn þeirra einstaklinga eða lögaðila sem Rapyd leggur til að verði skipaður í starf óháðs kunnáttumanns.
- 6.4 Verði tillögu um óháðan kunnáttumann hafnað, skal Samkeppniseftirlitið tilnefna einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila innan viku frá því að fyrri tillögu var hafnað. Samrunaaðilar skulu fá færi á að tjá sig um tilnefnda aðila en ekki er þörf á samþykki þeirra fyrir skipun kunnáttumanns samkvæmt þessu ákvæði.

Hlutverk óháðs kunnáttumanns

- 6.5 Óháði kunnáttumaðurinn skal:
 - a) við skipun vera óháður samrunaaðilum og fyrirtækjum tengdum þeim;
 - b) hafa nauðsynlega hæfni og þekkingu að mati Samkeppniseftirlitsins til að sinna starfi sínu; og

⁹⁹ Felld út vegna trúnaðar.

¹⁰⁰ Felld út vegna trúnaðar.



- c) staðfesta að hann telji ekki að hagsmunaárekstrar séu til staðar eða að þeir séu líklegir til að koma upp síðar.
- 6.6 Skyldur og störf óháða kunnáttumannsins verða eftirfarandi á afhendingartímabilinu:
- a) Kanna hvort framkvæmd samrunaaðila samkvæmt gr. 2.3– 2.8 sé í samræmi við ákvæði greinanna.
 - b) Hafa eftirlit með rekstri hins selda frá gildistöku fram að afhendingu, sem aðgreindri og söluhæfri einingu, sbr. 4. kafli.
 - c) Hafa eftirlit með aðskilnaði á milli lykilstarfsmanna hins selda rekstrar og starfsfólks samrunaaðila, sem og fyrirtækja tengdum þeim, sbr. greinar 4.4 og 4.5.
 - d) Hafa eftirlit með því að samrunaaðilar virði ákvæði um skjaldborg, sbr. grein 4.5.
 - e) Afhenda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um ofangreint viku eftir afhendingu hins selda. Fari afhending fram í fleiri en einum hluta skal skýrslu skilað viku eftir afhendingu síðasta hluta hins selda.
- 6.7 Þá skal hinn óháði kunnáttumaður fyrir lok hvers árs afhenda Samkeppniseftirlitinu skriflega skýrslu sem skal innhalda upplýsingar um eftirfarandi:
- a) Hvort samrunaaðilar hafi virt skuldbindingar um að afla ekki að nýju þeirra viðskiptasambanda sem eru hluti hins selda, sbr. grein 2.9.
 - b) Hvort samrunaaðilar hafi virt ákvæði greina 5.2 - 5.4, þ.m.t. síðasta málsliðar greinar 5.2.
 - c) Hvort samrunaaðilar hafi almennt virt skyldur sínar samkvæmt þjónustusamningnum á gildistíma hans, sbr. 5. kafli sáttarinnar, með hliðsjón af skyldum samrunaaðila samkvæmt sátt þessari og markmiðinu um að eyða skaðlegum áhrifum samrunans á samkeppni.
 - d) Að öðru leyti hvort samrunaaðilar hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt sáttinni og hvort hún hafi náð markmiði sínu.
- 6.8 Óháður kunnáttumaður skal jafnframt hafa eftirlit með því að kaupandi framfylgi þeim skilyrðum sem kaupandi hefur gengist undir með sátt við Samkeppniseftirlitið. Á það m.a. við um skyldu kaupanda til þess að færa þjónustu sína vegna færsluhirðingar frá sameinuðu fyrirtæki innan tilgreindra tímamarka.
- 6.9 Óháður kunnáttumaður skal ljúka störfum þegar skuldbindingar um að afla ekki að nýju þeirra viðskiptasambanda sem eru hluti hins selda, sbr. gr. 2.9, eru á enda.

Skipti, lausn og endurskipun óháðs kunnáttumanns

- 6.10 Fáí óháði kunnáttumaðurinn lausn frá störfum sínum samkvæmt sátt þessari, áður en hlutverki hans skv. grein 6.7 lýkur:
- a) Skal Rapyd eins fljótt og auðið er tilnefna, til samþykktar Samkeppniseftirlitsins, a.m.k. tvo aðra mögulega aðila til að taka að sér starf óháðs kunnáttumanns samkvæmt sáttinni;



- b) Samþykki Samkeppniseftirlitið engan þeirra aðila sem Rapyd hefur tilnefnt, skal Samkeppniseftirlitið hafa val um að tilnefna sjálfst aðila í starfið eða óska eftir að Rapyd tilnefni aðra aðila í starfið. Ef Samkeppniseftirlitið tilnefnir sjálfst aðila í starfið, skal Rapyd fá færi á að tjá sig um tilnefnda aðila en ekki er þörf á samþykki þess fyrir skipun kunnáttumanns samkvæmt þessu ákvæði.

7. Fyrirvari um heimild til að framkvæma samrunann

- 7.1 Framkvæmd samrunans er háð eftirtöldum fyrirvörum:
 - a) að Samkeppniseftirlitið samþykki Kviku banka hf. sem hæfan kaupanda að hinu selda; og
 - b) að staðfesting berist frá [...] ^{101 102}

8. Endurskoðun

- 8.1 Samkeppniseftirlitið getur framlengt þær tímasetningar sem kveðið er á um í sáttinni að fenginni rökstuddri beiðni samrunaaðila þar sem sýnt er fram á breyttar aðstæður eða forsendur, eða í viðeigandi tilfellum að eigin frumkvæði.
- 8.2 Samkeppniseftirlitið getur einnig eftir að hafa mótttekið rökstudda beiðni frá samrunaaðilum þar sem sýnt er fram á breyttar aðstæður eða forsendur, fellt úr gildi, breytt, eða skipt út skuldbindingum sem fram koma í sátt þessari.
- 8.3 Að öðru leyti vísast VI. kafla stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. e-f samkeppnislaga.

9. Ýmis ákvæði

- 9.1 Samrunaaðilar skuldbinda sig til að virða í hvívetna samninga þeirra og kaupanda og stuðla þannig að því að kaupandi verði nýr og burðugur keppinautur á færsluhirðingarmarkaði.
- 9.2 Samrunaaðilar skulu tryggja með viðeigandi kynningu og fræðslu um efni sáttarinnar að stjórn og starfsmenn félagsins þekki markmið og efni þessarar sáttar og skuldbindi sig til að starfa eftir henni.
- 9.3 Trúnaðaryfirlýsingar þeirra starfsmanna sem kveðið er á um að þurfi að undirrita samkvæmt sátt þessari skulu liggja fyrir eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að fyrirvörum samkvæmt grein 7 hefur verið fullnægt.
- 9.4 Brot gegn sáttinni varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

¹⁰¹ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁰² Enska: a confirmation being received from [...] * Fellt út vegna trúnaðar.



Páll Gunnar Pálsson